

RÚTUR SKÆRINGUR SIGURJÓNSSON

Öllum áhugamálunum
sinn í einu horninu

heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Allt á einni
hæð

Sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÁSGEIR FRIDGEIRSSON

Var stuðnings-
maður Liverpool

Fagnaði sigri á sínu gamla félagi.

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. febrúar 2008 – 34. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Heath var
háður kókaíni

Ástralski leikarinn
átti við fíkniefna-
vanda að stríða.

FÓLK 25

Vonarstjörnur
þessa árs

Verður Steed Lord
næsta Sprengjuhöllin?

FÓLK 24



Frá upphafi til enda

Kristín Magnússon starfaði í sjávar-
útvegsráðuneytinu frá stofnun
þess árið 1970 og þar til það
var sameinað landbúnaðarráðu-
neytinu nú um áramót.

TÍMAMÓT 16




Stjörnusigur

Stjarnan
byrjar vel eftir
EM-fríð og
sótti góðan
sigur í
Digranesið
gegn HK í gær.

ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



Hvöss norðanátt Úrkoma verður
viða um land og hiti yfir frostmarki
sunnan- og austanlands.

VEDUR 4

Skreið í klukkutíma með opið beinbrot

Karlmaður í vélslæðaferð skreið með opið beinbrot í klukkustund eftir hjálp. Björgunarsveit var í fjölskylduferð í næsta skála og kom manningunni til hjálpar.

SLYS Karlmaður á sextugsaldri skreið fótbrottinn í klukkustund eftir hjálp þegar hann velti vélslæða við Landmannahelli seint í fyrrakvöld. Fyrir tilviljun var Flugbjörgunarsveitin á Hellu í fjölskylduferð í næsta nágrenni, og kom manningunni til aðstoðar. Flogið var með hann til Reykjavíkur þar sem hann gekkst undir aðgerð.

„Maðurinn var í hópi sem gisti í öðrum skála. Að því er ég best veit var hann að keyra seint um kvöldið og velti sledanum yfir sig þannig að hann fótbrotnaði illa,“ segir Svanur Sævar Lárusson, formaður björgunarsveitarinnar. „Hann komst í skálana eftir að hafa skrið-

í klukkutíma eða svo. Við vorum með okkar færa fólki í fyrstu hjálp á staðnum, sem sinni honum.“

Svanur segir manninguna hafa verið illa leikinn og örmagna. Fóturinn hafi brotnað á að minnsta kosti tveimur stöðum, og eitt beinbrotanna opið. Hann hafi ekki getað komið upp orði heldur klórað í ferðafélaga sína til að vekja þá.

Slysið varð um miðnætti og barst tilkynning til lögreglu um klukkan hálf tvö. Því Landhelgisgæslunnar fór í loftið tæpum klukkutíma síðar. Þegar hún hafði nálgast Landmannahelli var veður og skyggni það slæmt að hún gat ekki

lent. Því var ákveðið að keyra slasáða manninn á snjóbil björgunarsveitarinnar að Búrfelli, þar sem þýrlan gat lent. Að því loknu var ekið með hann að þýrlunni, sem lagði af stað til Reykjavíkur um klukkan sjö í gærmorgun.

Maðurinn gekkst undir aðgerð í gær og líður eftir atvikum. Hann var það þrekaður að hann treysti sér ekki til að tala við blaðamenn.

Svanur segir sveitina hafa verið í svokallaðri vetrarferð, þar sem börnum er leyft að koma með til að sjá um hvað björgunarsveitir snúist. Það hafi svo sannarlega tekist, þó að þau hafi flest sofið atburði næturinnar af sér. - sfs / sjá síðu 4



BOLLA, BOLLA Bolludagurinn er í dag en fjölmargir hafa tekið forskot á sæluna og keypt sér bollur undanfarna daga. „Það hefur verið nóg að gera frá því við fengum allar tegundirnar á föstudag og reyndar tóku allnokkrir vel við sér á þriðjudag þegar við fengum smá sýnishorn“ segir Sólborg Guðmundsdóttir, verslunarstjóri Bakameistarans í Glæsibæ. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hólmvíkingar viðskila við ótalmargt á ærlegri skemmtun í félagsheimilinu:

Gleymdi tönnunum á þorrablóti

SKEMMTANIR „Það er ýmislegt sem menn gleyma þegar þeir fara út að skemmta sér,“ segir Jón Jónsson, ritstjóri á strandir.is, um eftirmál þorrablótsins sem haldið var á Hólmavík á laugardagskvöld.

Meðal fjölmargra muna sem gestir skildu eftir sig voru falskar tennur. „Ég hugsa að tennurnar séu komnar til skila núna og held reyndar að menn hafi þósta vita hver átti þær,“ segir Jón.

Tennurnar voru langt í frá einu óskilamunirnir og voru húsverðir í félagsheimilinu fram eftir degi í

gær að afhenda þá eigendum sínum. Jón segir að fólk hafi gleymt töskum, sjólum, jökkum, kápum og höfuðfötum að ógleymdum skóm og sínum.

„Það er óhætt að segja að þetta var feikigott ball. Við vorum með hljómsveitina Kokteil. Hún er skipuð tónlistarmönnum frá Hólmavík og Raufarhöfn sem eru vinabærir. Það er alltaf mikið stuð þegar þeir spila,“ segir Jón. Um mánuði eftir þorrablótið, sem konurnar á Hólmavík sjá um, annast karlarnir mikla göguleði. „Þá hugsa ég að síðustu óskilamunirnir frá þorrablóttinu komist til skila,“ segir Jón Jónsson. - gar

Morðinginn í Pressu:

Kallaður öllum illum nöfnum af bróðursonum

FÓLK Upplýst var í gær hver morðinginn í sjónvarpsþættinum Pressu er. Reyndist það vera fjármálastjóriinn Davíð Ólafsson sem leikinn er af hinum þrítuga Höskuldi Sæmundssyni, starfsmanni Landssambands æskulýðsfélaga. Höskuldur segir að það hafi verið einna erfiðast að þurfa að þegja yfir þessu í það hálfá ár sem liðið er síðan tökm lauk á sjónvarpsþáttaröðinni. „Reyndar komu bróðursynir mínir með þessa kenningu strax eftir þriðja þátt og fóru að kalla frænda sinn öllum illum nöfnum,“ segir Höskuldur. - fgg / sjá síðu 30



LAUGASKARÐ Meðferð klórs hefur verið breytt við sundlauginu í Laugaskarði. MYND/EGILL

Skýrsla Veðimálastofnunar:

Varmá nokkur ár að jafna sig

UMHVERFISMÁL Það mun taka lífríki Varmár í Hveragerði nokkur ár að jafna sig eftir klórlekann mikla sem varð frá sundlauginni í Laugaskarði í nóvember. Þetta mun vera ein af niðurstöðum skýrslu Veðimálastofnunar sem nú er tilbúin og verður gerð opinber síðar í vikunni eftir að bæjarstjórn Hveragerðis hefur kynnt sér innihaldið. Eins og kunnugt er drapst allur fiskur sem var í ánni neðan sundlaugarinnar þegar klórinn lak í ána. Enn er ólökkið rannsókn á botndýrum sem eru hluti fæðu fiskanna í Varmá. - gar



FEBRÚAR 6 tommu bátur **299 kr.** Kafbátur mánaðarins **BMIT** ...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða **SUBWAY**

Mjólk er langbesti kalkgjafi sem völ er á og góð fyrir tennurnar. ms.is

SPURNING DAGSINS



Örn, lestu mikið af hafn-
sögum?

„Nei, ég hafna því alveg.“

Örn Bragason er hafnssögumaður en einnig afar bókhneigður eins og fram kom í greininni Vika í lífi í Fréttablaðinu í gær.



EHUD BARAK VARNARMÁLARÁÐHERRA
Sagðist ætla að sitja áfram til að laga vanda hersins.

NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisstjórn Olmerts örugg:

Barak mun ekki segja af sér

ISRAEL, AP Ehud Barak, varnarmálaráðherra Ísraels, tilkynnti í gær að hann myndi ekki segja af sér í kjölfar gagnrýni á aðkomu hans að stríðinu í Líbanon árið 2006 sem fram kemur í skýrslu sem var birt á miðvikudaginn. Afsögn hans hefði sett ríkisstjórn Ehuds Olmerts forsætisráðherra í uppnám.

Áður en Barak tók við ráðherraembættinu í júní sagðist hann ætla að kalla eftir afsögn Olmerts eða krefjast þess að boðað yrði til kosninga eftir að fyrrgreindri skýrslu yrði skilað.

Í skýrslunni er ríkisstjórnin gagnrýnd fyrir „alvarleg mistök og bresti“ en Olmert sjálfur er að mestu leyti hlífur. - *sdg*

HAFNARFJÖRDUR

Yfir 400 umsóknir um lóðir Bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði bærust alls 438 umsóknir um lausar lóðir á Völlum 7. Alls sóttu 364 um einbýlis- og parhús og 74 lögaðilar sóttu um byggingarrétt fyrir fjölbýli og raðhús.

NORÐURPING

Vilja heilsurækt á Húsavík Sveitarstjórn Norðurlandsvegi hefur skipað þriggja manna starfshóp sem á að skoða möguleika á uppbyggingu aðstöðu fyrir heilsurækt á Húsavík. Hópurinn á að skila tillögum um stærð, staðsetningu og möguleg rekstrarform fyrir 1. apríl.

Egyptar munu hrinda öllum tilraunum til að rjúfa landamæri Gaza og Egyptalands:

Landamærunum lokað á ný

GAZA, AP Landamæravegnum milli Gaza-svæðisins og Egyptalands var lokað í gær af egypskum hermönnum og um leið var bundinn endir á frjálsa færslu Palestínumanna frá Gaza um landamærin frá því þau voru sprengd fyrir tólf dögum. Nokkrum dögum fyrr hafði landamærunum Gaza að Ísrael verið lokað í refsingarskyni fyrir eldflaugaárásir þaðan.

Egyptar munu hrinda öllum tilraunum Palestínumanna til að rjúfa landamærin á ný að sögn talsmanns egypska forsetaembættisins, Suleiman Awwad. „Þetta mun ekki gerast aftur, aldrei.“

Egyptaland er virt ríki, landamæri þess geta ekki verið rofin og hermenn þess eiga ekki að vera grýttir með steinum.“

Awwad skoraði á Evrópusambandið að vinna að lausn á deilu Ísraels og Palestínu um landamæri Gaza. Javier Solana, utanríkisráðgjafi ESB, er staddur í Kaíró í Egyptalandi vegna landamæraðeildunar.

Tugir palestínskra vígamanna þjálfaðir í Íran hafa komist inn á Gaza frá Egyptalandi með eldflaugar og önnur vopn undanfarna daga að því er Yuval Diskin, yfirmaður Shin-Bet öryggisþjónustunnar, greindi ísraelsku ríkis-



SNÚÐ HEIM Egypskir hermenn fylgdust með þegar Palestínumenn sneru aftur til Gaza í gær gegnum eina hlið sem enn er opið á landamærunum.

NORDICPHOTOS/AFP

stjórninni frá í gær þegar hann fór yfir stöðu öryggismála eftir að landamærin voru rofin. - *sdg*

Erill hjá lögreglunni í fyrrið: Tólf fengu að gista fangaklefa

Tólf fengu að gista fangaklefa

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði í nógu að snúast í fyrrið. Alls voru 165 verkefni bókuð frá miðnætti, sem er í meira lagi.

Tólf gistu fangageymslu, meðal annars vegna ölvunar og slagsmála.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni var einn stöðvaður vegna gruns um fíkniefnaakstur, fimm fyrir ölvunarakstur.

Fjórir minni háttar líkamsárásir voru kynntar og fóru fjórir á slysadeild vegna þeirra.

Sex árekstrar urðu um nóttina, en engin alvarleg slys urðu á fólki. - *sps*

Brotið á nágrönnum með bílskúrsleyfinu

Yfirvöld í Kópavogi fóru út fyrir valdmörk og byggðu á röngum forsendum og beittu algerlega óviðunandi rökstuðningi við veitingu byggingarleyfis fyrir bílskúr á lóðamörkum tveggja einbýlishúsa að sögn úrskurðarnefndar.

STJÓRNSÝSLA Leyfi fyrir byggingu bílskúrs á lóðamörkum tveggja einbýlishúsa í Fífuhvammum í Kópavogi hefur verið ógilt af Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Eigandi Fífuhvamms 25 fékk í ágúst í fyrra leyfi skipulagsnefndar Kópavogs til að byggja rúmlega 60 fermetra bílskúr á mörkum lóðar hans og Fífuhvamms 27. Sú heimild var síðan staðfest í bæjarráði. Fimm dögum eftir staðfestinu í bæjarráði kom sama mál inn á borð byggingarnefndar sem einnig veitti leyfi fyrir bílskúrnum. Sú ákvörðun var staðfest af bæjarstjórn.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í september andmæltu hjónin í Fífuhvammum 27 byggingarformunum. Sögðu þau meðal annars að skuggi frá bílskúrnum myndi rýra notkunarmöguleika eignar þeirra og að óhjákvæmlega eignar yrði grafið undan stórum öspum í jaðri lóðar þeirra.

Þegar jarðvegsvinna hófst við bílskúrinn kærðu hjónin til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem stöðvaði fljótlega framkvæmdirnar tímabundið.

Úrskurðarnefndin segir það alls ekki hafa verið á færi skipulagsnefndarinnar að taka umsóknina um byggingarleyfi til meðferðar. „För nefndin þannig úr fyrir valdmörk sín er hún samþykkti umsóknina og vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar,“ segir í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

Hvað byggingarnefndina varðar segir úrskurðarnefndin að leyfisveiting hennar hefði verið órökstudd nema hvað nefndin segði teikningar í samræmi við lög. „Verður að telja þann rökstuðning með öllu óviðunandi,“ segir úrskurðarnefndin.

Reynt var að ná sáttum á málinu,



LÓÐAMÖRKIN Framkvæmdir við bílskúr í Fífuhvammum 25 ögnuðu stórum öspum nágrannanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bæði fyrir og eftir að byggingarleyfið var veitt og kært. „Hefur ítrekað verið fullrytt við starfsmenn úrskurðarnefndarinnar, bæði í símtölum og tölvubréfum að sátt væri komin á milli aðila en sáttumleitunir þessar munu þó allar hafa runnið út í sandinn,“ segir úrskurðarnefndin og vísar jafnframt til þess að bæjaryfirvöld hafi staðið í þeirri trú að samkomulag væri í málinu áður en byggingarleyfið var veitt: „Slíkt samkomulag var hins vegar ekki fyrir hendi og því lágu rangar forsendur til grundvallar niðurstöðu bæjaryfirvalda að þessu leyti. Verður ekki séð að byggingaryfirvöldum hafi verið heimilt að veita leyfi sem óhjákvæmlega hefði í för með sér röskun á lögvörðum eignarréttindum nágranna.“

gardar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Greint var frá bílskúrdeilunni í Fréttablaðinu 1. september.

Samningaviðræður:

Kaupmáttur launa haldist

KIARAMÁL Samningaviðræður Samtaka atvinnulífsins, SA, og Starfsgreinasambandsins halda áfram í dag. Rætt er um að laun hafi hækkað

meira en verðbólgan eftir eitt ár þegar samningurinn á að koma til endurskoðunar. Ef svo verður framleingi hann sjálfkrafa um tvö ár.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að aðalmarkmiðið sé að kaupmáttur launa haldist og ganga þurfi frá ákveðnum útgangspunktum.

Fundað hafi verið með formönnum landssambandanna og stærstu félaga fyrir helgi. Fundarhöld haldi áfram í vikunni. - *ghs*



VILHJÁLmur EGILSSON

Snjódrag á Suðurlandsvegi:

Prír árekstrar á sama blettinum

LÖGREGLUMÁL Þrjár árekstrar urðu á sama blettinum við Eystrimókeldu á Suðurlandsvegi í gær. Enginn slasaðist en tveir bílar eru ókufærir. Öll slysin urðu þegar ökumaður lenti í snjódragi á veginum og missti stjórn á bílnum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi varð fyrsta slysið um klukkan ellefu þegar fólksbíl rann á veginum og lenti á vegrið. Tveimur tímum síðar snerist annar bíll á sama stað og lenti í árekstri við bifreið sem var fyrir aftan hann. Síðasta slysið varð um klukkan fimm þegar fólksbíl snerist í sama farinu og lenti á sama vegrið. - *sps*

Sveitarstjóri telur hnífafund styrkja kenningu um heilagan kaleik í Skipholtskröki:

Hnífur gæti vísað á kaleikinn

FORNMINJAR Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi, segir hnífafund á Kili árið 1990 hugsanlega styrkja þá kenningu að dýrgripir sem svokallaðir Musterisriddarar varðveittu séu faldir í hvelvingu í Skipholtskrök.



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON

„Hnífurinn fannst innan og vestan við Grjótdölu innan við Mosfell. Einmitt á þeim stað þar sem góð yfirsýn er yfir sunnanverðan Skipholtskrök, þar sem hvelvingin er talin vera. Þar gæti hafa staðið varðmaður til þess að fylgjast með staðnum,“ skrifar Ísólfur í pistli á heimasíðu Hrunamannahrepps. Sveitarstjórnin gaf heimild til leitar að leynihvelvingu í Skipholtskrök. Þar telur ítalskur fræðimaður að meðal annars sé falinn hinn heilagi kaleikur úr síðustu kvöldmáltíð Krists. „Gianvarlo Gianazza hefur lagt fram mjög trúverðugar kenningar hvað þetta varðar,“ segir Ísólfur og bendir á að þótt reynt hafi verið að útrýma Musterisriddurum í Evrópu hafi þeir meðal annars flúið til



HNÍFURINN Fannst nærri meintri leynihvelvingu.

Skotlands. „Þeir gættu áfram leyndardóma reglna sinna og kenningar eru um að hluti af þessum leyndardómum þeirra sé ef til vill geymdur í Skipholtskröki,“ skrifar Ísólfur og bætir við. „Hinn forni hnífur sem fannst í einni af fjallferðum Hrunamanna, skammt frá þessum stað, rennir ef til vill enn frekari stöðum undir þessar kenningar.“ - *gar*

Réttur dagsins



Hakkbollur í súrsætri sósu

998 kr.

Verð áður 1.218,-

MIKIÐ ÚRVAL AF TILBÚNUM
RÉTTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN

Þrjár leiðir á stærsta skemmtistað í heimi.

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum sima-
tilboðum hjá Nova!


Sony Ericsson
W910i
38.900 kr./stgr.

Útborgun
14.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun fylgir!

NOKIA
6120
Útborgun
0 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun fylgir!

24.000 kr./stgr.



NOKIA
E51

Útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun fylgir!

28.900 kr./stgr.

Þessir farsímar og margir fleiri á frábæru tilboði hjá Nova.
2.000 kr. notkun fylgir í áskrift og frelsi!

**Internetið
í símann
fylgir frítt!**
Gullpakinn 990 kr./mán.
fylgir frítt til 1. júní 2008!

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lág múla og Smáralind | Þjónustuver 519 1919

www.nova.is

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,52	64,82
Sterlingspund	128,43	129,05
Evra	95,97	96,51
Dönsk króna	12,873	12,949
Norsk króna	11,957	12,027
Sænsk króna	10,139	10,199
Japanskt jen	0,6062	0,6098

SDR	102,83	103,45
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,1138
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Staða sveitarstjóra í Borgarfjarðarhreppi er enn laus þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar:

Lítill áhugi á sveitarstjórastöðu fyrir austan

STJÓRNMÁL Enginn hefur sótt um stöðu sveitarstjóra í Borgarfjarðarhreppi sem auglýst hefur verið frá 17. janúar síðastliðnum. „Það hefur enginn áhugi verið sýndur enda ekki slegist um þessa stöðu í svona litlu sveitarfélagi,“ segir Steinn Eiríksson sem nú gegnir stöðunni. „Enda eru launin engin sérstök gulrót í þessu sambandi en þau erum um helmingur eða einn þriðji af því sem óreyndur viðskiptafræðingur myndi sætta sig við.“

Steinn á og rekur fyrirtækið Álfastein í Borgarfirði eystri sem framleiðir legsteina, listmuni úr grjóti, nytjalistarmuni og fleira.

„Þetta er hörku rekstur og það gengur ekki til lengdar að vera sveitarstjóri, sem reyndar kallar á fullt starf, og líka vera á fullu í rekstri. En sveitarstjórastaðan er í raun mikið starf og að mörgu leyti mun flóknara hér en í stærri sveitarfélögum. Í stærri sveitarfélögum eru til staðar alls konar undirmenn sem geta leyst úr ýmsu en hér verður sveitarstjórinn að koma sér vel inn í öll mál og kunna skila á öllu, hann þarf eiginlega að vera alltmúligmann.“

Steinn segir að hann muni sitja uns eftirmaður hans finnst. „Ég trúi ekki öðru en að hann finnst, í raun er þetta mjög skemmtilegt

starf og það myndi í raun henta mjög vel fyrir einhvern vel menntaðan og metnaðargjarnan mann, jafnvel að sunnan, sem langar í mjög svo mikilvæga reynslu. Hann myndi fá góða reynslu af stjórnsýslunni.“

Hann segir að sveitungar séu ekki farnir að ræða um neinn líklegan eftirmann. „Ef það væri einhver á svæðinu sem sýndi þessu áhuga og hefði eitthvað í starfið að gera þá væri hann ráðinn en hér fór fram óhlutbundin kosning sem þýðir að hér voru kosnir einstaklingar en ekki flokkar til valda svo pólitískin ætti ekkert að flækja þetta fyrir eftirmanninum.“ -jse



STEINN EIRÍKSSON Er kominn á kaf í rekstur og lætur því sveitarstjórastólinn af hendi.



FÁLKINN KROPPAR Í FÝL Það er lítið ætílegt eftir af fylnum. MYND/ÓSKAR

Fálkinn gæfi í Eyjum:

Umsetinn forvitnum peyjum

DÝRALÍF Fálkinn gæfi sem gæddi sér á fýl við höfnina í Vestmannaeyjum í fyrradag var umsetinn forvitnum Eyjamönnum þegar hann tók aftur til matar síns á sama stað í gær.

Mikil bílaumferð var hjá fálkanum og stoppuðu margir til að kíkja á hann. Fólk fór í allt að tveggja metra færi við fálkann til að taka af honum myndir en hann kipti sér ekki upp við það. -jse

Sveitarfélagin:

Andvíg lengra námi leikskólakennara

SVEITARSTJÓRNARMÁL Samband íslenskra sveitarfélaga hefur miklar efasemdir um lengingu kennaranáms. Sambandið gagnrýnir sérstaklega áform um lengingu leikskólakennaranáms og vill að menntunarkröfur til leikskólakennara verði óbreyttar. „Sú breyting er lítt rökstudd í frumvarpinu,“ segir í umsögn sambandsins til menntamálanefndar Alþingis.

Aðeins þriðjungur leikskólastarfsmanna hefur leikskólakennaramenntun. Brýnna verkefni er „að fjölga menntuðum leikskólakennurum en að auka menntunarkröfur til þeirra sem útskrifast úr leikskólakennaranámi.“ -ghs

Skreið fótbotinn fram á flugbjörgunarsveit

Heppnin var með karlmanni sem velti vélsleða við Landmannahelli í fyrrakvöld. Hann skreið fótbotinn eftir hjálp og fann fyrir björgunarsveit í fjölskylduferð. Ekki í fyrsta sinn sem fjölskylduferð breytist í björgunaraðgerð, segir formaður.

SLYS „Þetta er nýmóðins hjá sveitinni, við ákváðum að fara í vetrarferð um helgina og leyfðum börnunum að koma með,“ segir Svanur Sævar Lárússon, formaður flugbjörgunarsveitarinnar Helli. „Meðal annars svo þau gætu séð um hvað þetta snýst — af hverju við foreldrarinn erum aldrei heima.“

Karlmaður á sextugsaldri, sem velti vélsleða við Landmannahelli seint í fyrrakvöld, skreið fótbotinn í klukkustund aftur í skálann þar sem hann og ferðafélagarnir gistu og lét vita af sér. Fyrir tilviljun var björgunarsveitin í fjölskylduferðinni í næsta nágrenni.

Flogið var með manninn á Borgarspítalann í Reykjavík, þar sem hann gekkst undir aðgerð.

Svanur segir manninn hafa verið illa brotinn þegar hann kom



FLUGBJÖRGUNARSVEITIN Á HELLU Kom manni sem skreið hafði særður í klukkustund til bjargar. Sveitin var í fjölskylduferð í næsta skála. MYND/FLUGBJÖRGUNARSVEITIN HELLU

aftur í skálana, og hafi ekki getað komið upp orði vegna örmöggunar. Hann hafi klórað í ferðafélaga sína til að vekja þá.

„Það vildi svo vel til að við vorum með hjúkrunarfræðing, sjúkraliða og allt okkar færaasta fólk í fyrstu hjálp til staðar,“ segir Svanur, sem stýrði aðgerðinni úr stjórnstöð. Hann segir tólf manns hafa tekið þátt í henni á vegum sveitarinnar.

Kallað var á þyrlu Landhelgisgæslunnar um klukkan hálf tvö, en þegar hún nálgadist Landmannahelli kom í ljós að hún gat ekki lent þar vegna slæms skyggis og veðurs. Því var ákveðið að þyrlan lenti við Búrfell, og þangað skyldi ekið með manninn á snjóbil björgunarsveitarinnar.

Á meðan flutningurinn var undirbúinn óku björgunarsveitar-

menn að þyrlunni á vélsleða, sóttu lækni sem var um borð og fóru með hann til mannsins. Þetta gerðu þeir svo hægt væri að lina sársauka hans með verkjalyfjum. Þyrlan lagði síðan af stað til Reykjavíkur um klukkan sjö í gærmorgun.

Jónas Hvannberg, læknir á vakt á bæklunardeild, segir líðan mannsins eftir atvikum.

Þótt ótrúlegt megi virðast er þetta ekki í fyrsta skiptið sem fjölskylduferð Flugbjörgunarsveitarinnar Helli breytist skyndilega í björgunaraðgerð. „Eitt sumarið fyrir nokkrum árum vorum við í svipaðri ferð inni á hálendinu þegar bíll valt í næsta nágrenni. Þá þurfti að keyra viðkomandi með sjúkrahúli til byggða,“ segir Svanur.

salvar@frettabladid.is



BORIS TADIC OG TOMISLAV NIKOLIC Báðir frambjóðendurnir hafa lýst yfir að þeir séu andsnúnir sjálfstæði Kosovo-héraðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tengsl til vesturs eða austurs: Kosið í Serbíu

SERBÍA, AP Forsetakosningar fóru fram í Serbíu í gær og eru tengsl Serbíu til vesturs eða austurs talin velta á úrslitunum.

Núverandi forseti, Boris Tadic, þykir hallur undir vesturveldin meðan keppinautur hans, Tomislav Nikolic, vill styrkja tengslin við Rússland.

Margir serbneskir íbúar Kosovo-héraðs álíta kosningarnar stefnumarkandi fyrir framtíð héraðsins. Albanski meirihlutinn vill sjálfstæði héraðsins frá Serbíu. -sdg

Fjarskipti á Húnaflóa:

GSM-samband á Ströndum

FJARSKIPTI Langdrægur GSM-sendir á Steinnýjarstaðafjalli ofan við Skagaströnd hefur valdið byltingu í útbreiðslu GSM-sambands á Ströndum og á Húnaflóa segir á strandir.is

„Sendirinn dregur 100 kílómetra í sjónlínu, en ennþá er eftir að finnstilla sendinguna og mæla útbreiðsluna,“ segir á strandir.is. „Enn sem komið er geta viðskiptavinir Vodafone einir notað þjónustuna, en það hlýtur að teljast ótrúlegt og óviðunandi ef Síminn bíður lengi með að semja um aðgang að dreifingu Vodafone á þeim svæðum sem þeirra kerfi nær ekki til.“ -gar

LANDSBANKIÐ SIMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAD

Landshósti
Landshósti
Landshósti

Landshósti

VEÐURSPÁ

um hádegi »

á morgun

miðvikudagur

um hádegi »

Kaupmannahöfn 4°C rigning	London 7°C rigning	Eindhoven 6°C skúrir
Billund 3°C bjart	Paris 5°C bjart	Basel 2°C skúrir
Oslo 1°C el	Frankfurt 4°C skjáð	Alicante 16°C skúrir
Stokkhólmur 3°C skúrir	Friedrichshafen 3°C skúrir	Róm 14°C bjart
Gautaborg 3°C bjart	Berlin 4°C skúrir	Las Palmas 19°C skúrir

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Ég hlakka til þess **mánaðarlega**

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlegar vaxtagreiðslur. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laus til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

Fiton/SIA



DÚX

Hæsta einkunn í ánægjuvög fjármálafyrirtækja



SPARISJÓÐURINN

www.spar.is



Ert þú bjartsýn(n) á efnahags-horfur á Íslandi?

Já	47%
Nei	53%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Notar þú þriðju kynslóðar (3G) farsímatekni?

Segðu skoðun þína á visir.is



Á árunum 1998 til 2006 létust 27 vegna svefns og þreytu ökumanns við akstur: Leggðu þig í fimmtán mínútur

SAMGÖNGUR Ökumaður sem finnur fyrir syfju við akstur á að leggja bílnum á öruggum stað og leggja sig í fimmtán mínútur eða svo. Þannig stórmennkar hann líkurnar á að sofna undir stýri og valda slysi. Þetta er megininntakið í herferð Umferðarstofu gegn syfju og akstri, og var meðal umræðuefna á málþingi í síðustu viku.

„Það þekkja þetta margir, ef maður er mjög þreyttur en þarf samt að vera vakandi þá tekur tiltölulega stuttan tíma að hlaða batteríin,“ segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa. „Þetta virkar vel á flesta, að leggja sig í stutta

stund þegar þreytan segir til sín við akstur.“

Ágúst var meðal fyrirlesara á málþinginu, sem fór fram á Grand Hóteli. Í máli hans kom fram að frá 1998 til 2006 létust 27 manns í 21 slysi, sem má að einhverju eða öllu leyti rekja til svefns og þreytu ökumanns. „Þetta er umtalsverður fjöldi, og þriðja til fjórða aðalorsök umferðarslysa.“

Að lokum bendir Ágúst á mikilvægi þess að farþegi haldi sér vakandi og haldi ökumanninum félagsskap. „Við höfum tekið eftir að það er meiri hætta á að ökumaðurinn sofi ef farþegi er líka sofandi. Ef fólk er að fara í lang-



BILVELTA Formaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa segir svefn og þreytu undir stýri vera þriðju til fjórðu aðalorsök umferðarslysa. Myndin er sviðsett.

MYND/EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

ferð þá er mikilvægt að skipuleggja ferðina með tilliti til þess hvað það hefur sofið lengi.“ - sfs

Mótmæli breyttust í óeirðir: Öfgasinnar slógust í Aþenu

GRIKKLAND, AP Óeirðir brutust út í Aþenu á laugardaginn þegar öfgasinnuðum vinstriðingjum lenti saman við öfgasinnuðum hægrimenn, sem safnast höfðu saman í borginni. Að minnsta kosti þrjú slósuðust í óeirðunum. Óeirðalögregla skarst í leikinn og beitti tárágasi og vegatálmum til að hemja fólk.

Hægrimennirnir, úr samtökunum Hrysi Avgi, eða Gullinni dagrenningu, söfnuðust saman til að minnsta fallinna hermanna úr átökum Grikkja við Tyrki árið 1996. Vinstriðingirnir mótmæltu samkomunni. Hóparnir köstuðu meðal annars grjóti hvor í annan og kveiktu í rusli.

- sh



Hóþferðir

Hópadeild Iceland Express gerir hópum, 11 manns og fleiri, tilboð í allar gerðir hóþferða til áfangastaða flugfélagsins.

Kynntu þér kostina í síma 5 500 600 eða á www.icelandexpress.is/hopar

Iceland Express með ánægju

www.icelandexpress.is

Evrutenging launa er viss evruvæðing

Hundruð starfsmanna Marels eiga kost á evrutengdum launum. Ekki komið til tals hjá okkur þótt það sé í kröfugerð ASÍ, segir formaður BHM. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar segir vissa evruvæðingu vera í gangi hjá sumum fyrirtækjum.

KJARAMÁL Marel byrjar að borga evrutengd laun 15. mars í samræmi við rammasamkomulag sem gert hefur verið við trúnaðarmannaráð fyrirtækisins. Starfsmenn, sem hafa starfað hjá Marel í sex mánuði geta óskað eftir því að fá 10-40 prósent fastra launa í evrum og er fyrirtækið skuldbundið að bregðast við því innan fjörutíu daga. Samningarnir verða endurskoðaðir árlega.

Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir evrutengd laun vera athyglisverða þróun og að mörg álítaefni komi upp.

„Ákveðin evruvæðing er greinilega í gangi hjá sumum fyrirtækjum. Hvernig spilar þetta inn í kjarasamninga í framtíðinni? Verða menn að taka tillit til þessa við gerð kjarasamninga? Munu aðrir krefjast þess sama? Tíminn einn leiðir þetta í ljós. Mér finnst líka umhugsunarvert hvort tveir ólíkir hópar launafólks eru að myndast í landinu, einn sem fær greitt í erlendum gjaldmiðli og annar hópur sem fær greitt í íslenskum krónum,“ segir Gunnar.

Hjá Marel verða launin greidd í samræmi við gengi evrunnar á fyrsta degi hvers mánaðar. Þeir sem gera samning fyrir næstu mánaðamót fá greitt í samræmi við það 15. mars.

Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marels, segir að launin séu evrutengd því að íslenskir bankar gefi ekki kost á því að greiða í evrum en vonandi verði það einhvern tímann í framtíðinni. Evrutengdu launin séu fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við erlend hús-



KANNA MÁLIÐ VEL Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marels, ráðleggur starfsmönnum að kanna vel hvort evrutenging henti sér.



JÓN SIGURÐSSON

SAMNINGUR BREYTTI ENGU

Ymis fyrirtæki gefa kost á evrutengdum launum. Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir að starfsmenn geti tengt allt að helming launa sinna við erlendan gjaldmiðil og tíu prósent hafi tekið þennan kost frá áramótum. Þeir tengi að meðaltali tuttugu prósent launa við annan gjaldmiðil, yfirleitt evru. „Út frá þröngum hagsmunum fyrirtækisins hentar það okkur betur að borga fólk í erlendum gjaldmiðli því að við gerum upp í erlendum gjaldmiðli. Krónan er ekki rekstrargjaldmiðil fyrirtækisins,“ segir hann. „Við erum komnir í þetta. Þó það væri gerður samningur þá væri það engin breyting fyrir okkur.“ - ghs

næðisla starfsmanna. Þetta henti ekki öllum og því ráðleggi fyrirtækið starfsmönnum að fara vel yfir málið með þjónustufulltrúa sínum til að kanna hvort það henti hverjum og einum.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, segir að aldreifi hafi komið til tals að gera þá kröfu til íslenska ríkisins að evrutengja laun þó að það sé inni í kröfugerð

á almennum vinnumarkaði. „Ég geri mér ekki grein fyrir því hversu algeng svona myntkörfu-lán eru en vafalaust eru einhverjir ríkisstafsmenn með þau eins og aðrir,“ segir hún. „Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni.“

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri vildi ekki tjá sig um málið.

ghs@frettabladid.is

+ ÞAÐ Á AÐ BURSTA TENNURNAR TVISVAR Á DAG!

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður



www.lyfja.is

LANDSBANKINN SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNIÐ

Landsbankinn

Super Tuesday eftir Super Bowl



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
skrifar frá Flórída

Áhugi Bandaríkjamanna á stjórnmálum og íþróttum rann saman í eitt í gær. Á meðan fjölmiðlar hituðu landsmenn upp fyrir úrslitaleikinn í NFL, Super Bowl, hituðu frambjóðendur demókrata og repúblikana stuðningsmenn sína upp á fjölmönnum kosningafundum víða um land.

Stundum er sagt að aðeins lítil hluti Bandaríkjamanna hafi áhuga og taki þátt í pólitískri umræðu. Í því sambandi er oft nefnt að fólk þurfi að skrúta sig sérstaklega til að komast á kjörskrá. Hins vegar verður að segja að allt iðar af pólitík hér í San Francisco.

Á matsöslustöðum í fyrrakvöld mátti víða heyra nöfn eins og Hillary, Obama og McCain poppa upp í gegnum niðinn. Á börum varð ég var við hávægar deilur um frambjóðendur. Fyrir utan morgunverðarstað við Powell-stræti í gærmorgun stóð maður með „kjósið Obama“ skilti.

Obama sagði í viðtali á CNN í gær að úrslitin réðust varla hjá demókrötum á þriðjudaginn þegar kosið verður í 22 ríkjum Bandaríkjanna. Dagurinn er kallaður Super Tuesday.

Flestir eru sammála um að Hillary hafi forskot og Obama sagði sjálfur að hún væri enn betur þekkt en hann víða um land. Á kosningafundi Hillary á föstudaginn voru um fimm þúsund fundargestir. Fólk beið í meira en tvo tíma til að komast inn. Á kosningafundi McCain í gær voru um þrjú þúsund manns mættir. Það er met hjá honum.

Nú er Super Bowl búinn en Super Tuesday framundan. Fleiri eru á þeirri skoðun að McCain muni sigrá Romney. Huckabee sé efni í varaforseta. Meiri líkur eru á að Hillary sigri Obama. En nú er þrýst á að þau fari í sameiningu gegn repúblikönnum í forsetakosningunum í nóvember. Auðveldara verður fyrir Hillary að hafa Obama með sér en Obama að hafa Hillary.

Bandaríkjamenn kunna að keppa – bæði í íþróttum og pólitík. Og hvort sem það er Super Bowl eða Super Tuesday er ljóst að áhugi landsmanna er mikill. Og þeir bestu vinna.

Framúrskarandi

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið jafna og góða ávöxtun allt frá stofnun.

Ávöxtun ársins 2007 var 15,6%.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,6% ávöxtun

Glitnir
Sjóður 9
15,3% ávöxtun

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
15,2% ávöxtun

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
14,3% ávöxtun

TBWA|REYKJAVÍK | SÍA - 9080140

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Nafnávöxtun 2007 skv. www.sjodir.is
Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.
Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeliri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

Bolludagsbragðið



Fáðu þér rjóma inn á milli

Rjómobolla & heitur drykkur



275,-

IKEA FOOD

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið

STÓRBÆTT YFIRSÝN OG
UPPLÝSINGAGJÖF

Nýtt innheimtukerfi Kaupþings

KYNNTU ÞÉR INNHEIMTUKRÖFUR Í NETBANKA KAUPÞINGS

Innheimtukerfi

KAUPÞING
Hugsum lengra

Innheimtukröfur í Netbanka Kaupþings eru tilvalin leið til að halda utan um kröfur allt frá því að þær eru stofnaðar þar til þær eru greiddar. Kerfið hentar fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum o.fl. Innheimtukröfur bæta greiðslufæði, veita yfirsýn yfir útstandandi skuldir

og auðvelda bókhaldsvinnu. Með því móti spara innheimtukröfur bæði fé, tíma og fyrirhöfn.

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 7000 eða sendu fyrirspurn á innheimtuthjonusta@kaupthing.com

Iðnaðarráðherra segir Guðna Jóhannesson hafa bjargað sér úr erfiðri stöðu:

Lofar framgöngu nýja orkumálastjórans

ORKUMÁL Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hrósar á vefsíðu sinni Guðna A. Jóhannessyni, nýskipuðum orkumálastjóra, fyrir framgöngu hans á málstefnu ráðuneytisins í Brussel í Belgíu á föstudag.

Össur segir Guðna hafa bjargað íslensku ríkisstjórninni, og ekki síst Össuri sjálfum, úr erfiðri stöðu þegar Andris Pielbag, yfirmaður orkumála hjá Evrópusambandinu, saumaði að Íslendingum í umræðum um losunarkvóta vegna flugsamgangna.

Málstefna iðnaðarráðuneytisins var haldin sem hluti af orkuviku Evrópusambandsins þar sem

aðalumræðuefnið var sjálfbær orkunýting. „Þetta er sögulegur fundur,“ hefur Össur eftir Pielbag á vef sínum. „Þetta er í fyrsta skipti sem möguleikar jarðhita til að framleiða græna orku er kynntur í tengslum við Evrópusambandið. Það verður erfitt að ná þessu markmiði, og við megum engan tíma missa. Þess vegna er svo mikilvægt að Íslendingar kynni okkur þennan möguleika, því allt skiptir máli.“

Össur segir að hvergi hjá Evrópusambandinu sé að finna vísun í að jarðhiti sé ein þeirra leiða sem beita eigi til að draga úr losun ríkja sambandsins. Það séu



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON GUÐNI JÓHANNESSON

hins vegar ríkir hagsmunir Íslendinga að vekja eftirtekt á möguleikum jarðhita.

- sh

Viðskipti stjórnar með hlutabréf séu gegnsæ

Vilhjalmur Bjarnason, aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir hreinskilni stjórnar SPRON athyglisverða er varðar upplýsingagjöf um viðskipti með stofnfjárbréf. Fjármálaeftirlitið veit af málinu en segir ekkert.

VIÐSKIPTI „Þetta er skýrt og skemmtilegt svar hjá stjórn SPRON. Vitanlega er best hafa allar upplýsingar uppi á borðinu. Í Bandaríkjunum þurfa stjórnarmenn að tilkynna um viðskipti með bréf í félögunum fyrirfram, einmitt til þess að valda ruglingi við hlutabréfamarkaðinn,“ segir Vilhjalmur Bjarnason, aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Hann telur það fara gegn anda laganna um innherjaviðskipti að það hafi ekki verið lagðar fram upplýsingar um viðskipti stjórnarmanna í SPRON með stofnfjárbréf áður en félagið var skráð á markað.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku, í svari stjórnar SPRON við spurningum blaðamanns, var „ekki heimilt að birta opinberlega upplýsingar um viðskipti stjórnarmanna þar sem það var talið geta valdið ruglingi við hlutabréfamarkaðinn“.

Vilhjalmur segir eðlilegast og í



VILHJÁLMMUR BJARNASON GUÐMUNDUR HAUSSON

anda laganna um innherjaviðskipti að hafa allar upplýsingar um viðskipti stjórnarmanna og stjórnenda félaga uppi á borðinu. „Það liggur auðvitað beint við að það er betra að hafa allar upplýsingar um þessi mál uppi á borðinu. Því meiri upplýsingar því betra. Það liggur í augum uppi að þetta er þvert á alla hugsun í sambandi við eðlileg viðskipti innherja,“ segir Vilhjalmur.

Upplýst var í málflutningi í ágreiningsmáli Saga Capital og Insolidum ehf., sem er í helm-ingseigu Daggar Pálsdóttur varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins, að Gunnar Þór Gíslason hefði selt hluta stofnfjárbréfa sinna skömmu áður en félagið var skráð á markað. Stjórnin upplýsti ekki hvort aðrir stjórnarmenn hefðu selt bréf sín áður en félagið var skráð á markað þegar Fréttablaðið spurðist fyrir um það.

Gunnar Þór hefur sagt að salan á bréfunum hafi verið í takt við lög og reglur og neitar að hafa selt bréfin á grundvelli innherjaupplýsinga.

Íris B. Hreinsdóttir hjá Fjármálaeftirlitinu segir eftirlitið vita af málinu en geti ekki tjáð sig um það að öðru leyti. Staðfest er að kvörtun vegna meintra innherjaviðskipta stjórnarmanna berst eftirlitinu 12. nóvember í fyrra.

magnush@frettabladid.is



EIRÍKUR HJÁLMARSSON

SUÐURBÆJARLAUG
Loka þurfti lauginni um helgina.

Metnotkun á heita vatninu á höfuðborgarsvæðinu:

Vatnsnotkun nálægt rennsli Elliðaánna

HEITAVATNSNOTKUN Metnotkun varð á heita vatninu á höfuðborgarsvæðinu um hádegisbilið á laugardaginn. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir að þá hafi notkunin verið sú mesta frá upphafi, 15.700 tonn á klukkustund. „Þetta var mjög nálægt meðalrennsli Elliðaánna,“ segir Eiríkur.

„Þetta er verulega meira en í mesta álagstopnum í fyrra, sem var 14.200 tonn á klukkustund, enda hefur bæst mikið húsnæði við. Það er ekki bara kuldinn heldur vex byggðin ár frá ári. Kerfið þarf að þjóna þessari byggð.“

Dreifikerfi Orkuveitunnar syðst á höfuðborgarsvæðinu annaði ekki þörfinni. „Við báðum Hafnfirðinga um að loka Suðurbæjarlauginni sem þeir gerðu á laugardag og sunnudag,“ segir Eiríkur og

væntir þess að Suðurbæjarlaug verði komin aftur í gagnið í dag.

Unnið er að því að stækka meginlagnirnar í dreifikerfi Orkuveitunnar í Hafnarfirði en verkið er ekki komið nógu langt til að standast kuldakast eins og hefur verið síðustu daga.

Vatnslekar komu til kasta Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um helgina. Ólafur Ingi Grettisson, aðstoðarvarðstjóri í slökkviliðinu, segir að fjórir vatnslekar hafi komið upp; tvisvar í heima-húsi, á Hrafnistu í Reykjavík hafi rofnað lögn og lekið kalt vatn yfir hundrað fermetra svæði. Í Ármúla hafi svo lekið vatn yfir 200 fermetra í kjallara.

Þá lak vatn úr íbúð á annarri hæð niður í húsnæði Vitabars við Bergþórugötu í gær. Ekki var um mikið tjón að ræða.

- ghs

VETRARDAGAR Í RÖNNING

Tilboðsverð
110.900



NRK63321E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 229L
Nýtanlegt rými frystis: 75L
Hljóðstig: 41dB(A)
LCD-skjár
Sjálvirk afþýðing frystis
Hæð: 180 cm

Tilboðsverð
79.900



RK6335E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frystis: 103L
Hljóðstig: 39dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 177 cm

Tilboðsverð
89.900



R63392E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 388L
Hljóðstig: 39dB(A)
LCD-skjár
Kælivífta
Hæð: 180 cm

Tilboðsverð
55.900



RK6285W
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frysti: 59L
Hljóðstig: 39dB(A)
Hæð: 155 cm

Tilboðsverð
54.900



RF6275W
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 190L
Nýtanlegt rými frysti: 68L
Hljóðstig: 41dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 143,5 cm

Fjöldi
annarra
tilboða á
kæli- og
frysti-
skápum

Kíktu við og fáðu
fritt eintak af
uppfleittiritinu
„Brrrhh“.
Góð ráð þegar þú
kælir og frystir.

vel valin
ráð úr
„Brrrhh“



1 Appelsínur eru bestar að vetri til. En ef þig langar líka í appelsínur hinn hluta ársins veldu þá appelsínur með brúna flekki - þeir eru til marks um gæði.

2 Ef þú átt smá dreittil eftir af rauðvíni í flöskunni, eða eitthvað af þeyttum rjóma, ekki henda honum. Settu rauðvínið í kælipoka og rjómann í klakabox og frystu svo. Þá er alltaf hægt að bæta í sósuna síðar.

3 Settu avokádókjarnann í guacomole-ídyfuna þannig að aðeins efsti hlutinn sést og settu plastfilmu yfir skálina. Þá ertu með ídyfu í marga daga – og í rétta litnum.

4 Settu eitt lag af jarðarberjum á bakka inn í frysti án þess að þau snertist. Eftir sólarhring skaltu frysta þau í plastpoka. Þannig geturðu verið viss um að berin hafa ekki frosið saman í einn stóran kökk þegar þig vantar ber í fordrykkinn.

5 Ef ísskápurinn lyktar illa settu inn í hann bolla af kaffikorgi í einhverja hilluna. Hann fjarlægir lyktina.



RÖNNING

ronning.is

REYKJAVÍK
Borgartún 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Óseyri 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÓRDUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 420 7200

Tilboðin gilda meðan birgðir endast eða til 24. febrúar.



ÓFRÝNILEGUR Þátttakandi í kjótkveðjuháttíðinni í Ríó de Janeiro í Brasilíu valdi sér sjálfan djöfulinn sem fyrirmynd þegar hann ákvað hverju skyldi klæðast við tilefnið. Mannfjöldi fyllti götur borga víða um Brasilíu á laugardag þegar hin árlega kvótkveðjuháttíð var haldin. NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfsgætt að boða til fundar: Ólíkir hagsmun- ir sveitarfélaga

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sjálfsgætt er að boða til fundar með sveitarstjórnunum á landinu til að ræða uppsagnir í kjölfar kvótaniðurskurðar, segir



**HALLDÓR
HALLDÓRSSON**

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, hefur hvatt sveitarstjórnarmenn til að hittast og ræða breytta sjávarútvegsstöðu. Halldór segir

ólíklegt að sveitarstjórnarverði sammála um leiðir til úrbóta. Gísli hafi bent á að draga yrdi úr útflutningi á ónunnum fiski, það sé stór tekjulind fyrir Vestmannaeyjar og Grundarfjörð. - bj

Hundruð útlendinga flýja átökin í Tsjad

Uppreisnarmenn í Tsjad náðu landamærabænum Adre á sitt vald í gær, degi eftir að þeir tóku höfuðborgina. Stjórnarherinn berst gegn þeim en tvísýnt um útkomu segir talsmaður franska hersins. Erlendir ríkisborgarar flýja úr landinu.

TSJAD, AP Hundruð erlendra ríkisborgara voru flutt frá Tsjad í gær með aðstoð franska hersins. Á meðan barðist stjórnarherinn við uppreisnarmenn, sem náðu höfuðborginni N'Djamena á sitt vald á laugardag. „Enginn getur sagt til um hver muni sigra,“ sagði talsmaður franska hersins, Christophe Prazuck höfuðsmaður. Franski herinn heldur úti herliði í Tsjad sem var áður nýlenda Frakklands.

Uppreisnarmennirnir náðu í gær á sitt vald bænum Adre í austurhluta Tsjad við landamærin að hinu stríðshrjáða Darfurhéraði í Súdan. Um 420.000 flóttamenn halda til í tólf flóttamannabúðum á vegum Sameinuðu þjóðanna á þessu svæði.

Erlendur hjálparstarfsmaður sagði í samtali við AP fréttastofuna ástandið í N'Djamena „blóðugt“ og einkennast af ringulreið þar sem lík lögju eins og hráviði á götum og ræningjar brytust inn í búdir þegar lát varð á bardögum. Heyra mátti skothríð frá svæðinu kringum forsetahöllina þar sem forseti Tsjad, Idriss Deby, heldur enn til þrátt fyrir að uppreisnarmenn hafi sagst munu leyfa honum að yfirgefa forsetahöllina óáreitnum.

Talið er að á milli 1.000 og 1.500 uppreisnarmenn hafi streymt inn



Á LEIÐ ÚR LANDI Hundruð erlendra ríkisborgara voru flutt í gær með flugi til Libreville, höfuðborgar Afríkuríkisins Gabon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í N'Djamena á laugardagsmorguninn ásamt 250 pallbílum með vélbyssum á. Í átökunum hefur stjórnarherinn beitt skriðdrekum og vopnuðum þyrilum gegn uppreisnarmönnum að sögn Prazuck.

Talsmaður uppreisnarmanna, Mahamat Hassane Boulmays, sagði stjórnarherinn hafa orðið fyrir „miklu mannfalli“ en að of

snemmt væri að nefna tölur. Daginn áður sagði hann marga stjórnarhermenn hafa snúist á sveif með uppreisnarmönnum. Franski varnarmálaráðherrann, Herve Morin, sagði í gær að Deby hefði „enn stjórn yfir nánast öllum tsjadneska hernum“ og að hann hefði að minnsta kosti tvö til þrjú þúsund menn. sdg@frettabladid.is

Dæmdur barnaniðingur: Nauðgaði barni á bókasafni

BANDARÍKIN, AP Barnaniðingur frá Massachusetts-ríki sem sleppt var úr fangelsi þrátt fyrir mótbárur sækjanda hefur verið kærður fyrir að nauðga sex ára dreng á almenningsbókasafni á meðan móðir drengsins notaði tölvu skammt hjá.

Hinn 26 ára Corey Saunders var árið 2001 dæmdur fyrir að ráðast á og reyna að nauðga sjö ára dreng á fósturheimili. Lág greindarvísitala hans og sú staðreynd að hann var sjálfur misnotaður í æsku varð til þess að honum var sleppt. Málið hefur endurvakið umræðu um lagasetningu sem gerir yfirvöldum kleift að fanga alla hættulega kynferðisbrotamenn ævilangt. - sh

Finnska þingið: Þriðja hver kona áreit

FINNLAND Ný rannsókn sýnir að þriðja hver kona og tíundi hver karl sem starfar í finnska þinginu hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Um hundrað starfsmenn þingsins svöruðu spurningalista um kynferðislega áreitni. Af þeim töldu þrjátíu konur sig hafa orðið fyrir slíkri áreitni og fjórir karlar.

Finnska dagblaðið Helsingin Sanomat hefur nafngreint sjö þingmenn sem hegða sér ósæmilega gagnvart kvenkyns starfsmönnum þingsins.

„Hneyksli að aðstoðarmenn þingmanna verði fyrir kynferðislegri áreitni,“ segir Tarja Tallqvist, formaður í kvemna-netverki finnska þingsins, í viðtali í Hufvudstadsbladet. - ghs

capacent

CAPACENT KYNNIR NÆSTU NÁMSKEIÐ

FJÁRMÁL STJÓRNANDANS

Námið hefst 12. febrúar 2008 og skiptist í eftirfarandi hluta:

- Inngangur – Rekstrar- og fjármálaumhverfi fyrirtækja
- Greining – Lykillþættir í rekstri
- Rekstrarstjórnun
- Fjárfesting, fjármögnun og fjármál fyrirtækja
- Markmiðssetning og árangursmat við fjármálastjórnun

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Námið hefst 21. febrúar 2008 og skiptist í eftirfarandi hluta:

- Stjórnandinn og stjórnunarhæfileikar, stjórnendapróf og sjálfsskoðun, viðtöl og skilvirk endurgjöf
- Streitu-, álags- og tímastjórnun
- Framkoma, tjáning og ræðumennska
- Kúnstin að taka ákvörðun
- Árangursríkt samstarf (hópstarf)
- Mannauðsstjórnun
- Skapandi hugsun
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

NÁMIÐ
SEM ÞÚ NOTAR
Í VINNUNNI

INGVI ÞÓR ELLIÐASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI CAPACENT RÁÐGJAFAR.

Allt að
15,05%
vextir



Frábærir

vextir á sparnaðinn þinn!

SPRON Vaxtabót

– allt að **15,05%** vextir*

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON Viðbót

– allt að **7,95%** vextir*

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

SPRON Veltubót

– allt að **14,59%** ársávöxtun*

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Þú getur stofnað reikning
á **SPRON.IS**



Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON,
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. febrúar 2008.



VÍKINGASÍÐUR Jarlinn veifaði öxi meðan víkingar hans marseruðu fram hjá langskipi hans með logandi kyndla í hendi. Er þetta hluti af árlegri hátíð sem fram fer á Hjaltlandseyjum þar sem norræn arfleifð er haldin í heiðri.

NORDICPHOTOS/AFP

Erindrekar Bandaríkjustjórnar vikja frá opinberri stefnu í yfirlýsingum:

Agavandamál í erindrekaði Bush

BANDARÍKIN, AP Dæmum fer nú fjölgandi um að háttsettir erindrekar Bandaríkjustjórnar leyfi sér að vikja í ræðu og riti frá yfirlýstri stefnu ríkisstjórnar George W. Bush forseta, nú þegar hillir undir að hún fari frá völdum. Það mæðir mest á Condoleezza Rice utanríkisráðherra að bregðast við þessu, en hún virðist eiga í æ meiri erfiðleikum með að halda aga á sínu liði.

Þannig urðu hún og talsmenn utanríkisráðuneytisins að leiðrétta, þvo hendur sínar af eða reyna með öðrum hætti að koma með skýringar á ummælum og athöfnum þriggja háttsettra erindreka á síðustu dögum um viðkvæm alþjóðamál sem snerta Norður-Kóreu, Íran og Keníu.

Fyrst leyfði sér Jay Lefkowitz, sérlegur sendierindreki Bandaríkjustjórnar í mannréttindamálum gagnvart Norður-Kóreu, að segja í ræðu þann 17. janúar í hægrisinnuðu hugveitunni

American Enterprise Institute í Washington að sex-velda-viðræðurnar svonefndu um kjarnorkumál Norður-Kóreu væru einskis nýtar.

Þá vanvirtu Zalmay Khalilzad, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, þá rötgrónu stefnu Bandaríkjustjórnar að láta engan erindreka sinn sjást opinberlega með fulltrúa klerkastjórnarinnar í Íran, er hann kom fram með franska utanríkisráðherraum á fundi í Sviss. Einnig leyfði aðalerindreki Bandaríkjustjórnar gagnvart Afríku sér að nota hið pólitískt hlaðna hugtak „þjóðernishreinsun“ til að lýsa ofbeldinu sem átt hefur sér stað í Keníu eftir forsetakosningar þar.

Þessi frávik koma sér illa fyrir Bush-stjórnina, sem hefur lagt mikið upp úr því að erindrekar hennar tali einu máli.



UTANRÍKISRÁÐHERRANN Condoleezza Rice á erfitt með að halda aga á liði sínu er hillir undir að stjórnin fari frá völdum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF



FISKSALABÍLL Chevrolet Silverado-pallbíll. Oresnik hefur notað sinn til að keyra út fiskmeti.

Metgóð ending bíls:

Pallbíll ekið milljón mílur

BANDARÍKIN, AP Wisconsin-búinn Frank Oresnik er í þann mund að ná sögulegum áfanga þar sem hann hefur brátt ekið pallbílum sínum, af Chevrolet Silverado-gerð, milljón mílur eða 1.600 þúsund kílómetra.

Oresnik fór í vikunni með bílinn, sem er af árgærdinni 1991 og hefur verið í hans eigu síðan árið 1996, í síðustu smurþjónustuna áður en milljón-mílu-markinu verður náð. Hann segist þá munu leggja bílnum.

Oresnik þakkar reglulegu viðhaldi og drjúgum skammti af heppni að bíllinn hafi enst svona lengi.

- aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tvö slys á vélsleðakeppni

Lögreglan á Selfossi fékk tvær tilkynningar um vélsleðaslys í fyrradag. Slysinn höfðu orðið á vélsleðakeppni nærri Litlu kaffistofunni. Bæði slysinn reyndust minniháttar.

MENNTAMÁL Reiknað er með að fyrstu tillögur um breytingu á reiknilíkani sem beitt er til að deila fé niður á framhaldsskóla landsins líti dagsins ljós í vor. Unnið er að reglubundinni endurskoðun á líkaninu í menntamálaráðuneytinu.

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, er einn þeirra sem hafa gagnrýnt kerfið. Þar er greitt fyrir hverja einingu sem nemendur taka lokapróf í, en ekkert er greitt taki nemandinn ekki próf.

Ekki er hægt að koma alveg í veg fyrir brottfall nemenda, segir Hjalti. Hann vonast til þess að við endurskoðun kerfisins verði fallist á þá tillögu skólameistarara að miðað verði við fjölda nemenda á miðri önn, ekki fjölda þeirra sem skili sér í próf.

Skólarnir skipuleggja starfið miðað við fjölda nemenda sem skrá sig í nám, og með því að taka fjöldann um miðja önn má fara sanngjarnan meðalveg, segir Hjalti.

Gert er ráð fyrir brottfalli nemenda í reiknilíkaninu, segir Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri hjá menntamálaráðuneytinu. Hann tekur sem dæmi hóp með 25 nemendum þar sem sex hætta námi á miðri önn. Það fé sem skólinn fái fyrir þá nítján sem eftir eru eigi að duga fyrir kennslu fyrir alla 25 nemendurna.

Reiknilíkanið varð til á árunum 1996 og 1997. Gísli segir að mikil umræða hafi verið uppi um hvernig líkanið ætti að vera. Niðurstaðan hafi verið að búa til hvata fyrir skóla til að draga úr brottfalli nemenda.

Að auki segir Gísli að gert sé ráð fyrir því að brottfall sé mismikið eftir því hvort um



GENGID TIL PRÓFS Framhaldsskólar fá aðeins greitt fyrir þá nemendur sem þreyta lokapróf, þó að gert sé ráð fyrir ákveðnu brottfalli í reiknilíkani menntamálaráðuneytisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bóknám eða verknám sé að ræða, enda brottfallið meira í verknáminu.

Sú upphæð sem ríkisvaldið leggur til framhaldsskóla byggir á áætluðum fjölda nemenda í skólanum við gerð fjárlaga. Við uppgjör fer svo fram tilfærsla á fé milli skóla eftir því hvort nemendur voru fleiri eða færri en áætlun gerði ráð fyrir.

Þegar talið er í lok hverrar annar eru

peningar færðir frá þeim skólum sem voru með færri nemendur en áætlað var til þeirra sem voru með fleiri nemendur.

Vegna þessa hefur það einn áhrif á framlög til annarra skóla þegar skólameistarar ýkja fjölda nemenda sem tekið hafa próf. Eins og Fréttablaðið upplýsti nýverið voru tveir skólameistarar áminntir og þrjár til viðbótar fengu tiltal fyrir að oft telja nemendur.

brjann@frettabladid.is

DAX

Hreinar hendur
- örugg samskipti

Á tilboði í febrúar 2008
DAX Handspritt, krem og sápur

DAX Sóthreinsiserviettur 20 stk. 393 kr.

DAX Hand & húðkrem 600 ml með dælu 496 kr.
DAX Handábúður 250 ml 259 kr.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

BYNUNGLI 020801



EINKAPOTUR Í greininni segir að í Reykjavík megi finna eitt stærsta samansafn einkapötna í heiminum. Þær noti hin nýja yfirstétt auðmanna til að ferðast um heiminn á meðan almúginn liggur andvaka.

Varað við yfirvofandi hrúni á íslenskum fjármálamarkaði í dagblaðinu Telegraph: Íslenskir bankar á brauðfótum

VIÐSKIPTI Íslenska bankakerfið stendur tæpt. Í umfjöllun breska dagblaðsins Telegraph í gær, sem ber yfirskriftina „Er Ísland á niðurléið?“, segir að þeir íslensku fjárfestar sem hafa sankað að sér eignum í Bretlandi síðustu ár gætu átt von á harðri lendingu.

Sjófalt líklegra sé að Kaupþing, stærsti íslenski bankinn, lenti í greiðsluvandræðum en dæmigerður evrópskur banki. Matsfyrirtæki Moody's hafi nýlega tekið íslenska bankageirann til skoðunar vegna hugsanlegrar lækkunar á lánsþæfismati. Eins hafi mats-

fyrirtæki Standard & Poor's varað við erfiðleikum hjá Kaupþingi, Giltini og Landsbankanum.

Hættan á kreppu sé ekki síst vegna þess hve mikið íslensk fyrirtæki eiga hvert í öðru, segir í greininni. Lítið þurfi til að koma af stað keðjuverkun sem leggi allt fjármálakerfið á hliðina. Eins sé það að nokkru leyti á huldu hvaðan auður íslenskra athafnamanna hafi komið í upphafi.

Telegraph vitnar einnig í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Markit síðan í síðustu viku. Þar segir að íslenska bankakerfið sé klassískt dæmi um

annað tveggja: djarfan metnað eða hömluleysi, allt eftir því hvernig viðhorf viðkomandi til áhættu sé. Lánmarkaðir hafi hallast að hinu síðarnefnda undanfarna mánuði.

Sem dæmi um þann gífurlega vöxt sem orðið hefur í íslenska fjármálaheiminum undanfarin ár nefnir Telegraph hið risastóra samansafn einkapötna á Reykjavíkflugvelli. Þær noti hin nýja ráðandi yfirstétt auðmanna til að þeytast heimshornanna á milli, á kostnað svefnfríðar þeirra íbúa sem séu svo óheppnir að eiga heima nálægt flugvöllinum.

- sps

Heill HELLINGUR af búningum!



ALLIR AF STAD!

Í dag er
bolludagur!

Bollur á 150 kr.
í allan dag



JUST4 KIDS

VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA

Bann við atvinnunektardansi:

Lög og siðræn gildi

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Lagareglur þurfa stöð í siðrænum gildum. Án slíkra tengsla milli settra lagareglna og almennt viðurkenndra siðferðilegra viðhorfa er hætt við að lagareglurnar þyki einfaldlega óréttlátar eða reynist illfrákvæmanlegar.

Að sama skapi getur verið varhugavert að brjóta niður siðræn gildi sem mótast hafa á grundvelli reynslu og eru þannig forsenda eðlilegra og frjálsra samskipta manna. Siðgæðisvitundin virkar í samfélaginu með svipuðum hætti og ónæmiskerfið í líkamanum. Hún er í ýmsu tilliti vörn gegn margvíslegum félagslegum meinsemdum. Þetta eru kunn sannindi. En stundum er ástæða til að rifja þau upp.

Það er gert hér í tilefni af áhugaverðu frumvarpi sem fjórir þingmenn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hafa flutt. Það er einfalt í sniðum og felur í sér að fella niður undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum. Í röksemdafærslu með frumvarpinu segir að því sé ætlað að efla almenna siðgæðisvitund og meðvitund um siðræn gildi í samfélaginu.

Fyrir um það bil fjórum áratugum gerði ungt fólk uppreisn gegn hefðum og ýmsum ríkjandi gildum samfélagsins. Ýmsir reyndu að spyrna á móti. En allt kom fyrir ekki. Fjöldmörg vígi kristilegs siðgæðis og borgaralegra gilda eins og þau voru gjarnan kölluð voru ýmist hefluð til eða spænd upp með öllu. Margt sem af þessu umróti spratt fól í sér nýja hugsun og framfarir. En sumt slævið gilda siðgæðisvitund og veikti um leið ónæmiskerfið í samfélagi þjóðanna.

Kynlífsbyltingin var eitt þeirra fyrirbrigða sem telja má til ávaxta þessara breytinga. Sumir ávextir hennar voru sætir, aðrir beiskir. Hún opnaði smám saman nýjar gáttir fyrir þá sem sáu tækifæri til margvíslegrar afbrotastarfsemi á því sviði. Slík starfsemi var síður en svo óþekkt en færðist í aukana. Þjóðir heims standa nú andspærnis þeirri staðreynd að skipulagð vandi og mansal eru alþjóðlegar meinsemdir sem ógna siðmenningu þeirra. Og Ísland er ekki eyland í þessu tilliti fremur en öðru.

Vandi stjórnmálamanna er í því fólgin að afbrotastarfsemi á þessu sviði er á snertifleti við heildarlega atvinnustarfsemi. Einmitt við slíkar aðstæður verða óskýrar og veikar siðgæðiskröfur skálkaskjól afbrotamanna. Uppreisnin gegn borgaralegum gildum á sínum tíma leiddi einmitt til þess að færri siðferðisstöðir stóðu eftir sem áður þótt eðlileg takmörkun á athafnafrelsi.

Margir þeirra sem með skynsamlegum rökum standa vörð um athafnafrelsið í dag eiga þar af leiðandi erfitt með að skilja rökin að baki frumvarpi eins og því sem hér er gert að umtalsefni. Markaðurinn ræður yfir bestu tiltæku tækjum til að mæla hagkvæmni og arðsemi í viðskiptum. Allar athafnir manna lúta á hinn bóginn einhverjum siðrænum viðmiðum. En í því efni gilda ekki mælikvarðar heldur mat. Fyrir þá sök er skýr siðgæðisvitund nauðsynleg í hverju mannlegu samfélagi.

Skírskotun til siðferðilegra viðmiða og siðgæðisvitundar eru forsendur þeirrar lagareglu sem þingmennirnir vilja gera undanþágulessa. Vel má vera að sú skírskotun sé til marks um að fjórutíu ára gömul uppreisn sé að leita jafnvægis á ný.

Hér verður ekki lagður dómur á hversu virk tillagan í frumvarpinu er. En hitt er ljóst að henni er ætlað að styrkja stöðu þeirra sem eru fórnarlömb óþolandi ofbeldis. Frumvarpið er reist á gildum siðferðilegum hugmyndum og verðskuldar því málefnalega ihugun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnisblaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að tala um sjálfan sig

Athygli vakti í síðustu viku þegar Ingvi Hrafn Jónsson bauð þekktum athafnakonum í sjónvarpsmæður á INN, vitnaði í óþekktu og ónafngreinda karlmenn og tönnlaðist á því fyrir þeirra hönd af hverju konur væru að „troða sér“ í stjórn fyrirtækja. Þegar honum var bent á að enginn væri að troða sér og fyrirtækin myndu bara græða á því að fá svona klárar konur inn virtist hann ekkert heyra. En vegna þess hve eyðilagður Ingvi Hrafn var virtist ljóst að hann væri ekki málþápa fyrir þessa ónafngreindu karlmenn heldur væru þeir bara ímyndaðir og hann væri í raun að tala um sjálfan sig.

Eftirlitsmenn úti á lífinu

Reykjagabandið og viðbrögð veitingamanna hafa haft ýmsar afleiðingar og sumar meira að segja nokkuð skemmtilegar. Til dæmis gengu starfsmenn Vinnueftirlitsins og Heilbrigðiseftirlitsins á milli veitingastaða um helgina og gerðu athugasemdir þar sem reykingar voru leyfðar. Var ekki orðið tímabært að eftirlitsmenn hressu svoltið upp á tilveruna og brygðu sér út á lífið?



Reykjavík í rugli

Húsafríðunarmál í Reykjavík hafa verið mikið til umræðu að undanfögnu. Ólöf Nordal þingmaður Sjálfstæðisflokksins kom með nýjasta innleggjið og sagði í Silfri Egils í gær að leggja ætti Árbæjarsafnið niður og skila húsunum til baka til Reykjavíkur. Þetta er það sem Reykjavíkjar þurfa, aðeins meira hringl og ruglandahátt. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skipulagshagfræðingur sagði á fundi á Ísafirði fyrir skömmu að höfuðstaður Vestfjarða væri bær tækifæranna. Sagði hann það sérstöðu Ísafjarðar að þar væru mörg gömul sem standa þétt öfugt við Reykjavík þar sem þau væru á tvíst og bast. Það virðist allt vera verst í Reykjavík þessa dagana.

ghs@frettabladid.is/jse@frettabladid.is

Að sjá ekki sóma sinn

Enn hefur Morgunblaðið ekki Ebedið Dag B. Eggertsson afsökunar á leiðarskrifum sínum frá laugardeginum 26. janúar. Þar stóð að það væri honum – læknum – til skammar að Ólafur F. Magnússon hefði lagt fram læknisvottorð þegar hann sneri aftur til starfa í borgarstjórn. Samt er blaðið hér uppvíst að því að veitast að Degi fyrir rangar sakir.

Og með því að taka sérstaklega fram að þetta hafi verið honum til skammar sem lækni gefur blaðið til kynna að Dagur hafi sem lækni komið fram við Ólaf F. Magnússon á óviðurkvæmleigan hátt. Það er nokkuð þung á sökun.

Stóra vottorðsmálið

Skorturinn á afsökunarbeiðni eða að minnsta kosti leiðréttingu á þessum skrífum hlýtur að vera til marks um að blaðinu finnst vegna pólitískra hagsmuna í lagi að fara með fleipur um nafngreint fólk, veitast að heiðri þess fyrir rangar sakir. Þá vitum við það. En þá getur blaðið ekki jafnframt ætlast til að borin sé virðing fyrir því. Og alls ekki haldið áfram að birta Reykjavíkurbref í þeim yfirlætislega ex-Cathedra-stíl sem við höfum átt að venjast. Meira að segja DV á sínu trylltasta skeiði birti einhvers konar leiðréttingar á ranghermi.

Þetta er annars skrytið mál, stóra vottorðsmálið. Um hríð virtist þetta mál hið eina sem Sjálfstæðismenn höfðu til marks um hinar bráðnaðsynlegu ofsóknir á hendur Ólafi F. Magnússyni í tíð meirihlutans sem hann sneri baki við. Næstum því daglega og með síauknum þunga gátum við lesið um þá sáru niðurlægingu sem hann hefði verið beittur – þau svipu-göng sem þessi stolti maður hefði mátt ganga þegar hann –



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
 Í DAG | Borgarpólitíkin

sjálfur Hann – var af ísköldu miskunnarleysi bókstaflega krafinn um læknisvottorð, þar með ekki tekinn trúanlegur – ekki treyst ...

Um síðir kom fram hinn hversdaglegi sannleikur um málið en Ólafur hirti sjálfur aldrei um að leiðrétta þessi fátánlegu skríf – kannski hefur hann ekki getað fengið af sér að sleppa hendinni af svo góðu píslarvætti – kannski fannst honum að þetta hefði alveg getað verið svona – og kannski er hann ekki sérlega gefinn fyrir að upplýsa mál fyrr en á hann er gengið.

Jesús og Ólafur Thors og...

Sú var tíð að Sjálfstæðismönnum þótti staða borgarstjórans í Reykjavík vera helsta tignarstaða heimsins á eftir Jesú Kristi og Ólafi Thors. Þegar vinstri menn komust til valda á áttunda áratugnum í kjölfar stórsigurs Guðrúnar Helgadóttur og Þórs Vigfússonar í Alþýðubandalaginu treystu þeir sér ekki til að velja einn úr sínum röðum í slíkan hefðarsess heldur fengu verkfræðing utan úr bæ Egil Skúla Ingibergsson til að gegna starfinu eins og hverju öðru stjórnunarstarfi; reyndu þannig að svipta embættið guðlegri áru sinni. Það tókst ekki betur en svo að fyrir vikið bjuggu þeir í haginn fyrir nýjan leiðtoga Sjálfstæðismanna, Davíð Oddsson, sem lét áru embættis-

ins leika um sig svo að um munaði. Vinstri menn gerðu ekki sömu mistök næst þegar þeir komust til valda, og Ingibjörg Sólrún náði að slíta hin nánast órjúfanlegu tengsl Flokks og borgarstjóraembættisins.

Síðan hafa ýmsir gegnt starfinu og almennt byrjað vel en engum auðnast að gegna embættinu nógu lengi til að festa sig í sessi í vitund almennings – nema ef til vill Degi B. Eggertssyni, á sínum hundradögum.

Það fundu Sjálfstæðismenn og guldu það dýru verði að ná að bola honum úr embætti: létu sjálft djásnið af hendi.

Í þennan stól hinna miklu leiðtoga – Bjarna Ben og Gunnars Thor og sjálfs Davíðs – í sjálfan gullstólinn hafa nú Sjálfstæðismenn leitt liðhlaupann gamla, Ólaf F. Magnússon. Einhver kynni að segja að þar með væri flokkurinn loksins búinn að finna sinn leiðtoga eftir að hafa verið svo lengi höfuðlaus her. Öðrum verður hugsað til páfadóms og niðurlægingar-skeiðs þess embættis á 14. öld þegar sjálf embættið var af kaldhæðnum mönnum flutt frá Róm og til Avignon í Frakklandi. Kannski að hinir útsmognu hugsuðir Sjálfstæðismanna stáði um síðir fyrir því að embætti borgarstjórans í Reykjavík verði flutt til Akureyrar ...

En Morgunblaðið hefur sem sé enn ekki séð sóma sinn í að biðja Dag B. Eggertsson afsökunar á því að birta meiddandi rangfærslur um hann í forystugrein. Það skiptir hann eflaust litlu máli en kann að varða sjálfsmýnd blaðsins og margra ágættra blaðamanna sem þar starfa. Raunar bendir flest til þess að herferðin á hendur Degi hafi enn styrkt hann í sessi sem leiðtoga í Reykjavík.

Hvað segir Davíð um það?

Að borga brúsann

UMRÆÐA

Borgarmál

Nokkrir þingmenn og einn ráðherra Sjálfstæðisflokksins hafa lýst ánægju með skörungsskap nýja meirihlutans í Reykjavíkurborg hvað varðar kaupin á húsunum við Laugaveg 4 og 6. Í sömu andrá hafa þeir lýst vanþóknun sinni á þeirri svokölluðu heimtufrekju fráfarandi meirihluta að hafa ætlað ríkissjóði að „borga brúsann“. Margoft hefur það verið áréttað að málefni húsanna að Laugavegi 4 og 6 voru í ágætum farvegi. Húsafríðunarnefnd mælti með fríðun þeirra og það stóð upp á fagrådhera húsafríðunar, menntamálaráðherra, að staðfesta þá fríðun. Ef málið hefði farið sína leið hefði skaðabótaskyldan gagnvart eiginnum líklegast fallið á ríkið og það sem mikilvægara er – hún hefði fylgt markaðsverði. Um 280 milljónir hefðu þar með sparast. Eigandi húsanna hefði hvorki tapað né hagnast og ekki hefði verið sett vafasamt forðemi sem hleypir markaðsverði á gömlum húsum upp í hæstu hæðir. Húsafríðun er enginn greiði gerður með svo flauturslegum vinnubrögðum.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Áðurnefnd viðhorf þingmannanna og ráðherrans til þessara ævintýrleagu kaupa lýsa talsverðri óbilgírni. Við sem störfum að sveitarstjórnarmálum könnumst vel við þá tilfinningu að „fá reikninginn sendan“. Við erum sífellt að „borga brúsann“ fyrir ríkið. Á síðasta ári var framlag til einkarekinna skóla lögbundið. Reikningur Reykjavíkurborgar hækkar um 90 milljónir fyrir vikið. Ríkið hefur um árabíl þverskallast við að borga brúsann þegar kemur að framhaldsnámi í tónlist, sem ríkinu ber að gera lögum samkvæmt. Það gera 170 milljónir árlega hjá Reykjavíkurborg. Ný lög um leik- og grunnskóla gera ráð fyrir að kennarar hafi meistaragráðu við upphaf starfsævinnar. Sem skólapolítíkin fagna ég aukinni viðurkenningu á mikilvægi kennarastarfsins en hugsa óneitanlega til kostnaðaraukans sem fellur á sveitarfélögin.

Í þessu umhverfi, þar sem svo ótal úrlausnarefni eru framundan fyrir ríkið og sveitarfélögin að leysa í sameiningu, er ekki sigurstranglegt að fara vígaleiðina. Hagsmunir íbúanna eru þeir sömu hvort sem ábyrgðin er heima í héraði – eða á hendi ríkisins.

Höfundur er borgarfulltrúi.

-2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is



www.ob.is

MIKIÐ ÚRVAL

... frábært verð



30%
afsláttur

197 kr. kg
Krónu saltkjöt
ódyrt

Krónu saltkjöt 1.flokkur 759 kr.kg - Goða saltaðir hálsar 239 kr.kg
Goða saltaðir síðubitar 199 kr.kg - Krónu saltkjöt ódyrt 197 kr.kg



369 kr. pk.
Myllu vatnsdeigsbollur
með súkkulaði



369 kr. pk.
Myllu bollur
með súkkulaði



299 kr. pk.
Myllu vatnsdeigs-
bollur litlar



Verð frá:
189 kr. pk.
Oetker búðingur
5 tegundir



96 kr. pk.
DDS flórsykur



Allt fyrir
bollubaksturinn



179 kr. stk.
peytitoppur
sprauturjóni



225 kr. pk.
Krónu suðu-
súkkulaði 300 g

EINAR OLGEIRSSON ALPINGISMAÐUR
LÉST PENNAN DAG ÁRIÐ 1993.

„Við erum almennt svo dulir Íslendingar og þökkum svo lítt í lifanda lífi það starf sem bestu synir lands vors láta þjóðinni í té.“

Einar Olgeirsson var fæddur árið 1902. Hann sat á þingi fyrir Kommúnistaflokkinn og síðar Sósíalístaflokkinn, skrifaði fjölda bóka og ritstýrði blöðum, þar á meðal Þjóðviljanum.



tímamót

timamot@frettabladid.is



Nýi Stefnir og gamli á siglingu fyrir utan Kópavogshöfn.

Nýi báturinn nefndur Stefnir

Nýr bátur Hjálparseitar skáta í Kópavogi var fyrir stuttu skírður Stefnir við hátíðlega en látlausa athöfn í húsnæði sveitarinnar við Bakkabraut í Kópavogi. Við það tækifæri færðu seljendur bátsins, R. Sigmundsson, sveitinni öndunar- og súrefnisbúnað að gjöf.

Nýi báturinn er af gerðinni Parker 900 Baltic ICE-SAR og hann markar byltingu í möguleikum til leitar og björgunar úr sjó enda allt í senn lengri, breiðari, öruggari og aflmeiri en flestir þeir harðbotna bátar sem björgunarsveitir á landinu hafa yfir að ráða. Hann er með fullkomnum fjar-skiptatækjum og plássíð um borð rúmar auðveldlega nauðsynleg björgunartæki svo sem dælur og slöngur, köfunarbúnað og sjúkrabörur.

Hjálparseit skáta í Kópavogi er með stærri björgunarsveitum landsins og þar hefur byggst upp sérstakur sjóflokkur undanfarin ár. Að sögn eins úr þeim hópi er nýi báturinn afar kærkominn. „Þessir bátar hafa reynst einstaklega vel í öllum veðrum og mismunandi sjólagi þannig að það er óhætt að segja að Stefnir sé draumur hvers sjóbjörgunarsveitarmanns.“

- gun

AFMÆLI



Hjalti Hugason prófessor er fimmtíu og sex ára í dag.



Elfar Logi Hannesson leikari er þrjátíu og sjö ára í dag.



Þorsteinn Guðmundsson leikari er fjóru- og eins árs í dag.



Heiðmar Vilhjálmur Felixson handbolta- maður er þrjátíu og eins árs í dag.



ÞETTA GERÐIST: 4. FEBRÚAR 1968

Fárviðri veldur slysum og tjóni

Tuttugu og sex menn týndu lífi í Ísafjarðardjúpi er veðurofsi gekk yfir landið og miðin þennan dag og þann næsta árið 1968. Stormurinn var víða milli 60 og 70 hnútar á Vestfjörðum og frostið um 10 stig, auk snjókomu. Breski togarinn Notts County strandaði innan við Súrnadal á Snæfjallaströnd en varðskipið Óðinn sem státt var undan Grænuhlíð bjargaði átján manna áhöfn hans með miklu harðfygli en einn skipverja lést úr kulda.

Heiðrún II, 154 lesta bátur frá Bolungarvík, fórst með sex mönnum og breski togarinn Ross Cleveland með nítján mönnum en Harry Eddom, 26 ára stýrimaður á togaranum, komst af þrátt fyrir hrakninga á sjó og landi í hálfan annan sólarhring. Fyrst 10-12 klukkutíma volk á björgunarbáti, síðan tók við löng ganga að húsi sem reyndist mannlaut og köld nótt undir veggjum þess í hriðarbyl. Morguninn eftir hitti



NOTTS COUNTY á strandstað á Snæfjallaströnd.

MYND/ÖLDIN OKKAR.

hann smala af næsta bæ og var hólpinn. Mikil samkeppni var meðal fjölmiðla um myndir af Harry og konu hans Ritu sem kom á sjúkrahúsið á Ísafirði til fundar við mann sinn.

MERKISATBURÐIR

- 1792 George Washington er kosinn 1. forseti Bandaríkjanna.
- 1862 Vínframleiðslufyrirtækið Bacardi er stofnað á austurhluta Kúbu.
- 1898 Holdsveikt fólk á Íslandi er sett, með lögum, í sóttkví.
- 1947 Ný ríkisstjórn tekur við völdum á Íslandi. Forsetisráðherra er Stefán Jóhann Stefánsson.
- 1976 Vetrarólympíuleikarnir 1976 hefjast í Innsbruck í Austurríki.
- 1984 Hrafinn flýgur, kvikmynd Hrafn Gunnlaugssonar, er frumsýnd.

KRISTÍN MAGNÚSSON: Í SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTINGU FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Skiptir ekki máli hvort ráðherrann er rauður eða blár

Sjávarútvegsráðuneytið var sameinað landbúnaðarráðuneytinu um síðustu áramót. Á sama tíma lét Kristín Magnússon þar af störfum en hún hafði verið deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá því það var stofnað í ársbyrjun 1970. Hún hefur unnið náð með ellefu ráðherrum á þessu þrjátíu og sjö ára tímabili og segir pólitíska stefnu þeirra ekki hafa haft áhrif í návígi. „Það skiptir engu máli hvort ráðherrann er rauður eða blár, bara að hann sé almennilegur maður,“ segir hún.

Kristín sá um mörg mál á skrifstofunni. Meðal þeirra voru ferðir starfsmanna og fundasókn erlendis. Einnig skipulagning á opinberum heimsóknum erlendra ráðherra hingað til lands. „Það þurfti að panta hótél, búa til dag-skrá, skipuleggja heimsóknir í fyrirtæki, ákveða hvaða mat þeir fengju, raða til borðs og fleira. Þetta var mjög skemmtilegt en það sem ég sakna mest úr vinnunni eru tengslin við samstarfsfólkið,“ segir hún. Kveðst þó hafa líka til margs að hlakka, eins og að geta verið meiri tíma með fjölskyldunni. Hún og maður hennar Halldór S. Kristjánsson eigi hús í Suður-Frakklandi sem þeim gefist nú færi á að nota meira en áður. Þess á milli leigi þau það út og upplýsingar um það séu á slóðinni www.mono.is. Kristín er fædd í Kaupmannahöfn, átti íslenskan föður og danska móður, Jón Magnússon og Edít Magnússon. Níu ára flutti hún með þeim til Íslands árið 1952, ásamt tveimur systkinum, fyrst í Vogana og síðan Hafnarfjörð. Heimilið hafði alltaf danskt yfirbragð að hennar sögn og þar var töluð danska. „Mamma var í Dansk kvindeklubb ásamt um hundrað öðrum dönskum konum og hann bjargaði lífi hennar félagslega, þó með þeim afleiðingum að hún lærði aldrei íslensku,“ rifjar Kristín upp.

Sjálft tók Kristín vel heima í Hafnarfirði og naut sín vel bæði í Flensborg og sérílagi í handboltanum með FH. Samt leitaði hugarinn aftur út fyrir landsteinana og leiðin lá til London í skóla og vinnu. Heimkomin þaðan hófst vinna hennar hjá Stjórnarráðinu en hún réðist ritari hjá Ingólfi Jónssyni sem þá var samgöngu- og iðnaðarráðherra. Eitt ár vann hún í sendiráðinu í París og tvö ár í sendiráðinu í Washington DC. „Síðan kom ég heim og fór að vinna í atvinnumálaráðuneytinu og þegar því var skipt upp í árslok 1969 ákvað ég að vera sjávarútvegsmeigin,“ segir hún glaðlega. „Skrifstofan var fámenn í byrjun, bara Jón



KRISTÍN MAGNÚSSON Nú getur hún verið meiri tíma með fjölskyldunni og dvalið oftar í húsinu sínu í Suður-Frakklandi.

L. Arnalds og ég og þegar við fluttum úr Arnarhvali upp á Laugaveg þar sem við leigðum um tíma með heilbrigðisráðuneytinu þá komst skjalasafn sjávarútvegsráðuneytisins fyrir í aftursætinu á Volkswagninum mínum.“

Viðtalið fer fram á sextíu og fimm ára afmæli Kristínar. Hún var því ekki komin á eftirlaunaaldur þegar hún lét af störfum. „Ég var kannski ekki alveg

tilbúin að hætta en fyrst starfsemin breyttist um áramótin fannst mér það ágætur endapunktur. En það var rosalega erfitt að hætta þótt ég veldi það sjálf og ég gekk í gegnum þvítíkar lægðir í sálarlífinu á lokamánuðunum. En svo fórum við hjónin til Tenerife og dvöldum þar um tíma. Erum nýkomin heim og nú lítur allt betur út.“

gun@frettabladid.is



Faðir okkar, tengdafadir, afi og langafi,

Runólfur Ó. Þorgeirsson

f.v. skrifstofustjóri Sjóvá tryggingafélags Íslands, Fannborg 5, Kópavogi,

verður jarðsungið frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. febrúar kl. 15.00.

Einar Runólfsson

Guðrún Kr. Runólfsdóttir

Þorgeir Pétur Runólfsson

Guðni Kr. Runólfsson

Katrín Runólfsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Þórunn Guðbjörnsdóttir

Dale Campbell - Savours

Jóhanna M. Guðnadóttir

Erlingur Erlingsson

Greiðslu- og seðilgjöld felld hjá LÍN

Greiðendum námslána Lánasjóds íslenskra námsmanna er nú gefinn kostur á að afþakka almenna greiðsluseðla. Þannig fást greiðslu- og seðilgjöld greiðenda felld niður að fullu.

Seðilgjöldin eru mismunandi, en algengasta gjaldið er 350 krónur að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá sjóðunum. Til að fá gjöldin felld niður þarf að fara inn á „Mitt

svæði“ hjá LÍN og afþakka þar seðlana tímanlega fyrir næsta gjalddaga. Vegna gjalddagans 1. mars 2008 er fresturinn til 15. febrúar næstkomandi. Gjalddaginn nær til um 26.000 greiðenda.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Gunnar I. Birgisson, stjórnarformaður LÍN, opnuðu þessa nýju þjónustu í húsa-

kynnum LÍN þann 1. febrúar síðastliðinn að viðstöddum fyrsta greiðandanum sem hafði ákveðið að nýta þjónustuna og afþakka þar með greiðslutilkynningu í pósti.

„Mitt svæði“ er einkasvæði viðskiptavina LÍN og gefur þeim kost á öruggum samskiptum við sjóðinn, auk þess sem viðskiptavinirnir hafa þar aðgang að trúnaðarupplýsingum.

SPRENGIDAGURINN

Saltkjöt og baunir er eldað á flestum heimilum að minnsta kosti einu sinni á ári og því ágætt að eiga potta og skálar sem hæfa baunasúpunni.

HEIMILI 2



SMEKKLEGIR HÁFAR

Háfar þykja hið mesta þarfæring í öll eldhús sem eitthvað eru notuð. Fyrst voru þetta óttaleg ferlíki en núna fást smekklegir háfar sem fara vel með öðru í eldhúsinu.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst
8. febrúar n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



Rútur slappar af í uppáhaldshorninu með heimilisköttinn Baktus í fanginu. Í glugganum má sjá indónesíska gítarinn og sjónvarpið góða nýttist bæði sem kvikmyndatjald og tölvuskjár. Einnig glittir í skissur og málverk eftir Rút.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bæði í músík og myndlist

Rútur Skæringur Sigurjónsson var ekki lengi að nefna uppáhaldshornið sitt á heimilinu en þar eru hans helstu áhugamál samankomin.

„Sjónvarps-, myndlistar- og tónlistarhornið mitt er án efa uppáhalds staðurinn minn á heimilinu. Ástæðan er sú að nánast öll mín áhugamál eru þar staðsett. Ég er mikill kvikmyndaunnandi og mér finnst gaman að leika á hljóðfæri og mála myndir,“ segir Rútur sem nýtur þess að slaka á með áhugamálum sínum eftir vinnudaginn. „Ég sit oft í sófanum og spila á hljóðfærin mín sem eru þá helst gítar og bassi en annars hef ég verið að búa við að læra á nýtt hljóðfæri sem mér áskotnaðist í Barcelona. Þetta er indónesískur gítar með einum streng og trommu að neðan,“ segir Rútur kíminn en hann hefur spilað sér til gamans með ýmsum hljómsveitum auk þess að leggja stund á tónlistarnám.

Sjónvarpið er Rúti kærkomið. „Það er tiltölulega nýtt og freistaðist ég til að fá mér tæki í stærra lagi. Ég horfi mikið á költmyndir og splattera. Dæmi um

myndir sem eru í uppáhaldi er Pulp Fiction og mér finnst Nightmare on Elmstreet-myndirnar frábærar, þrátt fyrir að þær teljist seint til gæðakvikmynda. Það er gott illmenni í þeim myndum,“ segir Rútur glettinn og bætir við: „Annars hef ég mjög gaman af gömlum, hallærislegum myndum sem eru smekkkfullar af fleygum setningum.“

Rútur ætlar að halda sína fyrstu myndlistarsýningu í versluninni Borgarpakk í kringum næstu mánadámót. „Búðin er á Frakkastíg og selur lífrænan tískufatnað. Eigendurnir ákváðu að fara af stað með verkefni þar sem þau fá íslenska listamenn til að sýna verk í búðinni hjá sér og með því vilja þau hvetja þá til dáða. Sýningin mín verður sú fyrsta í röðinni,“ segir Rútur áhugasamur en hann er í óðaönn að mála þessa dagana og safna myndum fyrir sýninguna. „Ég er nú fyrst að demba mér almennilega í myndlistina þó ég hafi reyndar stundað þriggja ára nám á listbraut í fjölbrautaskóla. Mig langar hins vegar mikið í Kvikmyndaskólann enda myndi það sameina öll mín helstu hugðarefni,“ segir Rútur einlægur.

hrefna@frettabladid.is

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgöflar

**ALLTAF BESTA
VERÐIÐ**

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú **119,900 kr**

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú **103,000 kr**

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000 kr**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

5125050
Auglýsingasími

Aukin ökuréttindi - Meirapróf



Næsta námsskeið hefst 6. febrúar



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Pottaplöntur þurfa mismikla sól og mismikið vatn og um að gera að kynna sér þarfir þeirra þegar þær eru keyptar. Fyrir þá sem finnst of flókið að muna hvað hentar hverri plöntu geta gerviblóm verið góður kostur.



Tré **STIGAR** **Stál**

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

Einnig: Innihurðir, Harmonikkurhurðir Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti Gólfistar og margt fleira

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vönduð vara og hagstætt verð..... **Ryðfrítt**

Gler

Saltkjöt og baunir, túkall!

Sprengidagurinn er á þriðjudaginn og þá er um að gera að taka vel til matar síns og vera ekki að hugsa um allar bollurnar sem runnu niður daginn áður.

Á sprengidaginn má hesthúsa eins miklu og maður getur og nota svo alla hina dagana til að hugsa um hollustu og heilsu.

Fjölskyldumatarboð eru ekki óalgeng á sprengidaginn því hvað er heimilislegra en að belgja sig út af ilmandi saltkjöti og rjúkandi baunasúpu.

vera@frettabladid.is

Vetrarlegur járnpottur sem er tilvalið að sjóða saltkjöt-ið í. Hann er tignarlegur og passar vel á veisluborðið.

Appel-sínugult undirlag hæfir vel og falleg ausa skemmir ekki fyrir. iittala-pottur: 18.500 krónur. Diskamotta: 2.250 krónur. Ausa: 2.200 krónur.

FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Súputarína sem þessi yljur eflaust mörgum um hjarta-rætur og minnir um margt á súpuskálina frægu sem Émil í Kattholti festi höfuðið í þegar hann var að reyna að ná úr henni síðustu ögnunum. Fæst í Þorsteini Bergmann á Skóla-vörðustíg og kostar 6.480 krónur.

Líflæg Emmu Bridgewater tarína. Fæst í tveimur stærðum og er hægt að fá súpuskálur í stíl. Fæst í Pipar og salt. Verð: 5.900 krónur.

Sparilegur EVA-TRIO pottur úr Kúnigúnd. Tekur 7,5 lítra. Potturinn kostar 12.670 krónur og lokið 5.250 krónur.

Ausu-sigti úr Kúnigúnd. Hand-hægt áhald til að veiða saltkjötið upp úr pottinum. Verð: 2.380 krónur.

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is

Kjarnagluggar

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

Ekkert viðhald

MYNDARAMMA OG ALBÚMADAGAR

31. jan. - 14. feb.

SKERUM MYNDAKARTON EFTIR MÁLI

20% AFSLÁTTUR

myndval

Myndval í Mjódd (strætóhúsið)
Þönglabakka 4 - t. 557 4070
www.myndval.is

RÚNAR RÓBERTS

virka daga kl. 13

BYLGJAN
989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ÚTSALA ÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

Nú einnig fatnaður **LAURA ASHLEY**

Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • sími 551-6646

Krúttleg kerti

ÁSTÚÐLEGUR YLUR

Nú liður senn að Valentínusardeginum sem er 14. febrúar og þá er um að gera að vera búinn að huga að rómantíkinni á heimilinu.

Fátt er rómantískara en kertaljós á síðkvöldi. Til eru ýmis falleg kerti og til að fullkomna rómantískt og ástleitið andrúmsloft er ekki úr vegi að verða sér úti um hjartalaga kertaljós í sætbleikum og dumbrauðum litum.

- hs



HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Fríhangandi háfur sem kallast Zeus Isola 180 og er fánlegur í Raftækjaverslun Íslands.



Háfar hafa tekið miklum breytingum síðustu ár og eru nú orðnir eins og flottustu innanstokksmunir, samanber þessi Elica-eyjuháfur sem líkist einna helst ljósakrónu. Fæst í Eirvík.



Þessi veggháfur kallast Míro Vetro og fæst í Raftækjaverslun Íslands.

Ferlíki sem hafa fríkkað til muna

Eldhúsháfar fást í sífellt fleiri og flottari útfærslum.

Eldhúsháfar hafa svo sannarlega tekið stökkbreytingum á síðustu árum, frá því að vera forljót ferlíki í það að vera eins og hver annar innanhúsmunur. Þá eru ýmsar útfærslur í boði, svo sem veggháfar og eyjaháfar, þótt hlutverkið sé ávallt það sama: Að soga í sig lykt, fitu og önnur óhreinindi, svo þau setjist síður á innanstokksmuni og heimilið haldist fínt og hreint. Síðan er hægt að velja um einnota og fjölnota lyktarfiltera í háfinn, sem hægt er að þvo og þurrka, og eins fá sér háfa með útblæstri vilji maður losna við sem mest af óhreinindunum beint út úr húsi.

roald@frettabladid.is



Fríhangandi háfur sem kallast IKD-18560 með tvöföldum mótör fyrir stórar eyjur. Fæst í Rafha.



EFC-6690X Electrolux Bright-veggháfur. Öðruvísi veggháfur með hvítum ljóskúpli. Fæst í Rafha.

Eyjuháfur úr stáli sem kallast Whirlpool -AKR803IX og fæst í Heimilis-tækjum.



Rýmingarsala - Verslunin flytur !

Sófaáklæði - Stólaáklæði - Rúmteppi ásamt ýmsum fallegum vörum.



Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - s. 553 0444 - www.sofalist.is

Höldur í miklu úrvali

Yfir 300 gerðir til á lager



Laugavegi 29 • Sími 552 4320
www.brynja.is • brynja@brynja.is

ÚTSALA

Plastparket
frá 890 kr/m²

Þúsundir fermetra
af flísum með
20-70% afslætti

Eikarparket
14 mm 3 stafa
verð kr 2.290 kr/m²



ALFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401



HONDA ACCORD SEDAN TYPE „S“
Árgerð 2007 Ekinn 10 þ.km. Vel út
búinn sumar og vetrardekk. 100% lán

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthiasar



M.BENZ A140. Árg. 2002, ek. 77 þ.km,
BENSÍN, 5 girar. V. 890 þús. Rnr.230414.
Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi
2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18 laug.
12-16.
www.bilalif.is

Arnarbílar
www.arnarbilur.is



FORD EXPEDITION EDDIE BAUER 5.4L
V8 Ssk. 8 MANNA, ek 46 þ. km. Leður,
DVD, Rafdrifin sæti, Topplúga, Hiti og
kæling í sætum, Navi skjár, Verð 3.450
þ. TILBOÐ 2.850.þ Áhv 2.850 þ. Nánari
uppl á www.arnarbilur.is rn: 110913 S.
567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is

100 bílar.is



Ford Expedition Limited AWD, árg.
2006, ek.26þús.km, Sjálfsk. Filmur,
Topplúga, Leður og fl. Verð 4990þús.kr,
áhv.4400þús.kr. Sjón er sögu ríkari!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og
laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað.
Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk
fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á
Netbilar.is Verðvernd í bílasölu.



Land Rover Defender 2003 Km.
180.000. Breyttur 37", ný dekk, spil,
snorkel, loftkæling, Topp standi, Verð
2.550.000. S. 695 6668.



Gott verð!! Gott verð!!
Dodge Ram 3500 SLT árg. 2004 ekinn
94 þ. km. 38" breyttur. Verð 2400 + vsk.
S. 898 2811.



Dodge Ram 2500 Laramie Diesel 2007
ekinn 5þ. Leður, 6 manna, topplúga.
35" breyttur lok á palli. Einn með alveg
öllu. S. 898 2811.



Fallegur Ford Mustang árg. 2005. Ek.
50þ milur. Í toppstandi, eins og nýr.
Sími 844 6154 & 517 2383. Brynjar



Opel Astra. árg. '97 ek. 152 þús. km.
Vel með farinn Opel Astra á 190.000kr.
upplýsingar í síma 8932203 eða
6948615. Sumar og vetrardekk.

0-250 þús.

Til sölu Audi A4 05/96 ek 195 Mjög
gott eintak en bíluð sjálfskipting S.896-
6766

Til sölu Volvo 460 '95 Einnig Toyota
Corolla 4wd '93. Báðir þarfnast við-
gerða Uppl 8929120

500-999 þús.

M. Benz E200 árg.'98, ssk. ek. 171
þús. Bensín. Verðtilboð. Uppl. í síma
849 8575.

Nissan almera 03 gylltur, bsk,ekinn
94þúsund fæst á yfirtöku á láni sem er
750 þúsund. uppl 8653229

Bílar óskast

Sárvantar bíl/jeppling á verðb. 0-100.
þús 5.659-8771.

Jeppar



Grand cherokee LTD árg 99, 4,7L, nýsk
til 07/09,raf í öllu,Tilboð 850 þús stgr
enn í skiptum þá 1150 þ. s: 6903466

Pallbílar



Vörubílar



2 city vagnar til sölu
Hef til sölu 2 city vagna árgerð 1999
í finu standi. Með 1500kg lyftu. Verð
á stk 1.000.000 +vsk. Verð fyrir 2 stk
1.800.000+vsk. Upplýsingar í síma 893-
8327



Atvinnutækifæri. Volvo fh 16 og mal-
arvagn ásamt kennitölu og vsk númeri
á bak við reksturinn er til sölu. Allt
klárt til að hefja rekstur, auðveld kaup.
Upplýsingar í síma 8945985



Man 26, 530 árg. 2004, ekinn 214.000
km. dráttarbill á loftfjórdrun að aftan,
cruskontrol, retander, hitari f. hús og
vél. Verð 6,5 millj. + vsk, upplýsingar í
síma 892-1575

Vélsleðar



Arctic Cat Crossfire 700 EFI Sno pro árg
2006 Topp sleði nagglar í belti.Eins og
nýr verð 800. S:898-2811

Kerrur



**Vetrartilboð á Brenderup
kerrum**

2 metra kerrur frá kr. 99.970 m/VSK!
Sjón er sögu ríkari !! Margar stærð-
ir í boði! Lyfta.is - Njarðarbraut 3 -
Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is



Árg. 2007,nýskoðuð,Verð 1290 þús.L-
5m, B-2.03m, 2.1m.Hliðarhurð, vængja-
hurðir að aftan. 15" dekk. Handbrensa,
hleðslujálfari á bremsukerfi. Þyngd
1300 kg. Sjá www.motorhjol.net Uppl.
í s 824 6600.

Vinnuvélar



Hjólbarðar



35" nelgd dekk. Lítið notuð Procomp
35x12,5R17 Uppl. í síma 844 4422

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í
flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum
Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00
- 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris,
Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig air-
bag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 &
892 7852.

**Bílhutir, Kaplahrauni 14,
S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda
og Daihatsu. Eigum einnig varahlut
í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til
niðurnifs.

Japanskar Vélar/Bílastar, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og
kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök
áhersla á Nissan og MNC. Opíð 08-18.
S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

Bílapartar og þjónusta. Dalshrauni 20

S. 555 3560
Eigum varahluti í flestar tegundir bif-
reiða. Sérhæfum okkur í Subaru Nissan
og Toyota.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og
vanir menn



Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig
um þríf. Föst verðtilb. Flutningsþríf
Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þríf í fyrirtækjum
og einnig flutningsþríf. Ástu-Svæði . S.
848 7367.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafli, fyrirtækjafli,
píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga
og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum
með besta verðið. Uppl. í síma 899
2536 & 659 4403.

Garðyrkja



Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjóssi



Vetur, sumar, vor og haust. Vanir
menn, vönduð vinna! Upplýsingar veita
Ólafur 661 2005 & Hilmar 699 8509
Kletthamar ehf. www.kletthamar.is

Málarar

**25% afsláttur af allri
málningar-og spörsunar-
vinnu.**

tilboð eða tímavinna, fagleg vinnubrögð
og margra ára reynsla. Uppl. í s. 849
7699.

Húsviðhald



Viðhaldsvirkni ehf
S. 661 0117 & 690 9117

Málarameistarar, múrarakir og smíðir.sérhæfa sig í öllu
sem viðkemur viðhaldi
fasteigna. Svo sem málnun
utan sem innan.
Sandspörsun. Steypu-múr
uppsteypu, sprungu og
múrviðgerðum, tröppu-
viðgerðum sem og margt fl.

Fyrirtækið gerir þér
tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is



A+verktakar ehf
Bestir í flisum - góðir í múrverki.
Tilboð - tímavinna.
Uppl. í s. 897 9394. Ásgeir.



Valsað ál fyrir þök og veggj

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.alyak.is

fasteignir

4. FEBRÚAR 2008



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is

Þórarinn
Jónsson Hdl.
Löggitur
fasteignasali



Verðmetum **FRÍTT** fyrir þig!
Hringdu núna ☎ 699 6165

Norðurbraut 1, 220 Hafnarfjörður



Verð 41.900.000

- 143,8 fm
- 5 herbergja
- 3 hæðir
- Brunabótam: 18.600.000

OPÍÐ HÚS
Í DAG MILLI
KL. 18.30 - 19.00

Smárarími 27, 112 Reykjavík



Verð 59.900.000

- Einbýli
- 188,2 fm
- Bílskúr
- 4 herbergja
- 100 fm pallur

OPÍÐ HÚS
Í DAG MILLI
KL. 18.30 - 19.00

☎ 699 6165



Húsið að Furuvöllum 2 er 211 fermetrar að stærð en þar af er bílskúrinn 26 fermetrar.


Tvær innbyggðar uppþvottavélar í eldhúsinu

Fasteignasalan Ás í Hafnarfirði hefur til sölu nýtt einbýlishús á einni hæð.

Að Furuvöllum 2 í Hafnarfirði stendur nýtt einbýlishús á einni hæð. Alls er fermetrafjöldinn 211 en þar af er 26 fermetra bílskúr. Komið er inn í forstofu með flísum og skáp. Gestasnyrting er einnig flísalögð og útbúið veggjalerni. Sjónvarpshol er flísalagt en eldhúsið er með góðri innréttingu, granítborðplötu og hnotuborðplötu. Í eldhúsinu er stæði fyrir tvöfaldan ísskáp, tvær innbyggðar uppþvottavélar sem fylgja með í kaupunum,

háfur og flísar á gólfi. Stofa og borðstofa eru með parketi en þaðan er gengið út á um 88 fermetra verönd með skjólveggjum og heitum potti.

Badherbergi er með góðri innréttingu, baðkari, sturtu og flísum í hól og gólf. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi með parketi og skápum í hjónaherbergi. Hægt er að ganga út á lóð úr hjónaherbergi. Þvottahús með flísum á gólfi, en þaðan er einnig hægt að ganga út á lóð. Geymsluloft er fyrir ofan þvottahús. Innangengt er í bílskúrinn sem er búinn rafmagni, vatni, hita og millilofti. Bílaplan er hellulagt og með hita. Ásett verð er 54,9 milljónir króna.



Finndu þér stað

Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
4,7%

Miðað við myntkörfu 4,
Libor-vextir 10.1.2008.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lág múla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.



Strandgötu 29 Akureyri
Símar: 464 9955 • Fax: 464 9956

www.byggd.is

Brattahlíð 2

Mjög gott 225,5 fm 5-6 herbergja einbýlishús, hæð, kjallari og bílskúr, á rólegum og góðum stað á Akureyri. Fallegur garður og stutt í skóla og þjónustu. **Verð 35.9 m.kr.**

Langahlíð 13

Vel staðsett 224 fm hús með tveimur íbúðum í og bílskúr. Möguleiki á útleigu eða stóru einbýli. Húsið er með fallegan garð og í fallegu umhverfi við Glerána á Akureyri.

Langahlíð 24

Mjög gott og vel viðhaldið 5 herbergja einbýlishús á mjög góðum stað í Glerárhverfi. Húsið er samtals 181 fm. að stærð, þar af er bílskúr 36,7 fm.

Ránargata 7

Einbýlishús á 3 hæðum á rólegum stað á Eyrinni. Húsið er 5 herbergja samtals 120 fm. að stærð. Mögulegt að yfirtaka hagstætt lán frá SPNOR. **Verð 25 m.kr.**

Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

Búmenn auglýsa íbúðir

Suðurgata 17-21 í Sandgerði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 90 fm að stærð ásamt góðum yfirbyggðum svölum. Íbúðin er á jarðhæð í Miðhúsum í Sandgerði. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

Miðnestorg 3, í Sandgerði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 71 fm. Íbúðin er á þriðju hæða lyftuhúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar strax. Íbúðin er í miðbæjarhúsi sem kallast Varðan.

Umsóknarfrestur er til 11. febrúar n.k.

Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 í síma 552-5644 milli kl. 9-15.

Eignamiðlun Suðurnesja Hafnargötu 20 • 230 Keflavík Sími 421 1700 • es.is
Stofnað 1978 fax 421 1790 • es.is

Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali • Júlíus Steinþórson sölumaður, julli@es.is

Fróm

Hafnargata 20, Reykjanesbær

Til sölu fjórar íbúðir í þessu glæsilega fjölbýlishúsi, um er að ræða tvær 2ja herbergja íbúðir og tvær 3ja herbergja íbúðir. **Íbúðirnar eru sérlega vandaðar og eru staðsettar í hjarta bæjarins. Góð lán.**

Aðrar upplýsingar á skrifstofu

SKÓBÚÐIN

Til sölu Skóbúðin í Reykjanesbæ

Um er að ræða verslun í hjarta bæjarins. Verslunin hefur verið starfrækt á sama stað í yfir 50 ár og er með stóran viðskiptahóp. Verslunin hefur mörg af þekktustu vörumerkjum í skófatnaði og má þar nefna Ecco, Lloyds, Vagabond, Sketchers, Imac, Adidas og Puma, ásamt fleirum merkjum. Mörg sóknarfæri eru fyrir hendi þar sem Reykjanesbær er í mikilli uppsveiflu og svo er einnig með nýkomnið háskólasvæði. Um er að ræða rekstur og einnig lager verslunarinnar.

Aðrar upplýsingar á skrifstofu

Hert gler
...í milliveggi

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is



200 Kópavogur: Fjölskylduhús og bílskúr

Lækjarhjalldi 24: Útsýni til Bessastaða

RE/MAX Torg hefur til sölu glæsilegt sex herbergja einbýlishús með bílskúr. Samtals er húsið 268,3 fm en að sögn eiganda er um 30 fm óskráð rými að auki. Eignin er mjög vel staðsett í suðurhlíðum Kópavogs þar sem örstutt er í alla þjónustu. Húsið er innarlega í rólegri botnlangagötu og gott útsýni er úr húsinu.


Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 420 9500



HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

VANTAR ÞIG SMÍÐI?...

..múrara, pípara, járnabindingamenn, eða aðra starfsmenn?

Höfum menn á skrá sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

proventus
Traust starfsmannþjónusta

sverrir@proventus.is Sími 661 7000

Gardyrkjufraeðingur

Óskum eftir að ráða gardyrkjufraeðing með sérþekkingu á garðplöntuuppeldi.

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, góður í mannlegum samskiptum, duglegur, áreiðanlegur, reglusamur og stundvís.

Upplýsingar í síma 581-4550 milli kl 9-16 virka daga.



Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga





GERDARSAFN Ókeypis aðgangur er í safnið.

MYND/BENT MARINÓSSON

Frítt í öll söfn í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs lagði í byrjun árs fram þá tillögu að frítt yrði inn í Listasafn Kópavogs frá og með janúar 2008. Var tillagan samþykkt og er því orðið frítt í öll söfn í Kópavogi. Söfnin eru: Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Héraðsskjalasafn Kópavogs. Ekki er enn komin reynsla á hvort aðsókn muni aukast en miðað við reynslu í öðrum söfnum hér á landi og erlendis eru nokkrar líkur á því.

Á skjalasafni Kópavogs eru varðveitt gömul skjöl sem geyma sögu bæjarins frá uppvaxtarárum hans. Safnagripir náttúrufræðistofu eru fjölbreyttir og þar er hægt að fá leiðsögn. Hægt er að skoða söfnin nánar á eftirfarandi vefsíðum:



NÁTTÚRUFRÆÐISAFN MYND/BENT MARINÓSSON

www.gerdarsafn.is
www.bokasafnkopavogs.is
www.natkop.is

Heimasíða Meistaradeildar VÍS opnuð

Meistaradeild VÍS í hestaþróttum var formlega sett á blaðamannafundi á Kjarvalsstöðum í vikunni. Haraldur Þórarinnsson, formaður Landssambands hestamanna, setti Meistaradeildina en auk þess var formlega opnuð heimasíðan www.meistaradeildvis.is en á þeim vef er að finna allar upplýsingar um meistaradeildina, þátttakendur hennar og aðstandendur. Fyrsta mótið af sjö fór fram fimmtudaginn 31. janúar. Næstu mót verða sem hér segir:

14. febrúar 2008 - smali / hraðafimi

28. febrúar 2008 - tölt (T1)

13. mars 2008 - gæðingafimi

27. mars 2008 - fimmgangur

10. apríl 2008 - 150 m skeið og gæðingaskið

24. apríl 2008 - Slaktaumatölt (T2) og flugskeið

Margir af fremstu knöpum landsins etja kappi í deildinni líkt og undanfarin ár. Keppendur eru

Nýr hagstofustjóri

Ólafur Hjálmarsson, skrifstofustjóri, hefur verið skipaður í embætti hagstofustjóra til næstu fimm ára frá 1. mars næstkomandi.

Ólafur er fæddur í Vestmannaeyjum 6. febrúar 1957. Hann lauk cand. oecon. prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1984 og M.A.-gráðu í þjóðhagfræði frá York University í Toronto árið 1986. Hann hefur verið skrifstofustjóri fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá árinu 1999 og staðgengill skrifstofustjóra á árunum 1992 til 1999.

Ný lög um Hagstofu Íslands tóku gildi um áramót og er hún nú sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra.

ÓLAFUR HJÁLMARSSON Nýr hagstofustjóri.



VIÐ SETNINGU Örn Karlsson og Haraldur Þórarinnsson innsigla setningu Meistaradeildar VÍS 2008. MYND/JENS EINARSSON

24 og fyrir utan að keppa hver við annan taka allir þátt í liðakeppni undir merkjum sex fyrirtækja.

Það er Örn Karlsson, eigandi og staðarhaldari Ölfushallarinnar, sem er höfundur Meistaradeildarinnar. Hann hefur meðal annars þróað nýjar keppnisgreinar sem hafa náð vinsældum, smala og gæðingafimi. Að öðru leyti er keppt í hefðbundnum greinum hestaþróttar.



Föndurverslun

Síðumúli 15
S: 553-1800

Sjón er sögu ríkari



Félag viðskiptafræðinga
og hagfræðinga

ÍSLENSKI ÞEKINGARDAGURINN

DRIFKRAFTAR ÁRANGURS

RÁÐSTEFNA OG VERÐLAUNAAFHENDING
á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 7. febrúar, kl. 9.00-12.00

RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN!

Hver er drifkrafturinn að baki árangri? Hægt er að skoða það á almennu máli og nefna þætti sem eru mikilvægir: Stefna fyrirtækisins er skýr, leiðtogar innan fyrirtækja veita innblástur, fyrirtækjameningin - teymisvinna - allir vinna að sama marki, einstaklingsvinna - sterkir einstaklingar standa upp úr og auka árangur fyrirtækisins, kerfi sem stuðla að bættum árangri - hvatakerfi, menntun o.s.frv., sköpunarkraftur, nýbreytni, innblástur og margt fleira.

FVH efnir til ráðstefnunnar og verðlaunaaafhendingarinnar Íslenska þekkingardagsins, þar sem þemað er „Drifkraftar árangurs.“ Erlendur gestafyrirlesari er Fredrik Härén, fyrirlesari ársins 2007 í Svíþjóð og höfundur bókarinnar The Idea Book. Einnig flytja Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group, og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital Fjárfestingarbanka, erindi á ráðstefnunni.

Þrjú fyrirtæki eru tilnefnd til íslensku þekkingarverðlaunanna 2008:

ÖSSUR, NORÐURÁL OG KAFFITÁR



DAGSKRÁ

Gunnar Sigurðsson	8.30-9.00	Afhending ráðstefnugagna og léttur morgunverður
	9.00-9.10	Ávarp formanns FVH Þróstur Ólaf Sigurjónsson
Þorvaldur L. Sigurjónsson	9.10-9.30	IT'S A SMALL WORLD Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group
	9.30-9.50	FJÖLBREYTNÍ: FORSENDI FRAMFARA Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital Fjárfestingarbanka
	9.50-10.10	Hlé
Fredrik Härén	10.10-11.30	IMAGINATION IS MORE IMPORTANT THAN KNOWLEDGE Fredrik Härén, fyrirlesari ársins 2007 í Svíþjóð og höfundur bókarinnar The Idea Book
	11.30-12.00	Viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, afhendir þekkingarverðlaun FVH og kynnr val á viðskiptafræðingi/hagfræðingi ársins 2007
		Léttar veitingar í lok ráðstefnu.

Ráðstefna FVH gefur 4 einingar hjá Endurmenntunarnefnd FLE.

Ráðstefnustjóri er Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs Glitnis.



Birna Einarsdóttir

SKRÁÐU ÞIG STRAX

Skráning fer fram á vef FVH, www.fvh.is eða í síma 551 1317. Verð 8.450 kr. fyrir félaga FVH og 16.900 kr. fyrir aðra. Innifalið: Ráðstefnugögn, léttur morgun- og hádegisverður.

Styrktaraðilar íslenska þekkingardagsins:

Morgunblaðið

Hilton
Reykjavík Nordica

Viðskiptablaðið

Kemur í verslanir 7. febrúar!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klúbb, 149 kr/skeytið.



9
HVER VINNUR!

Sendu sms **BTC RAF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

Vinningar eru DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMS LEIKUR

RATATOUILLE



www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FOTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gadget) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki



STUÐ MILLI STRÍÐA Sparnaðaraðgerðir

VIÐÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR MAULAR NESTI



Af atgangi fjölmiðla mætti draga þá ályktun að kreppa sé yfirvofandi. Á hverjum degi berast fréttir af því að fjármálamarkaðir hafi átt arfaslæman dag og stórfyrirtæki sem áður keyptu allt sem tönn á festi eru farin að halda að sér höndum. Við skjálfum öll á beinum og íhugum að kaupa traustan erlendan gjaldmiðil fyrir íslenska spariféð okkar. Nú geta fátæklingar aftur á móti gláðst eilífið; þeir sem hafa eytt undanförunum árum í að passa upp á hverja krónu finna ekki jafn mikið fyrir kreppunni og þeir sem lifðu hátt. Og það sem meira er þá verður aðhaldssemi í fjármálum töff nú

þegar við höfum engra kosta völ.

Vissulega er fremur síurt að þurfa að leggja einkaþotunni og geta ekki lengur leyft sér kampavín með morgunmatnum. En við tökum þessu eins og menn og börnum okkur ekki; áður hefur verri vástæðjað að landi og þjóð og við létum eigi bugast. Við fellum ekki tár yfir ástandinu heldur stöndum hnarreist og veltum fyrir okkur sparnaðaraðgerðum.

Fremst meðal slíkra aðgerða er nestisát í vinnu og skóla. Nirflar hafa lengi vitað að heimatilbúið nesti hefur ótvíræða yfirburði yfir skyndibitamati. Fyrir utan að vera ódyrt býður það okkur upp á fullkomna stjörn; heimasmurð samloka þarf ekki að innihalda neitt

sem við kærur okkur ekki um. Fyrir matvanda, til að mynda þá sem ekki kunna að meta hráa tómata, er þetta ómetanlegur kostur. Sumir bera fyrir sig þá afsökun að þeir borði skyndibitamati í vinnunni vegna þess að þeir hafi ekki tíma til að útbúa sér nesti á morgnanna; afsökun þessi er léleg. En nú vænkast kostur tímafátækra þar sem að í fjárhagssparnaði felst einnig tímasparnaður. Þegar við verðum hætt að eyða öllum okkar stundum í að synda með höfrungum í einkasundlauginni eða útreiðartúra á arabískum gæðingum um töfralönd í næstu vídd ættum við að geta skrapað saman nægum tíma til að smyrja okkur eins og eina samloku í morgunsárið.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Citroën C4 Saloon SX

Tækniásláttur
150.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 1.949.000*

1,6i 110 hö 147 Nm 5 girá 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í bl. akstri 7,1 l/100 km
Listaverð kr 2.099.000



Sjáðu tækni Citroën í dag

Tæknisýningar á hjólum

Hver Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig. Þú fylgist með nýjungum. Þú vilt nútímatækni, **gott verð og gæði. Þú kemur** á tæknisýningar í Brimborg í dag, Bíldshöfða 8. Nýttu þér sýningarverðið. Sjáðu tæknisýningaafslætti dagsins. *Komdu í Brimborg í dag.*

Komdu á tæknisýningu.
Allt að 261.000 kr.
tækniásláttur.



Citroën C5 Exclusive II

Tækniásláttur
261.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 2.598.000*

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur
5 dyra CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Listaverð kr 2.859.000

Citroën C3 SX

Tækniásláttur
127.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 1.598.000*

1,4i 75 hö 118 Nm 5 girá 5 dyra
CO2 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Listaverð kr. 1.725.000




visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

FOR SAFER CARS

www.euroncap.com

Komdu í Brimborg.
Þú sérð að hver og einn Citroën
er stór tæknisýning út af fyrir sig.
Vertu á tæknisýningu.

 **brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Lessing tekur við Nóbelsverðlaunum

Breski rithöfundurinn Doris Lessing tók við bókmenntaverðlaunum Nóbels við hátíðlega athöfn í London síðastliðinn fimmtudag. Heilsufarsvandamál komu í veg fyrir að Lessing, sem er 88 ára gömul, gæti ferðast til Stokkhólms til að taka við verðlaununum í desember og því var brugðið á það ráð að veita henni verðlaunin í heimaborg hennar.

Lessing var að vonum hæstánægð með heiðurinn. Í ræðu sinni við athöfnina sagði hún meðal annars: „Það virðist varla vera nóg að þakka fyrir sig þegar maður hefur unnið sjálf verðlaun verðlaunanna. Þetta er sannarlega ótrúlegt. Ég held að það sé vart hægt að stefna hærra.“ Hún bætti síðar við, í gamni fremur en alvöru, að hugsanlega gæti hún nú átt von á klappi á kollinn frá sjálfum páfanum. Staffan Carlsson, sendi-



herra Svíþjóðar í London, studdi Lessing upp á sviðið til þess að taka við verðlaununum. Hann hélt einnig ræðu þar sem hann sagði Lessing nú loks vera sýnd sú sæmd sem hún hefði lengi átt inni hjá bókmenntaheiminum.

Leikararnir Juliet Stevenson og Alan Rickman lásu upp úr næstu bók Lessing, Alfred and Emily, sem kemur út í maí næstkomandi. Sagan er að nokkru leyti byggð á fortíð Lessing sjálfar; hún veltir fyrir sér hvaða áhrif það hefði haft á lífshlaup foreldra sinna hefði fyrri heimsstyrjöldin aldrei átt sér stað.

Lessing er aðeins ellefta konan sem hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels í 106 ára sögu verðlaunanna. -vp

DORIS LESSING Tók við bókmenntaverðlaunum Nóbels í London í síðustu viku.



LEIKLIST Þrjú gamlir menn með bagga átaka sem sködduðu þá alla fyrir lífstíð: Guðmundur, Theódór og Sigurður.
MYND: LR/SIGFÚS

Partíið er búið

Það var mikið hlegið og datt á frumsýningu í Borgarleikhúsinu á föstudaginn, enda fóru snjallir leikarar með núturlega myndir og góðan texta.

Þrjú menn sitja á verönd á elliheimili sem ætlað er gömlum hermönnum úr fyrri heimsstyrjöldinni. Þeir gætu verið fangar, þeir gætu verið á hvaða elliheimili sem er og það er einmitt þess vegna sem handritið er svo gott. Það skiptir ekki máli að þeir eru á mismunandi aldri og það skiptir ekki máli að þeir eru af mismunandi stéttum en það sem skiptir máli er að þeir eru þrjú manneskjur sama marki brenndar þótt einkennin hafi mismunandi birtingarform. Þeir hafa allir þá reynslu að hafa tekið þátt í einhverju viðbjóðslegasta og mannskæðasta stríði sem sögur fara af, nefnilega heimsstyrjöldinni fyrri. Hvaða máli skiptir slík sýning fyrir okkur hér og nú?

Jú, hún skiptir því máli að þetta gæti í raun og veru fjallað um hvaða hópupplifun sem er, eitt-hvert hræðilegt áfall sem margir hafa orðið fyrir.

Félagarnir þrjú spjalla um það fólk sem er á heimilinu og við kynnumst innviðum þess þótt fleiri séu leikararnir ekki. Þessi verönd er römmuð inn í landslag sem í fyrstu virðist vera einhvers konar púsluspil og kannski eins og landakort yfir þau ríki sem tóku þátt í styrjöldinni, eins minnir leikmyndin á mínigölvöll, sem er kannski líka táknrænt því mínigölvöllur er ekki alvöru gölfvöllur og það líf sem þeir lifa hér á þessu heimili er ekki í alvöru skotgröfum þó svo að þeir hreyfi sig í myndinni og noti orðaforða eins og þeir væru enn í stríði.

Leikmyndin er í einfaldni sinni mjög margræð. Hún minnir einnig á ákveðna tegund af kúluspilum þar sem kúlan fer eftir brautum og lendir svo oní þar til gerðum skálum. Partíhattar liggja í útjaðri myndarinnar, sem sagt, partíið er búið. Heiðurinn af leikmyndinni eiga þýsku listamennirnir Brit Dadrop og Jürgen Höth.

Leikararnir þrjú hreyfa sig í myndinni og lítið gerist utan hennar. Litirnir grænu og gráu og slepjulegu steinarnir leiða hugann til þeirra staða sem sködduðu þessa menn. Einkar skemmtileg, óvenjuleg og frumleg leikmynd sem í sjálfu sér leikur stórt hlutverk í uppsetningunni.

Steinhundur leikur fjórða hlutverkið og er það ansi hreint stórt hlutverk enda talar Guðstaf, einn félaganna, um að þeir séu kvartett en ekki tríó því hundurinn er alltaf með þeim. Stendur pikkfastur með kiki um hálsinn eins og hann sé að

LEIKLIST

Hetjur

Eftir Gerald Sibleyras
Þýðandi: Pétur Gunnarsson
Hljóð: Ólafur Örn Thoroddsen
Ljós: Kári Gíslason
Leikmynd og búningar: Jürgen Höth og Brit Dadrop
Leikstjóri: Hafliði Arngrímsson

★★★★

Paulhugsuð og hrifandi leiksýning.

fylgjast með förum óvina fyrir þessa þrjú miklu hermenn.

Sigurður Skúlason leikur aristókrata sem virðist vera hinn sterki í hópnunum en er í raun sá er á erfiðast með að fóta sig í lífinu að stríðinu loknu. Guðstaf, sem Sigurður túlkar af mikilli sannfæringu og innlifun, er flottur í tauninu og hefur aðeins dvalist á þessu elliheimili í sex mánuði þegar sagan hefst. Hann hreyfir sig og tjáir eins og sá sem alla tíð hefur notið smekklegs umhverfis. Í fyrstu virðist hann vera fýlupúki og nöldrandi gamall karl, sem álitur sig betri en aðra menn, en svo kemur hin óhugnanlega hræðsla og þráhyggja í ljós. Oft hefur Sigurður verið góður á sviðinu en hér held ég að hann toppi sjálfan sig.

Guðmundur Ólafsson fer með hlutverk Hinriks sem borið saman við hina mennina virðist vera frískastur af þeim, einkenni hans koma bara fram í einhvers konar ofvirkni og hugdettufækjum. Guðmundi, eins og reyndar öllum þremur leikurunum, virðist þykja vænt um persónuna Hinrik. Hann er sá sem sér út fyrir múrana og hann er einnig sá sem vogar sér einn út til að skoða lífið utan veggja hemilísins. Hann er sá sem skipuleggur ferðalagið sem þeir ætla saman í og á mjög fínstemmdan og næman hátt kemur Guðmundur málamiðlunarmanninum Hinrik til skila. Sá sem í raun stjórnar en þykist ekki gera það.

Theódór Júlíusson leikur Ferdinand sem er þeirra karla elstur. Hann er enn með sprengrubrot í hausnum sem verður til þess að hann dettur út mjög reglulega og þá vella úr honum ljótar setningar sem hann kannast svo ekkert við að augnabliki liðnu. Theódór nær mjög góðum tókum á þessum bangsahlunk. Þunglamalegar hreyfingarnar, algert hirðuleysi varðandi klæðnað, í takt við barnsleg uppátæki skapa trúverðugan karakter.

Þetta er leiksýning fyrir þá sem vilja sjá vel ígrundaða og góða sýningu, þar sem hljóð, mynd, ljós og leikur fléttast saman í napurri kímni.

Elisabet Brekkán

Verðbréfavíðskipti fyrir almenning

- Eru verðbréfavíðskipti aðeins á færi sérfræðinga?
- Get ég mótað mínar skoðanir um verðbréfaeign mína?
- Á ég að fara á taugum þegar verðbréf lækka?
- Á ég að kaupa, selja eða staldra við þegar verðbréf hækka?

SAMTÖK FJÁRFESTA bjóða upp á námskeið þar sem þessar spurningar verða ræddar

Standford á **Radisson SAS, Hótel Sögu**
MÁNUDAGINN 4. FEBRÚAR KL 20

Háskólinn á Akureyri, stofa L101 á Sólborg
ÞRIÐJUDAGINN 5. FEBRÚAR KL 16

Háskólinn á Bifröst
MIÐVIKUDAGINN 6. FEBRÚAR KL 15

FYRIRLESARI:

Claus Silfverberg, framkvæmdastjóri PRISAS og áður framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta í Danmörku, Dansk Aktionærforening. Námskeiðið verður á ensku.

Claus Silfverberg hefur haldið slík námskeið í Danmörku á undanförunum árum.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til: vb@hi.is

**ÖLLUM ER HEIMIL
ÞÁTTTAKA Í BOÐI
SAMTAKA FJÁRFESTA**

**Samtök
fjárfesta**



MIÐVIKUDAGINN 13. FEBRÚAR

**63% FYRIRTÆKJA
VILJA TAKA UPP AÐRA MYNT**

Samkvæmt könnun meðal aðildarfélaga

Nánar á Viðskiptapingi 2008 - Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull

Skráning og nánari upplýsingar á www.vi.is og í síma 510-7100



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

AFMÆLIS 4 TILBOÐ

VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í TÍLEFNI 4 ÁRA AFMÆLIS att.is ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!

TURNUPPFÆRSLA 3



- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

69.950

ATT AFMÆLISPAKKI



- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer skjár 5ms
- Windows Vista Home Premium

99.950

ACER 22" AL2216WBD



Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

22.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði


PALIT GEFORCE 8800GT



Palit GeForce 8800GT, 512MB 1,8GHz DDR3, 600MHz Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, PCI-E 16X
Frábært skjákort í leikina

24.950


500GB ICYBOX



500GB IcyBox margmiðlunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjárföring fylgir.

21.950

SBS580 HÁTALARAR



5.1 Creative SBS580 hátalarkerfi, 5 öflugir hátalarar og öflugt bassabox, 46W RMS

5.950

400GB ICY BOX FLAKKARI



Tilbúinn Icy BOX hýsing úr áli með 400GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

9.950

IP2500 PRENTARI



Canon iP2500 er 2 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi upplausn Chromalife tækni

5.950

160GB WD PASSPORT



Litill og nettur upptánliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunar

12.950


XILENCE AFLGJAFI



Öflugur 550watta Xilence afgjafi með hjóblátri 120MM vífta, ATX ver. 2.2

5.950

TURNKASSI



CoolerMaster Dominator er einn sá allra flottasti, góð kæling og gott rými

9.950

ACER ASPIRE 5520-40



- 1.9Ghz AMD X2 Mobile TL-58
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400 GS
- 15.4" CrystalBrite skjár

89.950

TASKA FYRIR ICYBOX



IcyBox taska fyrir 3.5" harðdiskahýsingar 2 stór höll með festingum fyrir hýsinguna og snúrur

1.750

SANDISK 2GB MP3



Fluttur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heymartólum

4.950

2GB VINNSLUMINNI



2GB XMS Hágæða vinnsluminni frá Corsair, DDR2 800MHz, lífstíðarábyrgð

5.950

MSI ATI RX3850



Öflugt og gott leikjarkort frá Aí, 690MHz Core, 256MB 1656MHz DDR3 2x DVI

16.750


SENNHEISER RS120



Frábær þróaðus heymatöl með hleðsluráhlöðum og hleðslustandi. Skila ótrúlega góðum hljómgæðum.

5.950

2GB MINNISLYKILL



Corsair 2GB Usb lykll vatnsþéttur, höggbolinn og með 10 ára ábyrgð

1.950

ACER ASPIRE 7720-60



- 2.2Ghz Intel Core 2 Duo T7500
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB, SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

139.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> HANK & EVIE

Verðandi foreldrarir Nicole Kidman og Keith Urban hyggjast senda frá sér tiskuvörur undir nafninu Hank and Evie, en það eru gælunöfnin sem þau nota. Stuttermabolir merktir þeim hafa rok-selst á heimasíðu Urban og nú vill parið bæta náttfötum, nærfötum, sylgjum og öðrum smáhlutum við.

fólk
folk@frettablac



Vilja báðar vera Catherine

Lindsay Lohan og Keira Knightley munu takast á um hlutverk Catherine Earnshaw í mynd gerðri eftir hinni klassísku sögu Emily Brontë, Wuthering Heights, eða Fýkur yfir hæðir. Leikstjórinn John Maybury segir að hann muni ekki afskrifa Keiru, en mikið fari eftir því hvort hana langi aftur að bregða sér í tímabilsbúning, þar sem hún hefur leikið í nokkrum slíkum myndum upp á síðkastið. „Ég afskrifa Lindsay Lohan ekki heldur. Ég hef mikla trú á stúlkunni og hún er að komast í gegnum þessi margumtöluðu vandamál sín – það þarf bara að taka hana alvarlega,“ segir hann. Maybury bætti því þó við að það gæti verið erfitt að hafa bandaríska leikkonu í hlutverki Breta.

Lindsay átti að leika á móti Keiru í The Edge of Love, kvikmynd Mayburys um

líf Dylans Thomas, en varð að hætta við. Hún gat ekki fengið tryggingu, þar sem hún hafði skömmu áður verið handtekin fyrir að keyra undir áhrifum áfengis og að hafa kókaín undir höndum.

ÞJÓÐERNIÐ VANDAMÁL
Leikstjóri Wuthering Heights segir stundum erfitt að hafa Bandaríkjamenn í hlutverki Breta.



MÖGULEG CATHERINE
Það gæti orðið Keira Knightley sem kallar á Heathcliff í hlutverki Catherine Earnshaw.

www.volkswagen.is

Golf

Ný sjálfskipt



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Ilmaðu eins og Avril

Kanadíska söngkonan Avril Lavigne mun senda frá sér snyrtivörulínu á næstunni. Þar á meðal verða hárvörur, baðsápur og ilmvatn með nafni tónlistarkonunnar, sem sótti um einkaleyfi í desember síðastliðnum. Leyfið nær til ofanefndra vörutegunda, og einnig yfir ýmiss konar krem, handáburð, og baðvörur. Hún bættist þar með í stóran hóp stjarna sem hafa sent frá sér svipaðar línur á síðustu árum, eins og Britney Spears, Paris Hilton og Jennifer Lopez eru góð dæmi um.

Vinsældir slíkra vara fara sífellt vaxandi. Ilmvötn Victoriu og Davids Beckham, Intimately Beckham, voru til dæmis meðal vinsælustu jólagjafanna fyrir síðustu jól.

AVRIL-ILMVATN Kanadíska söngkonan Avril Lavigne mun senda frá sér snyrtivörulínu á næstunni.
NORDICPHOTOS/GETTY



Spáir lítið í Óskarsverðlaunin

Leikkonan Halle Berry, sem vann Óskarsverðlaunin árið 2002, segist lítið spá í Óskarinn dagsdaglega. Hún sé aftur á móti minnt á verðlaunin í hvert skipti sem blaðamenn spyrji hana út í þau.

Nýjasta mynd hennar nefnist Things We Lost in the Fire og kom mörgum á óvart að hún skyldi ekki vera tilnefnd fyrir hlutverk sitt í henni. „Ég vona bara að fólk komi á sjái myndina og að hún skilji eitthvað eftir sig,“ sagði Berry.

Myndin, sem fjallar um sorg, eiturlyfjamisnotkun og sanna ást, var upphaflega skrifuð með hvíta fjölskyldu í huga en Berry fékk danska leikstjóran Susanne Bier til að snúast hugar. „Mér finnst það ekki skipta máli hvernig húðlitur manns er. Mér finnst mjög mikilvægt að vera hluti af myndum sem endurspeglar nútímaþjóðfélag,“ sagði hún.

Hún telur að Óskarinn sem hún fékk fyrir sex árum hafi haft í för með sér jákvæðar breytingar á hugarfari fólks í Hollywood. „Eftir að ég fékk verðlaunin hafa leikarar á borð við Jennifer Judson, Jamie Fox og Will Smith verið verðlaunuð þannig að vonandi eru hlutirnir farnir að breytast.“

HALLE BERRY Nýjasta mynd leikkonunnar Halle Berry nefnist Things We Lost in the Fire.



Karlaplata á konudaginn

Hjálarnir Kiddi og Siggí standa á bak við plötuna Minni karla – lög eftir Tony Joe White sem er væntanleg. „Það var bara ekkert í gangi hjá okkur í janúar í fyrra og þar sem við filum Tony Joe White svo vel ákváðum við að taka upp grunna af lögunum hans,“ segir Kiddi. „Okkur fannst þetta heppnast svo vel að við fengum Braga (Valdimar Skúlason) til að búa til íslenska texta og fengum svo söngvara sem okkur fannst smellpassa til að syngja lögina.“

Útkoman er einhver karlmannlegasta plata sem lengi hefur heyrst á Íslandi – lög flutt af karlmonnum fyrir karlmenn. „Við Siggí höfðum gert plötu með Selmu og Hönsu og það var svona

algjör konuplata. Við urðum bara að gera þessa plötu til að ná okkur aftur á núllið.“

Kiddi segir Tony Joe White algjör töffari, dimmraddaðan og syngja um karlmannlega hluti. „Hann er nú engin stórstjarna en þekktastur fyrir lögina Polk Salad Annie sem Elvis söng og svo Rainy night in Georgia. Hjá okkur heitir það Drunginn sækir að mér. Við höfum verið í sambandi við hann og hann veit af plötunni. Hann fer á túr um Skandinavíu í haust og það væri nú ekki leiðinlegt að véla hann hingað.“

Kiddi segir Tony vera Suðurríkja-fenjarokkara og því hafi Bragi lítið stuðst við textana hans. Hann hafi í staðinn samið um



ALGJÖR TÖFFARI Tony Joe White sem á öll lögina á Minni karla.

íslenskan raunveruleika. Nokkrir karlmannlegustu söngvarar þjóðarinnar túlka lögina, þeir Ragnar Kjartansson úr Trabant, Óttarr Proppé, Megas, Magnús Eiríksson, Jenni í Brain Police, Björn Jörundur, Villi naglbítur, Steini og

Siggí úr Hjálum og Gummi og Kalli úr Baggalúti.

„Ég veit ekki nákvæmlega hvernær við náum að koma plötunni út en við stefnum á konudaginn (24. febrúar). Það væri nú helvítí kúl,“ segir Kiddi.

VARÐ AÐ NÁ SÉR Á NÚLLIÐ Kiddi í Hjálum stendur fyrir karlaplötunni ásamt Siggá vini sínum.



Crash á leið í sjónvarpið

Gera á sjónvarpsþáttaröð upp úr kvikmyndinni Crash, sem var valin besta myndin á Óskarsverðlaunahátíðinni 2005. Paul Haggis, leikstjóri Crash, verður aðstoðarframleiðandi þáttanna ásamt leikaranum Don Cheadle, sem bæði lék í og tók þátt í framleiðslu myndarinnar. Miklar líkur eru á því að Cheadle muni einnig leika í þáttunum en óvíst er með þátttöku annarra leikara úr myndinni á borð við Söndru Bullock, Matt Dillon og Ryan Philippe.



ALVÖRU 6
ÞREPA SJÁLFSKIPTING



EYÐIR
AÐEINS FRÁ
5.0 l/100 km



KOLEFNIS-
JAFNAÐUR
Í EITT ÁR



GOLF GTI®
BÍLL ÁRSINS
2008 Car&driver



DÚXADI Á
EURO NCAP
PRÓFINU



FÉKK
GULLNA
STÝRIÐ



SVEIGJAN-
LEGIR
SÖLUMENN

ing sem skiptir öllu máli.

Komdu og prófaðu betur búinn Golf með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu

Sex þrepa sjálfskiptingin í Golf er ein af þeim tækninýjungum sem færa honum forskot á aðra bíla. Í Golf tvinnast saman hágæðahönnun, framúrskarandi aksturseginnleikar og nýstárleg tækni. Kraftalegur afturhluti og sportlegar línur í bílnum gefa fyrirheit sem aksturseginnleikarnir standa fyllilega undir.

Golf Trendline kostar aðeins frá
2.098.000 kr.

Eða 24.740 kr. á mánuði miðað við bílasamning SP til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstaða kostnaðar er 7,06%. Aukabætur á mynd: Alifelgur og samlitur.

Bættu við Sportpakka fyrir
290.000 kr.
Alifelgur, samlitur, armpúði á milli
framsæta og rafstýrið sölluga.



Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Heiður að vinna með Cornell

„Það er enginn smá heiður að vinna með svona mönnum,“ segir Ingi Þór Jónsson, skipuleggjandi norrænu menningarhátíðarinnar NICE08 um samstarf sitt og Andrews Cornell, framkvæmdastjóra Konunglegu Filharmoníu-sveitarinnar í Liverpool, og Vladimir Ashkenazy.

Cornell hefur boðið tveimur kórum frá Íslandi og Stavangri í Noregi að taka þátt í flutningi á níundu sífóníu Beethovens með Ashkenazy sem stjórnanda. Tónleikarnir, sem verða tvennir og haldnir í lok nóvember í stærstu tónleikahöll Liverpool, eru hluti af NICE08-hátíðinni. Hún verður haldin í tilefni þess að Liverpool er menningarborg Evrópu árið 2008 ásamt Stavangri.

Cornell er mjög virtur á sínu sviði, enda hefur hann stjórnað upptökum á fjórum plötum með Pavarotti og unnið til tvennra

Grammy-verðlauna. „Cornell er alvöru maður sem hefur verið undanfarnir ár að reyna að koma á sambandi við Norðurlöndin. Hann hafði samband við mig og bauð mér þetta. Við erum alveg í skýjunum eins og gefur að skilja,“ segir Ingi Þór, sem leitar nú að íslenskum kór til að taka þátt. „Ég vona að einhverjir kórar sjái það sem skemmtilegt tækifæri að fá að taka þátt í þessu.“

Kórunum verður einnig boðið að taka þátt í mikilli jólahátíð sem verður haldin í dómkirkjunni í Liverpool, þeirri stærstu í Evrópu, þar sem norræn og bresk jólalög verða flutt. Norrænir einsöngvarar koma einnig fram á hátíðinni, þar á meðal Björg Þórhallsdóttir.

INGI ÞÓR JÓNSSON Ingi Þór segir það mikinn heiður að fá að starfa með Andrew Cornell.



Tvö hundruð þættir

Tvö hundruðasti tónlistarþáttur Jools Holland var sýndur á sjónvarpsstöðinni BBC 2 síðastliðið föstudagskvöld. Þeir sem komu fram í afmælisþættinum voru Radiohead, Mary J. Blige, Cat Power, Feist og Dionne Warwick.

„Ég mun aldrei skilja hvers vegna þessi þáttur hefur fengið að vera í loftinu svona lengi. Það er ótrúlegt að maður hafi gert tvö hundruð þætti,“ sagði Holland. Hinn

fimmtugi sjónvarpsmaður segist hafa náð að bjóða áhorfendum upp á ótrúlega góða tónlist á þessum tímabili. „Við höfum náð þessu á filmu, ekki bara fyrir okkur, heldur líka fyrir komandi kynslóðir,“ sagði hann. Holland, sem hefur verið í þrjátíu ár í tónlistarbransanum, segir að hvorki fólk né tónlistin hafi breyst mikið á þessum tíma. „Ég held að hugarfar fólksins og hvernig það lítur á tónlistarskópun sé nákvæmlega eins og fyrir fimmtíu árum eða fyrir fimm hundruð árum.“ Hann segist ekki geta hugsað sér lífið án tónlistar. „Ég held að það yrði ótrúlega leiðinlegt og nánast andlaust. Mér finnst tónlist gefa lífinu gildi.“



JOOLS HOLLAND Tvö hundruð þættir úr smíðu Jools Holland eru að baki.

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★ ★ ★ ★
- S. V. MBL
- Dóri DNA, DV
- H.L. MBL

★ ★ ★ ★ ★
- H.L. MBL

★ ★ ★ ★ ★
- S. V. MBL
- Dóri DNA, DV
- H.L. MBL

★ ★ ★ ★ ★
- S. V. MBL
- Dóri DNA, DV
- H.L. MBL

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 6, 8 og 10	7
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30	10

NÝTT Í BÍÓ!

FRA GAURNUM SEM FÆRDI PÉR
KNOCKED UP, SUPERBAD OG
TALLADEGA NIGHTS

FYRST RAY, SÍÐAN WALK
THE LINE...
...NÚ ER KOMIÐ AÐ
DEWEY COX

★ ★ ★ ★ ★
- Dóri DNA, DV
- S. V. MBL

★ ★ ★ ★ ★
- S. V. MBL

★ ★ ★ ★ ★
- S. V. MBL

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 6, 8 og 10	7
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30	10

★ ★ ★ ★ ★
Sigrún M. Egilsson, Mannlíf - Gunnar Hilmarsson, Fréttablaðið

★ ★ ★ ★ ★
Jón Þórhildur Magnússon

★ ★ ★ ★ ★
T.S.R. 24 STUNDIR

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 6, 8 og 10	7
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30	10

NÚ MÆTAST ÞAU AFTUR!

★ ★ ★ ★ ★
T.V. - KVÍKMYNDRIS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 6, 8 og 10	7
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30	10

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5%
REGNBÖGINN Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

WALK HARD	kl. 4-6-8-10	14	WALK HARD	kl. 6-8-10	14
CLOVERFIELD	kl. 4-6-8-10	14	THE DARJEELING LIMITED	kl. 6-8-10	12
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40-5.50-8-10.10	7	BRÚÐGUMINN	kl. 5.50-8-10.10	7
BRÚÐGUMINN LÚXUS	kl. 3.40-5.50-8-10.10	7	THE MIST	kl. 10.30	16
ALIEN VS PREDATOR 2	kl. 8-10.10	16	THE GOLDEN COMPASS	kl. 5.30-8	10
ALVIN & KORNARNAIR	kl. 4-6 ISLENSKITAL				

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919 5%
BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

ATONEMENT	kl. 6-9	12	ATONEMENT	kl. 8-10.20	12
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 5.45-8-10.15	14	CLOVERFIELD	kl. 6-10	14
THE DARJEELING LIMITED	kl. 8-10	12	BRÚÐGUMINN	kl. 6-8	7
BRÚÐGUMINN	kl. 5.50-8-10.10	7			
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 6	7			

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM! AUKAKRÖNUR

SAMBIO.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ATIM BURTO
JOHNNY DEPP
Byggt á blóðugasta söngleik allra tíma eftir S. Sondheim

UNTRACEABLE

ALFABAKKA	KEFLAVÍK
SWEENEY TODD kl. 5.30D - 8D - 10.30D 16	UNTRACEABLE kl. 8 - 10.10 16
SWEENEY TODD kl. 5.30 - 8 - 10.30 VIP 16	BRÚÐGUMINN kl. 8 7
UNTRACEABLE kl. 5.50 - 8 - 10.10 16	ALIENS VS. PREDATOR 2 kl. 10.10 16
CHARLIE WILSON'S WAR kl. 5.50 - 8 - 10.30 12	AKUREYRI
DEATH AT A FUNERAL kl. 6 - 8 - 10.10 7	SWEENEY TODD kl. 8 - 10.20 16
THE GAME PLAN kl. 5.40 L	CHARLIE WILSON'S WAR kl. 10 12
NAT. TREASURE 2 kl. 8 12	DEATH AT A FUNERAL kl. 8 7
I AM LEGEND kl. 10.30 14	SELFOSS
KRINGLUNNI	BRÚÐGUMINN kl. 8 7
SWEENEY TODD kl. 5.40D - 8D - 10.30D 16	ALIEN VS. PREDATOR 2 kl. 10.10 16
UNTRACEABLE kl. 8.20 - 10.30 16	BUTTERFLY ON A WHEEL kl. 8 16
CLOVERFIELD kl. 8.30 - 10.30 14	RUN, FAT BOY, RUN kl. 10.10 L
MICHAEL CLAYTON kl. 6.10 7	
TÖFRAPRINSESSAN kl. 6.10 L	

Veðjað á næstu Sprengjuhöll

Á hverju ári virðist einhver nýgræðingurinn slá í gegn. Lay Low var tvímælaust nýgræðingur ársins 2006 og í fyrra kom Sprengjuhöllin sterkust inn. En hvað með árið í ár? Hvaða bönd eru á sjóndeildarhringnum og biða þess eins að slá í gegn? Hver verður Sprengjuhöll ársins? Fréttablaðið gerðist poppvölva þó með þeim fyrirvara að spútnikband ársins sé ekki enn komið fram á sjónarsviðið nú í ársbyrjun.

Motion Boys

Þrjú vinsæl lög á ferilskránni gefa til kynna að kominn sé tími á fyrstu breiðskífuna hjá Motion boys. Birgir Ísleifur, söngvari sveitarinnar, segir drauminn vera að koma fyrstu stóru plötunni út í sumar. „Við setjum markið hátt og stefnum einfaldlega á að gera bestu popplötu sem gerð hefur verið,“ segir hann. „Þótt fyrstu þrjú löggin séu í ákveðnum „sánheimi“ eru við ekki bundnir af honum. Við eigum mörg góð lög í sarpinum og ég hef það á tilfinningunni að því meira sem við förum „over the top“ með þau því betri verði útkoman.“

Múgsefjun

Eftir þrjú ár af hljómsveitagutli og bjórdrýkkju er fyrsta plata reykvíska kvartettsins Múgsefjun handan við hornið. Platan, Skiptar skoðanir, var tekin upp í umbreyttum lýsistanki vestur á Flateyri í sumar og þykir líkleg til að tryggja Múgsefjun verðugan sess í íslensku poppflórinni. Múgsefjun spilar kántrískotið popp og syngur á íslensku. Nú þegar hefur lagið Kalin slóð heyrst nokkuð oft á Rás 2.

Ultra mega technobandið Stefán

Strákarnir í UMTS voru funheittir í fyrra með stuðlaginu Story of a star. Deir eru skoppandi hressir og spila hljóðgervlapopp sem dregur dóm af nördapoppi frá 9. áratugnum. Hinn 15. febrúar mun fyrsta platan líta dagsins ljós á vegum Músík ehf. og hefur henni verið gefið nafnið Circus.

Tíu laga pakki sem strákarnir segja meira sækadéliskan en pönkadan. „Gamla partíð er til staðar, en platan verður seint kölluð partíplata,“ segja þeir.



THE MOTION BOYS Ætla „over the top“.



MÚGSEFJUN Köld slóð vekur athygli.




STEED LORD Hálf milljón hefur litið inn á Myspace.



ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN Koma með Sirkus.



RETRO STEFSON Fá lög en mikil hrifning.



BORKO Sprengir hann krúttbólfið? BOB JUSTMAN Lengi á leiðinni, en kemur (líklega).



MY SUMMER AS A SALVATION SOLDIER Mikil spenna fyrir Activism í febrúar.

Bob Justman

Bob Justman er aukasjálfr Kristins Blöndals Gunnarsson sem meðal annars hefur spilað með Ensími og Botnleðju. Fyrstu plötu hans hefur einlegu verið beðið jafn lengi og næstu Guns N Roses plötu, en nú virðist vera að rofa til og platan Happiness & Woe er komin á útgáfuáætlun Smekkleysu. Lágstemmt kassagítarpoppið og ensku textarnir gætu auðveldlega gert góða hluti.

Steed Lord

Svala Björgvins, sem kallar sig Kali, og þrír meðreiðarsveinar mynda Steed Lord og þau nota Myspace óspart til að kynna sig. Síðan er mjög vinsæl, hálf milljón heimsóknir eru til vitnis um það og tvö þúsund heimsóknir bætast við daglega. Steed Lord hefur vakið athygli víðs vegar í bloggheiminum með frískandi danstónlist sem blandar saman gömlum og nýjum straumum. Árið 2008 gæti hæglega orðið ár Steed Lord.

My summer as a salvation soldier

Þórir Georg Jónsson er hljómsveitinn My summer as a salvation soldier og í byrjun febrúar gefa 12 Tónar út þriðju plötu hans, Activism. Bundnar eru allmiklar vonir við plötuna enda þykir hún það langbesta sem Þórir hefur gert. Plötunni verður dreift í Evrópu og mikill hugur er í þeim sem munu dreifa henni erlendis en þeir telja að um tímamótaverk sé að ræða. Hvort það skili sér í góðri sölu innanlands kemur í ljós, en Þórir er bæði á lágstemmdum nótum og hástemmdum á plötunni.

Retro Stefson

Unga fólkið í Retro Stefson hefur heillað tónlistaráhugafólk síðustu misserin með frumlega bossanova-indípoppinu sínu og þau fáu lög sem hafa heyrst gefa góð fyrirheit. Erlend fyrirtæki hafa einnig sýnt bandinu áhuga svo það er öllum ljóst að hér getur eitthvað mikið verið á seyði. Við viljum fleiri lög! Núna!

Borko

Björn Kristjánsson er Borko og eftir stífa viðloðun í íslensku tónlistarlífi, m.a. í hljómsveitunum múm og Skakkamanage, er komið að fyrstu stóru sólóplötunni, Celebrating life. Ef allt gengur eftir kemur platan út í lok febrúar hjá Morr Music í Evrópu og hjá Kima á Íslandi. Tónlistin er merkilega aðgengileg miðað við tónðæmi á Myspace-síðunni svo Borko gæti komið sterkur inn og sprengt krúttbólfið.

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námu korti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða í íslenskar myndir.

Náman | námsmannabjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

EKKI VERA SÚR

Eru tennurnar í sýrubaði oft á dag? Sýran í sykrudum og sykurlausum gosdrykkjum getur eytt glerungi tannanna – og hann kemur aldrei aftur. Það er ekki bara súrt heldur líka sárt.

Drekktu vatn – líka kolsýrt vatn!

LYÐHEILSUSTOÐ

ENNEM / SIA / NM26204

Heath var háður kókaíni

News Of the World upplýsti í gær að dauði Heaths Ledger hefði átt sér langan aðdraganda. Leikarinn hefði verið háður eiturflyfinu kókaíni um þó nokkurt skeið.

Sunnudagsblaðið birti á vefsíðu sinni myndband af Heath á hótélherbergi fyrir tveimur árum þar sem hann sést greinilega nota eiturflyfið. Að sögn blaðsins var myndbandið tekið fyrir tveimur árum á Chateau Marmont hótelinu, því sama og John Belushi lést á vegna ofneyslu eiturflyfja árið 1982. Fram kemur að Ledger hafi sótt verðlaunaafhendingu hjá samtökum kvikmyndaleikara fyrr um kvöldið ásamt þáverandi unnustu sinni, Michelle Williams. Hún hafi hins vegar verið sofandi í herbergi skammt frá ásamt dóttur þeirra, Mathildu. „Þetta myndband er algjör sprengja, þarna sést Heath í miklu eiturflyfjamóki í herbergi sem er fullt af ókunnugu fólki,“ hefur News of the World eftir heimildarmanni sínum en andlát Heaths kom heimsbyggðinni í opna skjöldu enda hann ekki verið þekktur fyrir stíft og strangt skemmtanahald.

Einna helst vekur athygli að þrátt fyrir að Heath hafi á þessum tíma verið ákaflega þekkt andlitt og frægt nafn þá lætur hann sig hafa það að nota eiturflyfið með fólki sem hann vissi ekkert um. „Þetta sýnir hvað best hversu háður Heath er eiturflyfinu, honum er alveg sama þótt einhver þekki

hann, hann þarf bara sinn næsta skammt,“ segir heimildarmaður News of the World. Einnig kemur fram að Heath fái samviskubit þegar líður á kvöldið og er þess fullviss að hann eigi eftir að lenda í miklum vandræðum vegna þessa. „En hann heldur engu að síður áfram. Í lokin er hann farinn að tala um dóttur sína og hversu stutt sé síðan hún fæddist,“ segir einn sjónarvotturinn en Mathilda var aðeins þriggja mánaða þegar myndbandið var tekið.

News of the World greinir frá því að Michelle Williams hafi hætt með Heath einmitt vegna þessara lífnaðarhátta og bætir því við að þrátt fyrir að það hafi verið látið í veðri vaka að hann hafi dáði fyrir slysi þá hafi fundist kvittun, rúlluð upp sem rór en það er alþekkt bragð meðal kókaínfíkla. Miðað við þann lífsstíl sem Heath ástundaði hafi menn alveg eins getað búist við þessu.



MIKIL SORG Michelle Williams er sögð miður sín yfir því hvernig fór og hefur beðið fjölmiðla um að sýna henni og dótturinni Mathildu skilning.

LANGT LEIDDUR Heath Ledger virðist hafa verið langt leiddur kókaínfíkill og því hefði andlát hans ekki átt að koma neinum á óvart.



Hressandi hryllingur

KVIKMYNDIR

Sweeney Todd: The Demon Barber of Fleet Street

Leikstjóri: Tim Burton

Aðalhlutverk: Johnny Depp, Helena Bonham Carter og Alan Rickman

★★★

Sweeney Todd: The Demon Barber of Fleet Street er vel stílfærð útfærsla á einum blóðugasta söngleik sem um getur, ásamt því að vera besta mynd Tims Burton í áraradír.

Benjamin Barker snýr aftur til Lundúna eftir áralanga fangelsisvist fyrir glæpi sem hann framdi ekki, staðráðinn í að hefna sín á manningum sem hafði af honum æruna, konu og barn. Hann tekur upp fyrri iðju sem rakari undir nafninu Sweeney Todd en fæstir viðskiptavinanna eiga afturkvæmt úr rakarastólnum og leigusali hans frú Lovett hefur vart undan við að hakka líkin niður í bökur, sem hún selur grunlausum borgurinum við góðan orðstír.

Sagan af Sweeney Todd er ógeðfæld og blóði drifin lýsing á uppgangi raðmorðingja í iðnbyltingunni í Lundúnum, sem birtist fyrst á prenti í Englandi um miðja 19. öld og sumir telja að hafi átt sér stöð í raunveruleikanum. Síðan þá hefur hún verið aðlöguð fyrir leikhús, óperu og hvíta tjaldið með misjafnri útkomu en ekki er annað hægt að segja en að Tim Burton takist nokkuð vel upp með þessa nýju útgáfu, sem byggist á söngleik frá árinu 1979.

Sweeney Todd er sjónræn veisla eins og vænta má af hendi Burtons; gotnesk martraðarveröld þar sem óvenju pönkaðar fyrri aldar sögupersónur, þjakaðar af óréttlæti og misskiptingu, reyna að finna lífinu tilgang. Aldrei þessu vant hverfur þó sagan ekki í skuggann af hinum drungalega Burton-stíl, heldur

vinnur þetta tvennt vel saman ásamt góðum leik. Johnny Depp og sérstaklega Helena Bonham-Carter túlka Sweeney og frú Lovett með tilþrifum og syngja við hvern sinn fingur meðan þau brytja niður illþýði Lundúna.

Burton hefur ekki sent frá sér jafn heilsteypta og velheppnaða mynd í áraradír, þótt svolítið vanti upp á húmorinn og fulllangt sé gengið í blóðsúthellingum, sérstaklega í lokin.

Hvað sem skefjalasau ofbeldi líður drukknað sagan ekki í blóði og boðskapurinn um hefnd sem veitir ekki sálarfrið heldur blindar menn og leiðir loks til tortímingar kemst vel til skila. **Roald Eyvindur Viðarsson**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hollywood-stjörnurnar **Sarah Jessica Parker**, Josh Brolin og Natalie Portman voru á meðal þeirra sem hvöttu framleiðendur sjónvarpsþáttarins Entertainment Tonight til að hætta við að sýna myndband af Heath Ledger nota eiturflyf. Á endanum létu framleiðendurnir undan þrýstingnum og hættu við sýninguna, vínun og vandamönnum Ledgers til mikils léttis.

Leikstjórinn **Tim Burton** og kona hans **Helena Bonham Carter** hafa nefnt sex vikna dóttur sína Indiana Rose. Carter eignaðist dótturina 16. desember. Talið er að þau hafi beðið svo lengi með að greina frá nafninu vegna þess að þau héldu að þau myndu eignast strák. Þau eiga fyrir hinn fjögurra ára Billy Ray.

Leikkonan **Katie Holmes** hefur vísað á bug slúðurfrétt um að hún hafi orðið ófrísk eftir fyrrverandi kærasta sinn Chris Klein og látið eyða fósturinu. Holmes og Klein voru saman í fimm ár þar til þau hættu saman snemma árið 2005. Nokkrum vikum síðar byrjaði Holmes með Tom Cruise og eignaðist með honum dótturina Suri í apríl 2006.

Damon Albarn, fyrrum söngvari Blur, segir ólíklegt að sveitin komi aftur saman því hinir meðlimirnir þoli sig ekki. „Ég borðaði kvöldmat með strákunum um daginn og það var gaman en það er ekki möguleiki að þeir vilji vinna aftur með mér því enginn þeirra þolir mig. Við ætlum ekki að koma aftur saman,“ sagði Albarn. „Eina ástæðan fyrir því að sveitir hefja aftur störf er peningar og ég þarf ekki á meiri peningum að halda.“

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 490 kr. 1. – 29. febrúar.

(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
 - er fyrir börn, 2 – 11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
 - bókanlegt frá 31. janúar 2008
 - ferðatímabil 1. – 29. febrúar 2008
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is

Taktu flugið

> Ragna komin áfram í Íran

Badmintonkonan Ragna Ingólfssdóttir tekur þátt á allsérstöku alþjóðlegu móti í Teheran þessa dagana. Þar fá karlmenn ekki aðgang að keppnisstað og allir dómara og áhorfendur því konur. Karlarnir spila í annarri keppnis-höll og þar eru engar konur velkomnar. Ragna komst um helgina í átta manna úrslit á mótinu eftir að hún sigraði tvo fyrstu leiki sína. Hún keppir í átta manna úrslitunum í dag. Aðstæður í Teheran eru frumstæðar og til að mynda ekkert gsm-samband á svæðinu og sjaldan hægt að ná sambandi við hótél Rögnu eftir því sem fram kemur í tilkynningu frá Badminton-sambandinu.

sport
sport@frettabladid.is



HANDKNATTLEIKSKAPPINN SIGURÐUR EGGERTSSON: KOMINN AFTUR Í VAL OG SLÓ Í GEGN Í FÝRSTA LEIK

Ég er stórskytta en ekki miðjumaður

Hinn stórskemmtilegi handknattleiksmaður Sigurður Eggertsson fékk loksins að spila handbolta á nýjan leik á föstudag er hann lék með Val gegn Haukum. Sigurður fór utan til Danmerkur fyrir tímabilið en ferð hans þangað var endasleppt og hann kom aftur heim í október. Þá var leikmanna-markaðurinn aftur á móti lokaður og Sigurður varð því að gera sér að góðu að biða fram í febrúar eftir því að geta spilað handbolta á ný. „Þetta er búin að vera hræðilega löng bið eftir því að spila. Það er ekkert sérstaklega skemmtilegt að æfa og æfa án þess að fá að spila,“ sagði Sigurður sem skoraði sex glæsileg mörk í sigri Vals á Haukum. „Þetta gekk bara mjög vel. Það var gaman að



komast loksins út á völlinn en ég var búinn að leika þennan leik ansi oft í hausnum á mér. Gaman að vera kominn aftur í Valstreymuna þó svo ég hafi verið númer 7 núna í staðinn fyrir 14. Ég hef alla ævi spilað í númer 14 þannig að þetta var svolítið skrítið. Það gekk samt vel með þetta númer þannig að ég reikna með að klára tímabilið í þessu númeri.“ Sigurður spilaði í skyttustöðunni í leiknum og á miðjunni við hlið hans lék annar frekar lágvaxinn og hraður leikmaður, Sigfús Páll Sigfússon. Þeir félagar náðu vel saman. „Það var mjög gaman að spila með næsthræðasta manningnum á landinu og við náðum ótrúlega vel saman í okkar fyrsta leik saman. Skot-ögnunin var kannski ekki sú mesta en hraðinn var finni. Ég skoraði tvö gegnumbrotsmörk og fjögur með langskotum enda er ég stórskytta,“ sagði Sigurður léttur. „Ég hef spilað meiri skyttu en miðju. Samt er ég alltaf titlaður miðjumaður þar sem ég er svo lítill. Ég hugsa eins og skytta en ekki eins og miðjumaður sem er ekki endilega kostur,“ sagði Sigurður en sigur Vals á Haukum var gríðarlega mikilvægur.



FÖGNUMUR Jimmy Bullard fagnar hér sigurmarki sínu gegn Villa í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

Mikilvægur sig-ur hjá Fulham

FÓTBOLTI Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Newcastle og Middlesbrough gerðu jafntefli, 1-1, á St. James' Park og Fulham vann síðan óvæntan sigur á Aston Villa, 2-1, á Craven Cottage.

Villa tók forystuna í leiknum en Fulham kom til baka og Jimmy Bullard tryggði liðinu sigur með marki beint úr aukaspyrnu. Aðeins þriðji sigur Fulham í vetur og sá var mikilvægur.

„Það er mjög góð tilfinning að ná fyrsta sigrinum hjá þessu félagi. Þetta var finni leikur, við áttum skilið að sigra en vorum kannski örlítið heppnir með sigurmarkið. Við þurfum að byggja ofan á þennan sigur,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Fulham.

Kevin Keegan þarf enn að biða eftir sínum fyrsta sigri með Newcastle en skalli Roberts Huth undir lok leiksins bjargaði Boro um stig. Keegan var samt sáttur við leikinn.

„Þetta voru bestu 90 mínútur Newcastle síðan ég tók við liðinu,“ sagði Keegan. - hbq



VARIÐ Ricardo hélt marki Osasuna heinu í 88. mínútur í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Spænska úrvalsdeildin:

Xavi bjargaði Barcelona

FÓTBOLTI Barcelona vann mikilvægan sigur á Osasuna í spænska boltanum í gær. Barca er þar með sex stigum á eftir Real Madrid.

Það var miðjumaðurinn Xavi sem skoraði eina mark leiksins á 88. mínútu en hann hafði komið af bekknum sex mínútum áður.

Eiður Smári Guðjohnsen var í leikmannahópi Barcelona en fékk ekki tækifæri að þessu sinni. - hbq

Naumur Stjörnusigur

Stjarnan hafði betur gegn HK í hægum handboltaleik sem mun fljótt falla í gleymsku. Góður leikur markvarða liðanna var það sem helst gladdi augað.

HANDBOLTI Stjarnan komst á ný í annað sæti N1-deildar karla þegar liðið lagði HK í miklum baráttuleik, 25-24, í Digranesi. Leikurinn var jafn á öllum tölum en gestirnir úr Garðabæ sýndu styrk sinn í vörninni á spennuþrungnum lokamínútum leiksins og uppskárú tvö góð stig.

Leikurinn fór mjög rólega af stað. Fjórði á áhorfendapöllum var ekki meira en á vellinum og hefði ekki verið fyrir varamenn liðanna hefði mátt heyra saumnál detta fyrstu mínútur leiksins. Þegar tæpur stundarfjórðungur var liðinn af leiknum fór hann að hressast og var lið HK fyrra til að hrista af sér slenið og leiddi í leikhléi, 14-13.

HK náði þriggja marka forystu með tveimur fyrstu mínútum síðari hálfleiks en þá skoraði Stjarnan fimm mörk í röð. HK náði fljótt áttum á ný og jafnaði metin. Þegar þrettán mínútur voru eftir var HK einu marki yfir, 22-21. Þá gjörsamlega hrundi sóknarleikur heimamanna. Stjarnan spilaði frábæra vörn og Hlynur Morthens fór mikinn í markinu í fjarveru Rolands Eradze.

Þegar tvær mínútur voru eftir af leiknum náði Stjarnan tveggja marka forystu, 23-25, þegar Ragnar Helgason skoraði úr mjög þröngu færi úr hægri horninu. HK náði ekki að minnka muninn fyrr en fimm sekúndur voru eftir og fagnaði Stjarnan innilega í leikslok.

Hlynur Morthens markvörður Stjörnunnar var að vonum glaðbeittur í leikslok. „Ég varð að standa mig þar sem Roland er



ÁTÖK Stjörnumaðurinn Björgvin Hólmgeirsson fær hér hraustlegar móttökur hjá HK-manninum Arnari Þór Sæþórssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

meiddur. Einbeitingin og hausinn var í lagi. Þetta var einn rólegasti leikur sem ég hef spilað. Hægt tempó hjá báðum liðum. Það gæti verið þar sem þetta var fyrsti leikur eftir frí og liðin eiga eftir að komast almennilega í gang,“ sagði Hlynur sem varði ófá dauðafærin í leiknum.

Gunnar Magnússon, annar þjálfara HK, var mjög ósáttur við spilamennsku sinna manna. „Sóknar-

leikurinn síðustu fimmtán mínúturnar var skelfilegur og við vorum sjálfum okkur verstir. Við nýttum þau fáu færi sem við fengum illa, hentum boltanum út af trekk í trekk og skutum ekki fyrir utan. Menn voru rænulausir síðasta korterið. Það vantaði einhvern til að taka af skarið. Við reyndum allt en ekkert gekk,“ sagði Gunnar Magnússon. - gmi

Grindavík vann sigur á Keflavík í undanúrslitum Lýsingarbikars kvenna:

Grimmar Grindavíkurstúlkur

KÖRFUBOLTI Grindavík tryggði sér sæti í bikarúrslitaleik Lýsingarbikarsins eftir átta stiga sigur á Keflavík, 66-58, í uppgjöri tveggja efstu liðanna í Grindavík í gærkvöldi. Grindavík tók frumkvæðið í leiknum frá fyrstu mínútu og hélt því út leikinn. Keflavíkurkonur voru aldrei í takt sóknarlega í leiknum og skotnýting liðsins (19 af 80) var skelfileg.

Varnarleikur Grindavíkur hafði þar mikið að segja en heimastúlkur börðust fyrir hverjum bolta og hverri stöðu á vellinum og ætluðu sér greinilega að komast alla leið í Höllina.

Keflavíkurliðið varð fyrir miklu áfalli þegar Keshia Watson meiddist í upphafi seinni hálfleiks og það hjálpaði ekki að hún var aðeins á öðrum fætinum það sem eftir var leiks.

Það var mikill munur á leik Grindavíkur frá því að liðið tapaði með 23 stigum í Keflavík á dögnum. „Við spiluum ekki Grindavíkur-körfubolta í tapinu í Keflavík, við notuðum alla vikuna



KOMNAR Í ÚRSLIT Grindavíkurstúlkur fögnuðu vel og innilega inn í klefa eftir leikinn í gær. MYND/VIKURFRÉTTIR

til þess að bæta okkur og undirbúa okkur fyrir þennan leik,“ sagði Joanna Skiba sem stjórnaði leik Grindavíkurliðsins með miklum glæsibrag.

Tiffany Roberson skilaði líka sínu hjá Grindavík og Íris Sværissdóttir átti frábæra innkomu í öðrum leikhlutum. Þá var einnig frábært að fylgjast með

þeim Petrunellu Skúladóttur og Ólöfu Helga Pálsdóttur sem ætluðu sér í Höllina, börðust fyrir öllum boltum og tóku sem dæmi 27 fráköst saman. Petrunella skoraði að auki 12 stig og lék mjög vel í sókn sem vörn.

Pálína Gunnlaugsdóttir (16 stig, 10 fráköst) var yfirburðarmaður í liði Keflavíkur - 66j

ÚRSLIT

N1-deild karla:

HK-Stjarnan 24-25 (14-13)
Mörk HK (skot): Ragnar Hjaltested 8/2 (12/2), Augustas Strazdas 6 (10), Árni Björn Þórarinnsson 2 (3), Brynjar Hreggviðsson 2 (3), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (6), Tomas Eitutus 2 (9), Sergei Petrayits 1 (3), Gunnar Steininn Jónsson 1 (4), Sigurgeir Árni Eggisson (1)

Varin skot: Egidijus Petkevicius 20/1 (45/3 44,4%)

Hraðaupphlaup: 7 (Ragnar 5, Brynjar 2)

Fiskuð viti: 2 (Eitutus, Sigurgeir)

Utan vallar: 14 mínútur

Mörk Stjörnunnar (skot): Ragnar Helgason 6 (9), Ólafur Víðir Ólafsson 6/2 (10/3), Björgvin Hólmgeirsson 5 (11), Kristján Kristjánsson 2 (3), Voldmyr Kysil 2 (4), Guðmundur Guðmundsson 2 (6), Heimir Örn Arnason 2 (7/1), Vilhjálmur Halldórsson (1)

Varin skot: Hlynur Morthens 20 (44/2 45,5%)

Hraðaupphlaup: 7 (Ragnar 3, Guðmundur 2, Heimir, Kristján)

Fiskuð viti: 4 (Ragnar, Heimir, Kysil, Björgvin)

Utan vallar: 8 mínútur

Afturelding-Akureyri 26-27

Mörk Aftureldingar: Haukur Sigurvinsson 6, Magnús Einarsson 5, Daniel Jónsson 5, Einar Örn Guðmundsson 5, Hilmar Stefánsson 2, Ingimar Jónsson 1, Reynir Arnason 1, Attíla Valaczkai 1.

Mörk Akureyrar: Ásbjörn Friðriksson 6, Nikolaj Jankovic 5, Heiðar Þór Aðalsteinsson 4, Hörður Fannar Sigþórsson 3, Goran Gusic 3, Magnús Stefánsson 3, Jónatan Þór Magnússon 2, Einar Logi Friðjónsson 1.

N1-deild kvenna:

Akureyri-Fylkir 20-29

Mörk Akureyrar: Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 5, Ester Óskarsdóttir 5, Lilja Þórisdóttir 3, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Emma Sardarsdóttir 2, Anna Teresa Morales 2, Auður Ómarsdóttir 1.

Mörk Fylkis: Sunna María Einarssdóttir 7, Elísabeta Kowal 6, Natasja Damljanovic 5, Ingibjörg Karlsdóttir 3, Nataly Valencia 3, Áslaug Gunnarsdóttir 1, Elin Helga Jónsdóttir 1, Sigríður Hauksdóttir 1, Tinna Jökulsdóttir 1, Ásdís Rut Guðmundsdóttir 1.

Lýsingarbikar karla:

Skallagrímur-Fjölnir 83-85

Lýsingarbikar kvenna:

Grindavík-Keflavík 66-58 (40-23)

Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 19 (15 frák.), Joanna Skiba 15 (7 stoðs., 6 frák.), Petrunella Skúladóttir 12 (14 frák.), Íris Sværissdóttir 10 (9 mín.), Ólöf Helga Pálsdóttir 4 (13 frák.), Jovana Lilja Stefánsdóttir 3, Ingibjörg Jakobsdóttir 3. Stig Keflavíkur: Susanne Biemer 17, Pálína Gunnlaugsdóttir 16 (10 frák.), TaKeshia Watson 13, Margrét Kara Sturludóttir 6 (10 frák.), Ingibjörg Elva Vilbergssdóttir 4 (8 frák.), Rannveig Randversdóttir 2.

Enska úrvalsdeildin:

Newcastle-Middlesbrough 1-1

1-0 Michael Owen (60.), 1-1 Robert Huth (87.).

Fulham-Aston Villa 2-1

0-1 Aaron Hughes, sjm (69.), 1-1 Simon Davies (72.), 2-1 Jimmy Bullard (86.).

Lýsingarbikar karla:

Óvæntur sigur hjá Fjölni

KÖRFUBOLTI Síðari undanúrslita-leikurinn í Lýsingarbikar karla fór fram í Borgarnesi í gær þegar Skallagrímur tók á móti Fjölni.

Heimamenn leiddu lengstum og höfðu drjúgt forskot þegar lítið lifði leiks. Lokaspættur Fjölnis var aftur á móti stórkostlegur og Grafarvogsbúar lönduðu sætum en óvæntum sigri, 83-85.

Þeir mæta Snæfelli í úrslitum í Laugardalshöllinni. - hbq

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AD STÖÐ 2 INNIHELDUR:            

FRÁBÆR FEBRÚAR



skemmtilegri

30%

aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stod2.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu

BANDIÐ HANS BUBBA

MY NAME IS EARL – fimmtudaga

PUSHING DAISIES – sunnudaga



AMERICAN IDOL – mánudaga



GOSSIP GIRL – miðvikudaga



BACK TO YOU – fimmtudaga



NIP/TUCK – miðvikudaga



SJÁLFSTÆTT FÓLK – sunnudaga



COLD CASE – sunnudaga



PRISON BREAK – sunnudaga



FLIGHT OF THE CONCHORDS – fimmtudaga



LOGI Í BEINNI – föstudaga

> Melina Kanakaredes

Ein aðalstjarnan í þáttunum C.S.I. New York sem Skjár einn sýnir í kvöld, Melina Kanakaredes, er ein af þremur leikurum í þáttunum sem ekki er frá borginni sjálfri. Hin tvö eru Gary Sinise sem er frá Illinois-ríki og Anna Belknap sem er frá Maine.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ HÁKON SVAVARSSON HÁVARÐSSONAR LEYSTI PABBA SINN AF:

Nágrannar og blessaðar eldri konurnar

Pabbi nennti ekki að skrifa pistilinn sinn og bað mig að redda sér. Mér finnst Skólahreysti skemmtileg og ætla að skrifa um hana.

Skólahreysti er eins konar fitness-keppni unglunga. Ég sat heima í stofu um daginn og var að horfa á þessa keppni. Þegar ég sá armbeygjurnar hjá stelpunum fór ég að spá í hvað væri gaman að gera þetta. Ég próf-aði. Ég setti lappimar upp á stól og fór að reyna. Ég náði nú bara tíu meðan stelpurnar náðu um 30-40. Þælið í því.

Ég hef gaman af Skólahreysti af því að ég er tólf ára en kannski finnst eldri konum austur á fjörðum þetta tímasóun. Ég á ömmu austur á fjörðum sem heitir Svanhvít og hún hefur gaman af þessum þáttum sem heita Nágrannar og er alveg gráhærð á laugardögum þegar þeir eru ekki sýndir. En þá klappar hún bara köttunum sínum og fer út í sjoppu



að kaupa mjólk og horfir á nýja flotta jeppann sinn. Afsakaðu þetta amma góð, ef ég fer rangt með, en hún og afi eiga jeppa sem kostaði þrjár kúlur. Ég lýg því ekki. Sæll, eigum við að ræða það eitthvað? (Þá á þjóðin að segja „ég hélt ekki“.) Pabbi er alltaf að gera grín að öðru fólki þegar hann skrifar þennan pistil en passar sig ekki á því að hann horfir líka á sjónvarp. Hann horfir til dæmis stundum á þætti eins og Vini og Nágranna þó hann vilji ekki viðurkenna það þegar hann skrifar pistilinn á mánudögum. Stundum setur hann á Stöð 2 plús til að missa ekki af Vinum. Hann mundi samt aldrei viðurkenna það. Hann horfir mest á fótbolta og alls konar heimildarþætti. En hann horfir ekki á Skólahreysti. Hann hefði samt gott af því eins og málin hafa þróast hjá honum.

EKKI MISSA AF



▶ 20.00 Flightplan STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.15 American Idol STÖÐ 2



▶ 20.20 Frumstætt fólk SJÓNVARPIÐ



▶ 22.00 CSI: New York SKJÁREINN



▶ 22.45 Utan vallar SÝN

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Hanna Montana
17.53 Skritin og skemmtileg dýr
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís
18.06 Lítil prinsessa
18.17 Halli og risaeðlufatan
18.30 Meistaradeild VÍS í hestaiþróttum
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

▶ 20.20 Frumstætt fólk (3:3) (The Curious Tribe) Breskur heimildamyndaflokkur. Á Papíu Nýju-Gíneu býr þjóðflokkur við aðstæður sem þættu frumstæðar á Vesturlöndum. Bláðamaðurinn Donal MacIntyre bauð fimm manns þaðan til Englands og kynnti fólkinu síð heimamanna.

21.15 Glæpahneigð (37:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvéit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið

22.45 Floksgæðingar (5:8)

23.40 Spaugstofan

00.05 Kastljós

00.45 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 Flightplan

08.00 Christmas Vacation 2

10.00 Bee Season

12.00 Just For Kicks

14.00 Christmas Vacation 2

16.00 Bee Season

18.00 Just For Kicks

▶ 20.00 Flightplan Hrollvekjandi spennu- mynd með Jodie Foster í aðalhlutverki.

22.00 I'll Sleep When I'm Dead

00.00 Superfire

02.00 Young Adam

04.00 I'll Sleep When I'm Dead



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

08.10 Oprah

08.50 Í fínu formi

09.05 The Bold and the Beautiful

09.25 Wings of Love (116:120)

10.10 Sisters (7:22) (e)

10.55 Joey (6:22)

11.20 Örlagadagurinn (15:30) (Jónína Bjartmarz)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Mannamál (17:40)

13.55 How to Deal

15.55 Barnatími Stöðvar 2 W.I.T.C.H., BeyBlade, Tracey McBean 2, Litlu Tommi og Jenni, Froskafjör. Leyfð öllum aldurshópum.

17.28 The Bold and the Beautiful

17.53 Nágrannar

18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.50 Ísland í dag og íþróttir

19.25 The Simpsons (5:22) (e)

19.50 Friends 4 (19:24)

▶ 20.15 American Idol (5:41) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörmunna en fram að þessu hafa sigurveggarar kepnninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynniinn Ryan Seacrest.

21.00 American Idol (6:41)

21.45 Broken Trail (1:2) (Köld slóð) Stórbrotin verðlaunamynd

23.15 Leaving Normal (Út fyrir rammann)

01.05 NCIS (20:24)

01.50 Most Haunted

02.40 Hustle (1:6)

03.35 How to Deal

05.15 The Simpsons (5:22) (e)

05.40 Fréttir og Ísland í dag

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SÝN besta sætið

07.00 Barcelona - Osasuna Spænski boltinn

16.40 Getafe - Espanyol Spænski boltinn

18.20 NFL deildin (New York Giants - New England Patriots)

20.50 Inside Sport (Inside Sport) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

21.20 King of Clubs (Ajax Amsterdam) Vandaður þáttur sem fjallar sögu helstu stórliða heims.

22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimil Guðjónssyni.

▶ 22.45 Utan vallar (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

23.25 Heimsmótaröðin í póker (World Series of Poker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspil- ar heimansins að spilaþróðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

SÝN2

07.00 Fulham - Aston Villa Útsending frá leik Fulham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Blackburn - Everton Útsending frá leik Blackburn og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

18.45 PL Classic Matches Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.

19.15 Reading - Bolton Útsending frá leik Reading og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 English Premier League

22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Liverpool - Sunderland Útsending frá leik Liverpool og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

16.15 Vörutorg

17.15 Dýravinir (e)

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

18.55 Giada's Everyday Italian (e)

19.20 30 Rock (e)

19.50 Jamie's Return to School Dinners

21.00 Bionic Woman - NÝTT Hróð og spennandi þáttaröð um hörkuvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jaime Sommers er ung kona sem lifir venjulegu lífi en á einu augabragði breytist allt líf hennar. Hún lendir í bílslysi og er vart hugað líf. Kærastinn er skurðlæknir sem vinnur að leynilegu verkefni sem enn er á tilraunastigi. Hann nær að bjarga lífi hennar með því að endurbýggja hana með vélrænum líkamshlutum. Nú býr hún yfir meiri krafti og hæfileikum en venjuleg manneskja og er í raun sérsmíðuð bardagavél. Aðalhlutverkið leikur Michelle Ryan.

▶ 22.00 C.S.I. New York (21:24) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagana hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Maður sem talinn er vera raðmorðingi er látinn laus eftir að Mac handtekur spillta löggætu sem átti þátt í að maðurinn var dæmdur. Fyrr en varir finnast ný fórnarlömb raðmorðingjans og Mac er staðráðinn í að góma hann aftur.

22.50 The Drew Carey Show

23.15 Dexter (e)

00.05 The Dead Zone (e)

00.55 NÁTTHRAFNAÐ

00.55 C.S.I. Miami

01.40 Less Than Perfect

02.15 The World's Wildest Police Videos

03.00 Vörutorg

04.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Straumhvörf – efling þjónustu við geðfatlaða

GEÐHEILSA – SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

Straumhvörf – efling þjónustu við geðfatlaða á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Samtök atvinnulífsins standa fyrir morgunverðarfundi þriðjudaginn 5. febrúar 2008 kl. 8.00–10.00 á Hilton Reykjavík Nordica. Markmiðið fundarins er að kynna félagsleg fyrirtæki og hvaða hag íslenskt samfélag gæti haft af rekstri þeirra. Málþinginu er einnig ætlað að vekja áhuga atvinnurekenda og almennings á þeim ónýttu mannauði sem býr í geðfötludum.

DAGSKRÁ

Léttur morgunverður í boði Straumhvarfa – eflingar þjónustu við geðfatlaða.

Straumhvörf í lífi geðfatlaðra.

Ásta R. Jóhannesdóttir, alþingismaður og formaður verkefnisstjórnar Straumhvarfa.

Viðskiptalífið og mannauður sem býr í geðfötludum.

Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr.

Tækifæri – sjónarmið notanda.

Nanna Þórisdóttir, starfsmaður AE starfsendurhæfingar.

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja – hagur allra.

Páll Ásgeir Davíðsson, sérfræðingur hjá Háskólanum í Reykjavík.

Umræður.

Samantekt.

Pétur Reimarsson, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins.

Fundarstjóri: Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.45
Broken Trail 1:2

Stórbrotin verðlaunamynd sem hlaut Emmy-verðlaunin 2007 í flokknum besta sjónvarpsmyndin. Hér er á ferðinni sögulegur og geysilega vel leikinn vestri sem hlaut alls fern Emmy-verðlaun ar á meðal fyrir frammistöðu stórleikaranna Roberts Duvall og Thomas Haydens Church. Myndin, sem er í tveimur hlutum, gerist árið 1898 og fjallar um tvo kúreka sem fá það óvenjulega verkefni að gæta fimm kínverskra kvenna sem óþrúttir byssubófar hafa í hyggju að ræna og hneppa í ánaud. Seinni hlutinn er á dagskrá annað kvöld.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Glæpahneigð

Sjónvarpið kl. 21.15

Glæpahneigð (Criminal Minds) er bandarísk þáttaröð sem fékk finar viðtökur þegar fyrsta sýrpan var sýnd í fyrirvetur og ný þáttaröð hefur nú hafið göngu sína. Í þáttunum segir frá sérsvæit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og hindra frekari illvirki þeirra.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregni	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.13 Stefnunót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Stjómukikir
12.02 Hádegisútlarp	21.20 Kvika
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Lestur Passíusálma
13.00 Vít og breitt	22.18 Afsprengi
14.03 Bak við stjórnurnar	23.10 Lárétt eða lóðrétt
15.03 Útlarpssagan: Stúlka með fingur	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (115:260)

16.30 Hollyoaks (116:260)

17.00 Totally Frank (19:26)

17.25 Falcon Beach

18.15 X-Files (8:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

19.00 Pressa (1:6)

19.45 Pressa (2:6)

20.30 Pressa (3:6)

21.15 Pressa (4:6)

22.05 Pressa (5:6)

22.50 Pressa (6:6)

23.45 Cold Case (3:23) (Köld slóð)

Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Lily Rush og félagar halda þar uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, sem safnað hafa ryki í skjálaskápuum lögreglunnar. Bönnuð börnum.

00.30 Prison Break (10:22) (Flóttinn mikli) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2.

01.15 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum. Hvaða myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjórnurnar í bíóhúsunum? Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

01.40 Johnny Zero (13:13)

02.25 Lovespring International (5:13)

02.50 Big Day (5:13)

03.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Stóllumar Ásdís, Ellý, Kolfinna og Elisabet koma tveiflar undan helginni með allt það nýjasta úr vetrarlífi íbúa eyjunnar bláu sem eru að takast á við skammdegið með afar misjöfnum árangri.

21.00 Gamli góði Villi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lætur ekki deigan síga þótt gefi á bátinn. Stjórnar klukkutímabætti um það sem honum er efst í huga og málin fyrir höfuðborgarbúa sem hann er að berjast fyrir, en margir sakna hans sárlega úr borgarstjórnunum.

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 21 Söndag 11.50 Aftenshowet 12.15 OBS 12.20 Guide til veirs 12.50 DR1 Dokumentaren - Ravsøstre 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste 15.30 Robotboy 15.45 Troldspejlet 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Svinget 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren Ryge - Manden og ørnen 19.00 Michael Palin i det nye Europa 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Efter Thomas 22.35 OBS 22.40 Seinfeld 23.05 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

NRK1

11.10 Kjempekrabbenes invasjon 11.40 Grosvold 12.20 Åpen himmel: Engler i advent 12.50 Med hjertet på rette staden 13.40 Urter 14.00 Newton 14.30 Erstatterne 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 KafiKaj og BenteBent 17.40 Distriksnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Berre ein gris 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriksnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Jane Eyre 21.30 Store studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsjef Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturytt

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.45 Karriär 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.25 Min förskola 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Hjärnkortet 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Föreställningar 20.30 Kobra 21.00 En pappas kamp 22.00 Rapport 22.10 Kulturyheterna 22.20 Babben & co 23.20 Vita huset 0.05 Sändningar från SVT24

LEIÐTOGAR VERÐA EKKI TIL FYRIR TILVILJUN

Master

RENAULT MASTER
VERÐ FRÁ KR. 3.160.000
VERÐ FRÁ KR. 2.538.152 ÁN VSK.
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 47.715
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 38.326 ÁN VSK.*

Trafic

RENAULT TRAFIC
VERÐ FRÁ KR. 2.520.000
VERÐ FRÁ KR. 2.024.096 ÁN VSK
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 38.052
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 30.563 ÁN VSK.*

Kangoo

RENAULT KANGOO
VERÐ FRÁ KR. 1.698.000
VERÐ FRÁ KR. 1.363.855 ÁN VSK
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 25.639
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 20.594 ÁN VSK.*

www.renault.is

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

www.atvinnubilar.is

RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

B&L ATVINNUBÍLAR

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS



Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er með tvo „greatest hits“ dísku í gangi núna, með Bob Dylan og Bachman Turner Overdrive. Það besta við köfunina er að maður er alveg út af fyrir sig og heyrir bara sinn eigin andardrátt. Síðasta lagið sem ég heyrir áður en ég fer í kaf rúllar þó alltaf með mér í kafinu.“

Tómas J. Knútsson kafari.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. viðlag 6. bardagi 8. að 9. gagn 11. hef leyfi 12. morðs 14. gapa 16. í röð 17. stígangi 18. ennþá 20. griskur bókstafur 21. velta.

LÓÐRÉTT

1. spotti 3. tveir eins 4. gufuskip 5. hamfletta 7. torskilinn 10. blekking 13. samstæða 15. heimsálfu 16. húðpoki 19. núna.

LAUSN

LÖBRET: 1. bænd, 3. tt, 4. eimskip, 5. flá, 7. tyrfinn, 10. tál, 13. par, 15. 18. enn, 20. pí, 21. snúla.
LÁRÉTT: 2. stef, 6. at, 8. til, 9. nyt, 11. ma, 12. dráps, 14. flaka, 16. hl, 17. ns.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Ásgeir Friðgeirs er gamall Poolari

„Sigur er alltaf sætur,“ segir Ásgeir Friðgeirs, talsmaður fjárfestingarfélagssins Novator og varaformaður í stjórn enska knattspyrnufélagsins West Ham. En liðið lagði stórlíð Liverpool á heimavelli sínum á miðvikudagskvöld með marki á síðustu sekúndu leiksins úr vítaspyrnu. Ásgeir var að sjálfsögðu mættur á Upton Park ásamt eiganda liðsins, Björgólfi Guðmundssyni, og sagði stemninguna hafa verið ótrúlega.

West Ham hefur gengið vel með stóru liðin það sem af er liðið vetri og gerði sér meðal annars lítið fyrir og vann Manchester United fyrr á tímabilinu. Og er liðið nú um miðja deild, í allt annarri stöðu en fyrir ári síðan þegar það barðist fyrir lífi sínu.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum varð mikil uppstokkun í stjórn knattspyrnufélagsins West Ham nýverið þegar Björgólfur Guðmundsson, eigandi liðsins, lét Eggert

Magnússon fara. Nánast ný stjórn var skipuð og settist Björgólfur meðal annars sjálfur í stjórnarformannssætið. Meðal annarra Íslendinga sem eiga sæti í stjórn liðsins eru þeir Þór Kristjánsson og Guðmundur Oddsson. Ásgeir sjálfur hefur hins vegar lítið viljað tjá sig við fjölmiðla um þessa stjórnarsetu sína hjá Lundúnarliðinu en hann var heldur glaður í bragði þegar Fréttablaðið náði tali af honum fyrir helgi.

Ásgeir viðurkennir reyndar að hjarta hans hafi ekki alltaf slegið með West Ham. Því áður en að stjórnarsetunni kom studdi hann nefnilega rauða herinn frá Bítlaborginni. Spurdur hvort að sigurinn hefði því ekki verið súrsætur í ljósi þess að hvorki hefur gengið né rekið hjá þessu sigursælasta liði Bretlands-eyja að undanförunu sagði Ásgeir að sigur væri bara alltaf sætur.

- fgg



STUDDI LIVERPOOL Ásgeir Friðgeirs er gamall stuðningsmaður Liverpool en hefur nú skipt um lið, enda stjórnarmaður hjá West Ham United.

HÖSKULDUR SÆMUNDSSON: ÞAGÐI YFIR LEYNDARMÁLINU Í HÁLFT ÁR

Morðingi Pressu á lausu

„Maður verður bara að lifa með þessum hræðilega glæp,“ segir hinn þrítugi leikari Höskuldur Sæmundsson. Í gærkvöldi var upplýst að persóna hans í Pressu, fjármálastjórinn Davíð Ólafsson, hefði drepið Grétar og væri í raun aðalmaðurinn á bak við allt hvarið hjá verktakafyrirtækinu VerkMati.

Höskuldur segir að þetta hálf ári sem liðið er síðan tókum á sjónvarpsþættinum lauk hafi verið erfitt. Enda þurfti hann að þegja yfir leyndarmálinu á meðan fjölskylda hans rýndi í þættina og reyndi að komast til botns í morðgátunni. „Reyndar komu bróðursynir mínir með þessa kenningu strax eftir þriðja þátt og fóru að kalla frænda sinn öllum illum nöfnum,“ segir Höskuldur sem vinnur þessa dagana hjá Landssambandi æskulýðsfélaga, eins kaldhæðnislega og það kann að hljóma.

Áhorfendur eiga væntanlega erfitt með að skilja hvornig þessi annars viðkunnalegi náungi getur verið svona miskunnarlaus. Hann reynir meira að segja að drepa sína gömlu skólasystur og fleira í þeim dúr. „Verk Davíðs byggjast á einhverri innri reiði og græðgi. Og svo sýður náttúrulega upp úr þegar hann kemst að því að Lára og samstarfsmaður hans Halldór eru farin að stinga saman nefjum enda hafði Davíð gert hosur sínar grænar fyrir henni,“ segir leikarinn.

Höskuldur skilur vel þá eftirvæntingu sem virðist ríkja meðal áhorfenda og minnst þess þegar hann mætti í samlestur með aðal-leikkonunni Söru Dögg Ásgeirs-



MORÐINGINN Höskuldur Sæmundsson segist eiga lítið sem ekkert sameiginlegt með Davíð Ólafssyni, morðingjanum í Pressu. Lokabátturinn var sýndur á Stöð 2 í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

dóttur og leikstjóranum Óskari Jónassyni. Hann hafði fengið handritið í hendurnar aðeins tveimur mínútum áður og eftir fimmta þátt bað Óskar hann um að fara heim og lesa allt yfir. „Ég var á leiðinni til útlanda og las í flugvélinni og í lest á leið um Þýskaland. Sem betur fer tók það mig smá tíma að þrjú mig í gegnum þetta því þegar þetta kom allt í ljósi stóð ég upp, mitt á meðal þýskra, og sagði að ég væri maðurinn. Ef þetta hefði gerst í flugvélinni hefðu allir farþegarnir um borð í flugvél Ícelandair vitað hver væri sá seki.“

Höskuldur lærði sín leiklistarfræði í Ameríku og kom heim árið 2004 eftir fimm ára dvöl. Spurdur um einkahagi sína segir Höskuldur að hann búi einn. „Ég hafði nú ekki leitt hugann að því að þetta hlutverk kynni að verða einhver þrándur í götu í maki-leitinni,“ svarar Höskuldur þegar hann er inntur eftir því hvort hlutverk Davíðs setji ekki strík í reikninginn. „Þetta var kannski ófyrirséð vandamál sem ég hafði ekki kveikt á en er það ekki annars þannig að konur vilja menn sem lifa á brúnni?“

freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og kemur fram hér til hlíðar reyndist morðinginn í Pressu þeirra **Sigurjóns Kjartanssonar** og **Óskars Jónssonar** vera fjármálastjórinn Davíð Ólafsson. Þetta virðist ekki hafa komið mörgum á óvart ef marka má skoðanakönnun sem framkvæmd var á vefsíðunni vísir.is því þar taldi rúmlega helmingur þeirra sem tóku þátt Davíð hafa

framið ódæðisverkið. Hins vegar kemur það kannski einna helst á óvart að áhorfið á Pressu virðist hafa slegið fremur ungt met Næturvaktarinnar sem sprendi nánast alla áhorfsskala hjá áhorfendum Stöðvar 2.



Og meira af uppdiktuðum sakamálum því um helgina var haldin árleg morðgátuhelgi á Hótel Búðum. Að þessu sinni voru það þeir **Ævar Örn Jóseppson** og **Davíð Þór Jónsson** sem settu morðgátuna saman en Ævar Örn er sem kunnugt er einn af höfundum sjónvarpsþáttaraðarinnar Pressu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins heppnaðist umrædd gáta svo vel að þeir Davíð og Örn báðu gestina vinsamlegast um að kjafta ekki frá lausu hennar því hún gæti vel verið notuð aftur, með smá útírnúningum þó, á næsta ári.

Meðal þeirra sem reyndu að klófesta morðingjann á Búðum voru **Jón Þór Sturluson**, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, og **Guðmundur Gunnarsson**, formaður Rafiðnaðarsambandsins. Sá síðastnefndi greindi frá dvöl sinni fyrir vestan á blogg síðu sinni og sagði meðal annars frá sérkennilegu reykerbergi í formi gamals Range Rover en þar gátu menn þúað saman reykt og reynt að finna út hver væri sá seki.

- fgg

Flateyjarbúar bíða Brúðgumans

„Við fengum náttúrulega boðsmíða, en þeir komu kannski helst til of seint þannig að við náðum ekki að gera viðeigandi ráðstafanir,“ segir Svanhildur Jónsdóttir, bóndi í Krákuvör í Flatey. Eyjan á Breiðafirði er á allra vörum um þessar mundir sökum mikillar aðsóknar á kvikmyndina Brúðgumann sem gerist að mestu leyti í Flatey. Svanhildur segist samt ætla að láta verða af því um miðjan febrúar að sjá herlegheitin. „Ætli við förum ekki og sjáum Ívanoff fyrst í Þjóðleikhúsinu og svo Brúðgumann, það er örugglega langskemmtilegast að gera þetta svona í einum rykk.“ Þótt hús Svanhildar komi ekkert við sögu í myndinni leikur gamli traktorinn hennar stórt hlutverk en persóna Þrastar Leó Gunnarssonar þeysist um eyjuna á honum. „Þeim fannst ókutækið eiginlega passa eins og flís við rass við hann Þröst,“ segir Svanhildur en tryllitækið á sér mikla sögu og hefur þjónað bænum frá nánast öröfi alda.

Hafsteinn Guðmundsson á bænum Flatey fékk hins vegar þann heiður að hýsa tvær af



HÝSTI ÓLAF DARRA OG ÓLAFÍU Hafsteinn Guðmundsson ætlar að sjá myndina ef hann á annað borð á erindi til Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



ÆTLAR AÐ FARA UM MIÐJAN FEBRÚAR Svanhildur Jónsdóttir segist ætla að fara til Reykjavíkur og sjá bæði leikritið Ívanoff og kvikmyndina Brúðgumann.

vissulega skella sér í bíó. Yfir veturinn, þegar ferðamannaíðnaðurinn liggur að mestu leyti niðri, sinnir Hafsteinn þeim átta tíu kindum sem hann er með og lagfærir hina og þessa hluti fyrir sumarið. „Það er alltaf hægt að hafa nóg að gera ef maður bara nennir,“ segir Hafsteinn.

- fgg

Nýjungar í Microsoft CRM 4.0 morgunverðarfundur

Opin kerfi halda morgunverðarfund um nýjungar í Microsoft CRM þriðjudaginn 5. febrúar á Grand Hótel í Reykjavík – 4. hæð.

Þar verða CRM notendum, bæði almennum notendum og kerfisstjórum sem aðlaga lausnina, kynntar helstu nýjungar.

08:30 - 09:00 Morgunmat

09:00 - 09:15 Opnunarerindi
Ámi Þór Jónsson, framkvæmdastjóri Microsoft lausna, Opnum kerfum.

09:15 - 09:40 Framtíðarþróun á Microsoft CRM
Björn Eilert, Microsoft Danmörku.

09:40 - 10:10 Hvað er nýtt fyrir CRM notendur?
Elin Gränz, ráðgjafi og verkefnastjóri, Opnum kerfum.

10:10 - 10:30 Hvað er nýtt í högun kerfisins?
Sigurður Helgi Sturlaugsson, ráðgjafi og verkefnastjóri, Opnum kerfum.

Skráning á morgunverðarfundinn er í gegnum vef Opinna kerfa, www.ok.is.

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • Fax 570 1001 • www.ok.is

Panasonic

GÆÐI Á BETRA VERÐI



Vreal

VIERA
LINK

HD
ready

- **V-Real Engine** tæknin tryggir bestu upplausn og bjartari og betri mynd
- **Advanced 3D Colour Management** og allir litir verða skýrari og skarpari en áður
- **Motion Pattern Noise Reduction** tryggir betri litaaðgreiningu við mikla hreyfingu
- **Real Black Drive** og þú færð meiri aðgreiningu í svartan lit
- **VIERA Link** og þú getur stýrt öllum Panasonic tækjum með einni fjarstýringu

Panasonic TH42PV7F

42" V-Real 2 PLASMA BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., V-Real Engine, Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 8.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó, V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 1 HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC, heyrnartóstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ ▶ **149.990**

FULLT VERÐ kr. 189.990



VIERA
LINK

Vreal

Panasonic TX26LE7F

26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartóstengi og textavarpi.



VIERA
LINK

Vreal

Panasonic TX32LE7F

32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartóstengi og textavarpi.



VIERA
LINK

100Hz
Motion Picture
Pro

Vreal²

Panasonic TX32LX70F

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartóstengi og textavarpi.



VIERA
LINK

Vreal²

Panasonic TX37LZD70F

37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnart., textavarpi ofl.

TILBOÐ ▶ **69.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990

TILBOÐ ▶ **79.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990

TILBOÐ ▶ **129.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990

TILBOÐ ▶ **189.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistækni, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kaupún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossmar, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusitalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Hagkaup, Njarðvík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Gardi.



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Að flytja flugvöll

Með nýjum og yfirveguðum borgarstjóra er í bili búð að skrúfa fyrir hina flóknu umræðu um hvert skuli flytja Reykjavíkurflugvöll – hvort fara skuli með flugvöllinn upp á heiðar eða út í sjó eins og ýmsir stórgáfadir menn hafa gert að tillögum sínum.

EKKERT er ómögulegt í nútímanum. Rúntað er með gömul hús milli borgarluta eins og ekkert sé í staðinn fyrir að rífa þau í eitt skipti fyrir öll. Slíka tilfinningasemi hefur hámenntaður arkitekt reyndar gert að umtalsefni og bendir á að gömul timburhús á Íslandi komi okkur Íslendingum ekki nokkurn skapaðan hlut við, því að flest þessara húsa séu upphaflega frá Noregi og þar af leiðandi sé það ekki okkar mál að varðveita þau. Sama gildir auðvitað um heilmikið af fornminjum sem eru úr erlendu hráefni, þannig að hægt væri að skera niður framlög til Þjóðminjasafnins um mikinn mæli ef öllu útlenda draslinu væri hent á öskuhauga sögunnar – að maður tali nú ekki um allt ruglið sem skrifað hefur verið eða prentað á innfluttan pappír gegnum tíðina.

AUÐVITAÐ er ekki hlaupið að því að flytja flugvelli fremur en álagabletti, ský, uppsprettulindir, jarðgöng, torfbæi eða fiskimið. Ef mann vantar flugvöll er ekki hægt að hafa samband við flugvallaforstölu og fá lítið notaðan flugvöll á góðu verði. Áður en fleiri fara sér að andlegum voða við að leita að flugvallarstöðum á Hólmsheiði eða í skerjagarði Reykjavíkur er rétt að rifja upp að fyrir utan Reykjavíkurflugvöll í miðbænum býr höfuðborgin við þau hlunnindi að hafa prýðilegan alþjóðaflugvöll í útjaðri sínum, nokkurra mínútna akstur frá álverinu sem tákna að maður sé kominn til höfuðborgar Íslands.

ÞESSI gleymdi fjársjóður heitir Keflavíkurflugvöllur og er svo fluttur að ef einhvern tímann verður ákveðið að leggja í tugmilljarðakostnað við að flytja flugvöll færri best á því að Keflavíkurflugvöllur verði fluttur til Reykjavíkur og Reykjavíkurflugvöllur til Keflavíkur og í milli-gjöf fái Reyknesingar borgarstjórn okkar hérna í Reykjavík og við fáum bæjarstjórn þeirra í staðinn. Þar með væri hringvitleysan fullkomin.

FORESTER

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

EINSTAKT TÆKIFÆRI

BJÓÐUM TAKMARKAÐ MAGN AF SUBARU FORESTER
MEÐ GLÆSILEGUM AUKAPAKKA

Subaru Forester



2.690.000 kr. beinskiptur
2.790.000 kr. sjálfskiptur

353.000 kr.
aukahlutapakki innifalinn:
Upphækkun, álfelgur, vetrar/
heilsársdekk og dráttarbeisli.



ENEMM / SIA / NN01868

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
4. febrúar, 35. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.01	13.41 17.23
Akureyri	9.57	13.26 16.56

Heimild: Almanak Háskólans



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförmum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum sínum. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkornasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Akureyri, Öseyri 5, 464 7940

Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON